

Fornleifaskráning í Eyjafirði XVI:

Fornleifar í innsta hluta Svarfaðardals (frá Göngustaðakoti) og í vestanverðum Skíðadal inn að Þverá



Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS143-99092
Reykjavík 2001

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. BYGGÐASAGA	3
3. FORNLEIFASKRÁ	10
EY-139 GÖNGUSTAÐIR	13
EY-140 GÖNGUSTAÐAKOT	17
EY-141 SANDÁ	21
EY-142 ÞORSTEINSSTAÐIR.....	24
EY-143 ATLASTAÐIR	30
EY-144 KOT	41
EY-145 SKEIÐ.....	48
EY-146 HÆRINGSSTAÐIR.....	55
EY-147 BÚRFELL	61
EY-148 MELAR.....	67
EY-149 TUNGUFELL	72
EY-150 DÆLI.....	83
EY-151 YTRI-MÁSTAÐIR.....	91
EY-152 SYÐRI MÁSTAÐIR.....	97
EY-153 ÞVERÁ.....	102
4. FORNLEIFAR OG BYGGÐ Í HÉRAÐI	108
BÆJARHÓLAR OG BÆJARSTÆÐI.....	109
ÚTIHÚS OG TÚNGARÐAR	110
TÚN OG GARÐAR.....	110
ENGJAR OG ÁVEITUR.....	111
VATNSBÓL.....	112
SVARÐARGRAFIR	112
KVÍAR, RÉTTIR OG STEKKIR	112
BEITARHÚS OG SEL	113
GERÐI.....	113
KUML OG KIRKJUGARÐAR.....	114
LEIÐIR	114
5. VERNDUN OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU	115
HEIMILDASKRÁ	118

Skrá yfir Kort

Kort 1: Landamerki á skráningarsvæðinu.....	6
Kort 2: Fornleifakort Göngustaðir, Göngustaðakot, Sandá og Þorsteinsstaðir.....	12
Kort 3: Fornleifakort Atlastaðir og Kot.....	29
Kort 4: Fornleifakort Skeið, Hæringsstaðir og Kot.....	47
Kort 5: Fornleifakort Melar, Tungufell og Dæli.....	66
Kort 6: Fornleifakort Ytri-Mástaðir, Syðri-Mástaðir og Þverá.....	90

1. Inngangur

Sumarið 2000 var hafist handa við annan áfanga aðalskráningar fornleifa í Dalvíkurbyggð. Alls voru skráðar 325 fornleifar á 15 jörðum og hafa því samtals verið skráðar 923 fornleifar á 53 jörðum. Áætlað er að halda þriðja verkáfangi áfram sumarið 2001 en samtals eru skráningaráfangarnir 5 og líkur skráningu sumarið 2003.

Skráningarsvæðið sumarið 2000 náði frá Göngustöðum (Göngustaðakoti) inn í botn Svarfaðardals austan megin og aftur út með dalnum austanverðum, meðfram að Stólnum og inn Skíðadal vestanverðan, að Þverá.

Efnisskipan í þessari skýrslu er hin sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.¹ Fyrst er yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (2. kafli). Í 3. kafla er svo birt skrá yfir þær fornleifar sem kannaðar voru sumarið 2000. Minjastaðir eru flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hvernjar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttum sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minja og aðstæðum, og birtar lýsingar og teikningar af tóftunum þar sem við á. Í skránni eru einnig minjakort sem sýna dreifingu minjastaða. Í 4. kafla eru samantekt um helstu minjaflokka og einkenni byggðar á skráningarsvæðinu. Í 5. kafla eru settar fram tillögur um verndun og kynningu einstakra staða og fjallað um nauðsynlegar aðgerðir í þá átt.

Hafist var handa við skráninguna í maílok árið 2000 og var unnið að henni, með hléum, allt til ágústloka. Orri Vésteinsson sá um heimildavinnu en Elín Ósk Hreiðarsdóttir um vettvangsvinnu. Sölvi Björn Sigurðsson aðstoðaði við vettvangsvinnu en um úrvinnslu gagna og skýrslugerð sá Elín. Vilja skráningarmenn sérstaklega þakka heimildamönnum sínum fyrir ómetanlega aðstoð og hjálpsemi í hvívetna.

2. Byggðasaga

Eins og fjallað var um í kafla um byggðasögu ytri og nyrðri hluta Svarfaðardals sem skráður var sumarið 1999 eru sagnir Landnámbókar um landnám í Svarfaðardal heldur

¹ Sbr. Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I*, Fornleifastofnun Íslands og Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994.


óljósar og um sumt misvísandi. Á þeim er lítið sem ekkert að græða um hugmyndir miðaldamanna um landnám fremst í Svarfaðardal eða í Skíðadal. Sennilegt má telja að til hafi verið sagnir um sjálfstætt landnám á Urðum þó þær hafi ekki fengið pláss í Landnámabók. Í Svarfdæla sögu er getið um Böðvar á Urðum son Eyjólfss breiðhöfða sem Urðamenn séu frá komnir (ÍF IX, 208) en í frásögn Landnámabókar af landnámi í Ólafsfirði er getið um Þorvarð á Urðum sem var tengdafaðir Gunnólfs landnámsmanns í Ólafsfirði (ÍF I, 246, 247). Þessir menn báðir hljóta að tilheyra fyrstu kynslóð landnámsmanna og verður að telja líklegt að annarhvor eða báðir hafi átt sinn sess í arfsögn Urðamanna um sjálfstætt landnám fremst í Svarfaðardal. Svipað er upp á teningnum í Skíðadal. Í Landnámabók er getið Skíða í Skíðadal en Arnbjörg systir hans var kona Þormóðs ramma landnámsmanns í Siglufirði (ÍF I, 246, 247). Í Svarfdæla sögu er Skíði talinn þræll og látinn þiggja Skíðadal allan af Leiðólfi á Völlum og bústaður hans kallaður Möðruvellir en bær með því nafni er ekki þekktur í dalnum (ÍF IX, 162-63, 186-87). Þessi brot virðast einnig benda á þá átt að til hafi verið arfsagnir um sjálfstætt landnám í Skíðadal sem hafi síðan fallið í skuggann af sögnum um landnám frægari manna utar í Svarfaðardal.

Í fyrri greinargerð um byggðasögu voru færð að því rök að í ytri og nyrðri hluta Svarfaðardals hefðu verið tveir landnámskjarnar, einn við Brimnesá og annar hjá Grund og Bakka. Þriðji kjarninn hefði svo verið á Urðum en sá væri sennilega ívið yngri enda hefði verið meiri skógur framan við Þverá en utar í dalnum og land þar ekki jafnauðvelt til byggðar fyrst í stað. Sama hefur gilt í Skíðadal og eru raunar sagnir um mjög þykkann skóg í Skíðadal í Svarfdæla sögu þar sem segir frá því að “Mork var svá þykk upp frá Tungunni, at aldri var rjóðr í” (ÍF X, 186-87). Slíkt land hefur verið erfiðara að byggja en engjaflæmin meðfram Svarfaðardalsá og má ætla að það hafi ekki gerst fyrr en eftir að byggð var orðin föst í sessi á hinum opnari svæðum og þá sennilega með öðrum hætti. Til marks um það má benda á að í framanverðum Svarfaðardal og í Skíðadal standa bæirnir allir með löngu og alljöfnu millibili, yfirleitt um 1 km eða meir, en utar er byggðin mun þéttari og sumstaðar má þar tala um þéttbýli. Hin strjála en reglulega bæjaröð bendir annarsvegar til að landgæði hafi verið minni og hvert bú því þurft meira rými og hinsvegar til þess að um skipulega byggð gæti verið að ræða. Ef Urðir eru landnámskjarninn í framanverðum Svarfaðardal (þ.e. framan við Þverá) þá verður að telja

sennilegt að þeir sem þar réðu fyrir búi hafi getað haft áhrif á hvar önnur býli voru sett niður í dalnum með beinum eða óbeinum hætti. Það má ímynda sér að Urðabóndinn hafi kastað eign sinni á dalinn allan fyrir framan Þverá og Stól og síðan úthlutað mönnum landskikum að geðþótta sínum. Hugsanlega má hafa svokallaðan Teig milli Mela og Búrfells til marks um það. Það er afmörkuð landspilda sunnan við Svarfaðardalsá sem tilheyrir Urðum og gæti hafa gert það frá öndverðu. Sé svo hefur Urðabóndinn kannski geymt að úthluta þeirri ræmu eða að búskapur þar (sem ýjað er að í Svarfdæla sögu – ÍF X, 164) hefur ekki náð að festast í sessi og landið lagst aftur undir Urðir. Hitt má líka ímynda sér að Urðamenn hafi ekki haft jafnbein völd yfir landinu en hafi í krafti þess að þeir voru fyrstir á svæðinu getað ráðlagt mönnum og hlutast til um hvar þeir settu sig niður. Í það minnsta hefur enginn náð að reisa jafnstórt eða stærra bú en Urðir – allar jarðirnar í þessum hluta Svarfaðardals eru litlar á norðlenskan mælikvarða, 20-30 hundruð. Engin kuml hafa fundist í þessum hluta dalsins – öfugt við ytri hluta Svarfaðardals sem er eitt af kumlaríkustu svæðum landsins og mætti nota það sem rök fyrir að fremsti hlutinn sé síðar byggður en sá ytri, þó ólíklegt verði að teljast að svo langt hafi liðið að hann hafi ekki verið numinn fyrr en í kristni. Á það má einnig benda að austast í Teigi þeim sem tilheyrir Urðum er dys, sem allajafna er kennd við Jón Rögnvaldsson sem brenndur var á Melaeyrum 1625, en 1907 var grafið í hann og kom þá m.a. annars upp hnífur. Það gæti bent til að um kuml væri að ræða enda er dysin hin myndarlegasta. Niðri við Svarfaðardalsá, í landi sem áður tilheyrði Klaufabrekkum en nú liggur undir Göngustaðakot, gróf Kristján Eldjárn upp skála með víkingaaldarlagi árið 1940. Nánari tímasetning er ekki möguleg á þessum skála og hann gæti þess vegna verið frá 11. öld en freistandi er að álykta sem svo að hann sé dæmi um frumbýlingsbyggð manna sem tóku sér bólfestu að ráði Urðabónnda frammi á dalnum og urðu að byggja fyrst í rjóðri á árbakkanum áður en þeir höfðu rutt skóginn ofanvið og gátu flutt byggð sína þangað. Það er einnig til marks um að byggðin í fremri hluta Svarfaðardals sé skipulögð að þar virðast ekki hafa verið kirkjur eða bænhús nema á höfuðbólínu Urðum og svo Skeiði. Skeið var hvorki stórbýli né sveitarmiðstöð og sennilega hefur bænhúsið þar

Kort 1

Landamerki á skráningarsvæðinu



fremur verið í flokki vegakapella en að það sé til marks um efnahagslegt mikilsvægi Skeiðs. Skeið virðist hafa verið fremsti bær í Svarfaðardal sunnanmegin allt fram á 17. öld og ef dæma má af hrakfara sögu Guðmundar Arasonar á Heljardalsheiði 1194 þá hefur leiðin á heiðina legið um hlað á Skeiði. Algengt var að á slíkum jörðum væru kapellur og voru þær oft ekki heima við bæinn heldur við þjóðleiðina – það gæti komið heim við að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er sagt að lítil girðing með tóftaleif í miðju sé “fyrir utan sjálfan bæinn.” (JÁM X, 71).

Eins og í fremri hluta Svarfaðardals er bæjaröðin strjál og regluleg í Skíðadal. Þar er þó greinilegt að þungamiðja byggðarinnar hefur verið á Mástöðum. Sú jörð var 60 hundruð að fornu mati og langstærst af jörðunum í Skíðadal. Næst er nágrannajörðin Dæli en hún var metin á 40 hundruð. Kirkjur voru á báðum þessum bæjum og einnig voru bænhús á Tungufelli og á Þverá, en þar fyrir utan var Hnjúkur eini bærinn í Skíðadal með bænhús. Svæðið milli Tungufells og Þverár í Skíðadal virðist því skera sig úr að þessu leyti, bæði frá fremri hluta Svarfaðardals og öðrum hlutum Skíðadals. Eina kumlið sem fundist hefur í Skíðadal er í Dæli, skammt utan við túnið þar. Í jarðabók Árna og Páls er getið um eyðibýlið Skíðastaði í landi Másstaða og er talið að það hafi verið nálægt merkjum við Dæli, en það er einn af fáum stöðum í Skíðadal þar sem einnig mætti kalla Möðruvelli. Hefur þess verið getið til að Skíðastaðir jarðabókarinnar séu sama býli og Möðruvellir Svarfdæla sögu og væri það þá kannski sambærilegt bæjarstaði við Klaufanes – reist á árbakka áður en rutt var fyrir betri bæjarstaðum í brekkurótum. Allt þetta má hafa til marks um að í ysta hluta Skíðadals vestanmegin sé elstu byggðar í dalnum að leita og að þar hafi risið lítið höfuðból á Mástöðum – sem hugsanlega er þá arftaki Skíðastaða/Möðruvalla. Af sóknamörkum að dæma hefur þessi mögulegi höfðingi Skíðdæla þó ekki náð að koma undir sig og ætt sína fótunum og kannski var vestari hluti dalsins ekki numinn að hans ráði heldur höfðingjans á Völlum. Í það minnsta áttu allir bærir sunnan og austan við Másstaði sókn til Valla á miðöldum og virðist það benda til sterkra áhrifa þaðan frá öndverðu. Hálfkirkja var á Mástöðum og er ekki vitað til þess að þar hafi prestur nokkurn tíma haft fasta viðveru – en það er forsenda þess að aðrir bærir hafi átt sókn til kirkjunnar þar – en heimildir um slíkt eru að vísu ekki á lausu á 12. og 13. öld. Einhverjir sjálfstæðistilburðir hafa enn verið í Másstaðamönnum á 15. öld því að 1454 varð Gottskálk Hólabiskup að úrskurða að samkvæmt landslögum mættu ekki aðrir

en bóndi og húsfreyja og skuldalið þeirra borga ljóstoll til hálfkirkjunnar en aðrir yrðu að borga tollinn til sóknarkirkjunnar á Urðum (DI V, 124-25). Þetta virðist benda til að Másstaðabóndinn hafi verið að innheimta ljóstoll af einhverjum öðrum en sjálfum sér, fjölskyldu sinni og vinnuhjúum. Vandí er að sjá um hverja aðra en nágranna Másstaðabóndans gæti verið að ræða og má vera að þarna hafi verið á ferð gamall siður frá því að Másstaðakirkja hafði eigin sókn. Sú sókn hefur þá fallið undir Urðakirkju og hugsanlega Vallakirkju líka og það hefur gerst fyrir byrjun 14. aldar því frá þeim tíma eru varðveittir máldagar allra sóknarkirkna í Svarfaðardal og voru Másstaðir ekki á meðal þeirra.

Í Svarfdæla sögu er minnst á bæina Mela, Hæringsstaði og Búrfell og í Laxdælu og Prestssögu Guðmundar er getið um Skeið. Einnig er í Svarfdæla sögu getið um Tungugerði og menn sem sagðir eru búa í Teigsfjalli. Þessar heimildir gera svosem ekki annað en að staðfesta að byggð hafi verið komin á öllum þessum bæjum á 12. og 13. öld en í raun er engin ástæða til að efast um að allir þessir bæir og þar að auki Þverá, Másstaðir, Dæli, Sandá og Göngustaðir séu forn býli sem reist hafi verið þegar á 10. öld. Sárálitlar vísbendingar eru um sveiflur í byggð á þessu svæði á seinni hluta miðalda. Sennilega hafa margir bæir lagst í eyði í kjölfar plágunnar miklu 1402-04, og 1447 voru Atlastaðir og Sandá enn í eyði en býli eins og Skeið og Þverá komin í góða byggð. 1560 er Tungufell selt með Litla Tungufelli sem sýnilega hefur verið hjáleiga en hennar er hvorki fyrr né síðar getið. Sennilega hefur verið búið öðru hvoru á öðrum hvorum eða báðum Tungukotunum en ekkert bendir til að búseta þar hafi orðið langæ. Mestu breytingarnar á byggð á skráningarsvæðinu verða á fyrri hluta 17. aldar. Þá er stofnað nýbýlið Nýibær sem seinna kallaðist Göngustaðakot (um 1630) og heldur síðar nýbýlið Þorsteinsstaðir úr landareign Sandár (um 1660-80). Þorsteinsstaðir voru sagðir byggðir á fornu eyðibóli en aldrei hafði búið verið áður þar sem Göngustaðakot var stofnað. Atlastaðir og Kot virðast einnig vera nýbýli, sennilega ívið eldri en Göngustaðakot. Atlastaðir og Sandá voru meðal Möðruvallaklausturjarða 1447, þá báðar í eyði, en Sandá var komin í byggð aftur 1525. Þá er Atlastaða hinsvegar í engu getið og hefur sennilega þótt örvænt að býlið mætti byggjast á ný og landið lagt undir Sandá. Hólastóll eignaðist svo Sandá fyrir 1550 og er það til marks um að land Atlastaða hafi fylgt með í þeim eignaskiptum að Atlastaðir eru seinna taldir Hólastólsjörð. Hún hefur byggst á ný eftir

1570 en sennilega fyrir 1600 því í jarðabók Árna og Páls er jörðin talin sem hvert annað fornt lögbýli. Saga Kots virðist svipuð. Að vísu eru engar vísbendingar um að þar hafi verið búið á miðöldum og er bæjarins hvergi getið fyrr en á 17. öld, en miðað við landgæði og landrými verður að teljast ólíklegt annað en að þar hafi verið búskapur a.m.k. um skamma hríð einhvern tíma á miðöldum. Allmiklar tóftir sem vitna um búskap er einnig að finna á Vífilstöðum sem eru langt fyrir innan Kot og þar hefur ekki verið búið á seinni öldum svo vitað sé, þannig að ætla má að á einhverjum góðæriskafla á miðöldum hafi verið búið á þessum stöðum báðum. Af frásögn um hrakning Guðmund Arasonar á Heljardalsheiði 1194 virðist sem Skeið sé næsti bær heiðinni, en þó er það ekki ótvírætt því að þar er einnig getið um annan – ónefndan – bæ sem sé næst heiðinni. Það gæti auðvitað verið Atlastaðir eða Sandá en Kot og Vífilstaðir koma einnig til greina þannig að þetta er ekki ótvíræðar vísbending. Kot tilheyrði Möðruvallaklaustri eins og Skeið á 17. öld, en Kots er hvergi getið í jarðatölum klaustursins frá miðöldum – og útilokað er að klaustrið hafi eignast jörðina eftir siðaskipti – þannig að telja verður ótvírætt að Kot sé nýbýli frá svipuðum tíma og Atlastaðir, þ.e. frá tímabilinu 1570-1600, sem hugsanlega hefur verið reist á fornum bæjarrústum.

Athyglisvert er að á 15. öld átti Möðruvallaklaustur allan botn Svarfaðardals og gæti það bent til þess að klaustrið hafi lagt áherslu á að eignast afréttarlönd. Seinna eignaðist Hólakirkja þó Sandá með Atlastöðum og mögulegt er að stóllinn hafi alltaf átt Vífilsfjall fyrir framan Kot þó ekki séu fornar heimildir um það.

Þegar komið var fram á fyrri hluta 16. aldar voru nær allar jarðir á skráningarsvæðinu í kirkjueign. Urðakirkja átti Teigsfjall frá fornu fari og eignaðist Mela og Göngustaði 1477 en eftir að Hólastóll náði Urðum undir sitt vald þá voru seinni jarðirnar tvær taldar til Hólajarða. Hólar virðast einnig hafa átt Búrfell og Hæringsstaði frá fornu fari en eignuðust Dæli og Sandá á fyrri hluta 16. aldar. Þverá og Skeið voru Möðruvallaklausturjarðir á 15. öld og síðar og eru þá aðeins eftir Másstaðir og Tungufell en þær voru yfirleitt í bændaeigu þó Jón Arason Hólabiskup hafi náð þeim báðum um skeið á fyrri hluta 16. aldar.

Fyrir utan Vífilstaði eru engar tóftir á skráningarsvæðinu sem bæta við þá mynd sem fá má af ritheimildum um þróun byggðar. Af henni að dæma hefur föst skipan snemma komist á byggðina á skráningarsvæðinu og hún haldist mjög stöðug nema í botni

Svarfaðardals þar sem gæti hafa verið byggð á miðöldum sem síðan lagðist af um langt skeið en var tekin upp aftur um 1600. Í kjölfarið byggðust upp tvö nýbýli á 17. öld en aðrar breytingar hafa ekki orðið á byggðinni fyrr en á 20. öld. Til undantekningar heyrir að Músstaðir skiptust upp í tvö býli í kjölfar skriðu sem féll á bæinn um 1650 en aurskriður og snjóflóð hafa mjög sett mark sitt á byggðina á svæðinu á seinni öldum og án efa dregið úr búsæld frá því sem var í öndverðu.

3. Fornleifaskrá

Hér að neðan er birt skrá um þær 325 fornleifar sem skráðar voru sumarið 2000. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.


Hverjum minjastað er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-140:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir skiptingu jarðarinnar, sléttun túna og þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða er þar enn að finna.

Af 325 stöðum sem skráðir voru, eru 294 eiginleg mannvirki en af hinum má nefna götur (5), þjóðsagnastaði (3), álagablettir og loks örnefni sem benda til fornminja þar sem engin mannvirki fundust þó við leit (22). Af þeim 294 stöðum þar sem mannvirki eru eða hafa verið eru 139 enn óskemmd en á 155 stöðum eru mannvirkjaleifar ekki lengur sýnilegar. Í langflestum tilfellum hafa tóftir horfið vegna túnasléttunar en einnig hafa nokkrar horfið undir byggingar og vegi. Ástand þeirra 139 minjastaða þar sem tóftir sjást enn, er yfirleitt ágætt. 3 gömul torfhús standa enn undir þaki á skráningarsvæðinu, á 91 stað standa hleðslur enn nokkuð heillegar, í 31 tilfelli eru hleðslur signar og á 11 stöðum eru þær útflattar og ógreinilegar.


Á vettvangi var gert hættumat fyrir hvern minjastað. Á flestum stöðum var hægt að meta hættu og reyndist 91 staður í engri hættu en 224 töldust í hættu eða mikilli hættu vegna nálægðar við staði þar sem framkvæmdir af ýmsu tagi eiga sér stað. Flestir þeirra staða sem voru í einhverri hættu töldust í takmarkaðri hættu vegna almenns rasks og framkvæmda sem fylgja búskap, en 9 staðir voru í sérstaklega mikilli hættu vegna vatnsaga, skriðufalla og vega.

Flestar minjanna sem skráðar voru tengjast landbúnaði og eru útihús (61) langstærsti flokkurinn. Auk þessa voru skráð sérstaklega 25 fjárhús (að auki 5 lambhús), 13 hesthús, 10 fjós, 15 kálgarðar og 8 túngarðar. Einnig voru skráðir 23 stekkir, 11 kvíar, 5 réttir, 12 sel og 1 beitarhús. Þá hefur móttak verið á 16 stöðum og torfrista á 5. Nánari grein verður gerð fyrir hverjum minjaflokki í kafla 4.

Kort 2 Fornleifakort - Gögustaðir, Gögustaðakot, Sandá og Þorsteinsstaðir



EY-139 Göngustaðir



20 hdr. 1712. Urðakirkjueign frá um 1500. Einnig Köngustaðir.

25.4.1477 gerði Arnfinnur bóndi á Urðum reikningsskap fyrir kirkju sinni og lagði til hennar "mela oc kaungustade firir fim hundrut oc sextigi." DI V, 2. Í Testamenti Gottskálks eru Köngustaðir ".xxc. vj kugilldi. landskyllid.c." taldir meðal jarða sem komist höfðu undir Hólastól í hans tíð - DI VIII, 729. **25.12.1550** eru köngustaðir meðal Hólastólsjarða ".vj. kugillde. landskyllid .ij. c." - DI XI, 867. "Med Kaungustodum landsk. .ij. ær .x. aurar med tiundum, kug. .v." - DI XV, 227.

1570: "Med Kaungustodum .v. kug." - DI XV, 459. Auk Göngustaðakots sem byggðist um 1640 var Göngustaðagerði í byggð á seinni hluta 18. aldar.

1525 eru Köngustaðir taldir meðal Hólakirkjujarða - DI IX, 301.

1839: "[Göngustaðadalur er] nokkuð grösugri með lynghólum og finnugs-graskinum, líka í bland með holtum og leirflögum, einkum framarlega. Þegar kemur upp af fjallabrekkunum, sem mynda dalinn að norðanverðu, tekur til heiði með víðlendum mýrum nærst fyrir utan dalinn, fyrir norðan hverjar að eru mosaholt, ... fyrir austan mýrar þessar eru fjallbrekkur nokkurn veginn grösugar nær ofan undir bæi, en fyrir neðan bæinn liggur mýrlent engi." SSE, 80;

1917: 4.2 ha. 2/3 slétt. Garðar 900 m².

1990: "Túnin liggja beggja megin meðfram þjóðveginum." BE 1990, 186

EY-139:001 *Göngustaðir* bæjarhóll bústaður 65°51.750N 18°47.467V

Gamli bærinn á Göngustöðum er löngu horfinn en var á svipuðum stað og íbúðarhúsið Göngustöðum stendur nú. Það er á lítilli hæð og var byggt um miðja 20. öld. Ekki er kjallari undir húsinu og því getur vel verið að eldri mannvistarleifar séu óhreyfðar undir byggingunni. Steinsteipt íbúðarhús stendur nú þar sem bær úr torfi og grjóti stóð áður.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-139:002 heimild um útihús 65°51.753N 18°47.433V

15 m utan við gamla bæinn (001) var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin merki þessa útihúss eru nú greinileg en þar sem það hefur verið er hlað við íbúðarhúsið á Göngustöðum.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-139:003 fjárhústóft


65°51.763N 18°47.512V

Um 45 m norðvestan (ofan og innan) við gamla bæinn (001) má enn sjá tóftir fjárhúsa sem merkt eru inn á túnakort frá 1917. Fjárhústóftirnar eru 10-15 m norðaustan við stóran rafmagnslínustaur og tæpa 80 m suðvestan við tóft 005 sem enn er greinileg. Tóftirnar eru í hæðóttu túni en umhverfis hefur verið sléttað.

Fjárhúsin skiptast í 3 hólf. Tvö hólfanna snúa fram (norður-suður) og fyrir þeim hefur verið timburþil. Í vestara hólfinu virðist hafa verið garði eftir endilöngu. Þriðja hólfíð snýr austurs-vestur (inn-út) og er aftan við hin hólfín tvö. Grjóthleðslur eru greinilegar í tóftinni en hún er þó algerlega hrunin að austan. Tóftin er 12 X 14 m að stærð og er mest 0,6 m að hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-139:004 heimild um útihús

65°51.775N 18°47.527V

Tæpa 20 m norðan (ofan) við 003 og örlítið utar var áður útihús þar sem nú er sléttaður höll í túni. Í kring er hæðótt en sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


EY-139:005 útihústóft

65°51.755N 18°47.430V

Um 80 m austan (utan) við 004 og beint ofan við hlaðið, vestan við fjósið sjást tóftir 005 enn. Um 10 m austan (utan) við tóftina rennur lítil lækjarspræna. Tóftin er í aflíðandi, sléttuðu túni. Hún er fremur einföld og er tvískipt. Svo virðist sem timburgafl hafi verið fyrir suðurhlið hennar því engar leifar torfveggja sjást þar nú. Ekki er op milli hólfanna. Tóftin er 12 X 8 m að stærð og mest 0,7 m á hæð. Partur af austurvegg tóftarinnar er alveg útflattur. Grjóthleðslur sjást í veggnum milli hólfanna

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-139:006 heimild um útihús

65°51.821N 18°47.291V

125 m austan (utan) við 005 var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin merki þess eru nú greinanleg. Það var svotil beint upp af rafmagnslínustaur sem er innan við fjósið og um 40 m neðan við Sveitarlang sem liggur víða um sveitina (sjá skráningu 1999). Þar sem útihúsið hefur verið er nú þýft tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-139:007 Torfhóll örnefni rista

65°51.684N 18°46.736V

"Utarlega á [Göngustaðamýrum] er Torfhóll ... skammt sunnan við merkin. Beint niður þaðan er Kelduhvammur." segir í örnefnalýsingu. Torfhóll er um 570 m utan og neðan við Göngustaðabæinn (001). Hóllinn er 200 m suðaustan við Göngustaðagerði og er hann eini hóllinn sunnan við veginn á þessum stað. Hóllinn er um 10 m neðan við þjóðveg. Torfhóll er að auki eini óræktaði bletturinn fast neðan við þjóðveginn. Allt umhverfis hóllinn eru ræktað tún og engin ummerki um torfristu eru því greinileg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 312

EY-139:008 *Fjóshóll* örnefni fjós 65°51.949N 18°47.390V

"Norðan við Bæjarlæk er Fjóshóllinn, ..." segir í örnefnalýsingu. Þar sem útihúsamstæða Göngustaða stendur nú var Fjóshóll áður. Hólnum var rutt út þegar samstæðan var steipt. Fjóshóll var beint austan (utan) við 002 og getur verið að það hafi verið fjós og hóllinn kenndur við það. Um það er þó ekki hægt að fullyrða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 312

EY-139:009 *Þórðartóft* tóft 65°51.759N 18°47.314V

"Norðan við Bæjarlæk er Fjóshóllinn, því næst Skriðulækur og utan við hann er Þórðartóft, gamlar húsarústir." segir í örnefnalýsingu. Þórðartóft var innan við hlöðuna sem nú stendur á Göngustöðum, beint vestur (inn) af íbúðarhúsinu. Á þeim stað er nú sléttað svæði og ekki nákvæmlega vitað hvað tóftirnar voru.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 312

EY-139:010 *Háatóft* örnefni 65°51.750N 18°47.259V

"Norður af Lambalækjarnefi er hóll, sem kallaður er Háatóft." segir í örnefnalýsingu. Háatóft hefur vísast verið norðaustan (utar og ofar) við Þórðartóft 009. Hún hefur verið á svipuðum slóðum og 006 og er jafnvel hugsanlegt að um sama stað sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 312

EY-139:011 *Göngustaðagerði* útihústóft 65°46.913N 18°46.913V

"Mitt á milli Göngustaða og Göngustaðakotsbæjar voru fyrrum fjárhús, þar sem heitir Göngustaðagerði, og sjást þar enn tóftabrotin." segir í örnefnalýsingu. Göngustaðagerði stóð á myndarlegum hól sem snýr NV-SA efst í ræktuðu túni. Tóftirnar eru nú alveg horfnar því yfir þær hefur verið sléttað en hóllinn sem þær voru á er enn mjög auðþekkjjanlegur. Hann er mitt á milli íbúðarhússins á Göngustöðum og merkja við Göngustaðakot þ.e. 400-450 m utan við íbúðarhúsið á Göngustöðum. Hóllinn er 80-100 m ofan við veg. 5-10 m ofan við hóllinn er skurður. Hóllinn er sléttaður og allt umhverfis eru sléttuð tún. Hann er 60-70 m að lengd en 15-20 m að breidd. Í Göngustaðagerði mun hafa verið búið um skeið á seinni hluta 18. aldar - BE 1990, 186


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 312

EY-139:012 *Stekkjjarhóll* stekkjartóft 65°51.941N 18°47.567V



stekkjartóft – horft til austurs



"Beint upp af bænum er Stekkjarhóll og við merkin utan við hóllinn klettahausar, sem heita Einhamrar .."

segir í örnefnalýsingu. Stekkjarhóll er langstærsti melhóllinn í hliðinni, 350-370 m ofan við Göngustaði. 50-60 m innan við hóllinn rennur lækur og á þessum stað er lítill foss í honum. Milli hólsins og lækjarins er lítil en grösug dæld og í henni er stekkurinn.

Stekkjartóftin skiptist í 2 hólf og snýr austur-vestur (út-inn). Op er á austurvegg hennar. Miklar grjóthleðslur sjást í tóftinni sem er mest um 60 sm á hæð. Tóftin er 14 X 6 m að stærð.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Svarf, 312

EY-139:013 *Selnef* seltóft

65°52.226N 18°48.356V

"Rétt framan við [Guludý] gengur Selnef fram í [Sandá]." segir í örnefnalýsingu. "Selhóll, eru þar allglögg einkenni. Má vel sjá að húsinu hefir verið skipt í 3 hólf." segir í Fornleifaskrá Þórarins Valdimarssonar. Seltóftirnar eru á Göngustaðadal. Þær eru í um 1,1 km fjarlægð bænum (001). Þær eru hátt ofan við Sandá, á



svolitlum grasbala sem er þar á milli þverhnipts gils upp frá ánni og klettabeltis ofar í fjallinu. Tóftirnar eru í þýfðum grasbala nálægt brún balans.

Seltóftirnar eru mjög vel grónar og signar. Þær sjást ekki greinilega úr mikilli fjarlægð. Tvær tóftir eru á þessum stað. Sú stærri snýr norður-suður (a) en hin norðaustur-suðvestur (b). Stærri tóftin (a) er sérstaklega gróin og ógreinileg. Þó má greina útlínur hennar og stærð og hefur hún verið um 14 m að lengd en 6 m á breidd. Tvö op virðast hafa verið á þessari tóft, bæði á austurhlið. Tóftin hefur verið þrískipt. 2 m sunnan við stærri tóftina (a) er sú minni (b). Hún er 8 X 3,5 m að stærð og er austurveggur hennar ógreinilegur en þar virðist opið hafa verið. Suðurveggur þessarar tóftar nemur alveg við brún



seltóftir – horft til vesturs

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Svarf, 312; Fornleifaskrá Þórarins Valdimarssonar 7.6. 1985 nr. 1

EY-139:014 *Sandskarð* heimild um leið

65°52.242N 18°48.352V

"Úr botni [Sandárdals] liggur vegur til Fljóta, kölluð Sandskórð." segir í sóknarlýsingu frá 1839. "Upp úr Göngustaðadal liggur gamall fjallvegur um Sandskarð yfir í Hvarfsdal sem liggur niður í Fljót." segir í Byggðum Eyjafjarðar. Leiðin um Sandskarð lá inn Göngustaðadal og síðan um Sandskarð yfir í Hvarfsdal. Gatan lá fram hjá selinu og þar sjást óljósir slóðar. Við selið er þýft og lyngivaxið svæði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SSE, 79; BE 1990, 186


EY-139:015 frásögn um heystæði

65°52.178N 18°48.563V

Neðan við Brúnina svokölluðu tekur við melasvæði. Enn neðar er rakt svæði og á því var áður heyjað. Leifar heystæða eða upphækkana fyrir hey mátti lengi vel sjá á þessum stað. Ekki fundust upphækkannir eða heystæði í þýfðu landslaginu. Á þessum stað voru þó nokkrir þúfnakragar sem hugsanlega gætu verið síðustu leifar heystæðanna.

Hættumat: engin hættu

EY-140 Göngustaðakot



10 hdr. 1712. Urðakirkjueign.

1712: "Þetta býli uppbyggt hjer um fyrir 80 árum, þar sem ekki hafði áður byggð verið, í landsplássi því, sem Urðir eður Urðakirkja átti hjer takmarkað og nú liggur undir kotið. En áður en bærinn var byggður er sagt að Köngustaðamenn hafi leigt þetta land fyrir 20 álnir." JÁM X, 68. Einnig Nýibær á 17. öld og Köngustaðakot.

1917: 2.7 ha. 2/3 slétt. Garðar 240 m².

1990: "Á þessu slóðum breikkar dalbotninn, land hækkar og framsveitin opnast. Túnin eru ekki eins brött og mishæðótt og á bæjunum fyrir neðan. Þau liggja aflíðandi niður á breiðan og sléttan árbakkann." BE 1990, 184

EY-140:001 *Göngustaðakot* bæjarhóll bústaður 65°31.838N 18°46.233V

Leifar gamla bæjarins í Göngustaðakoti hanga enn uppi um 20 m beint ofan við núverandi íbúðarhús. Húsið er bárujárnsklætt og á einni hæð. Ekki er ólíklegt að óhreyfðar mannvistaleifar sé að finna undir því. Bærinn stendur á hæð í grösugri brekku sem gengur upp (norður) af íbúðarhúsinu. Allt umhverfis eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-140:002 *Ystagerði* tóftir 65°31.809N 18°45.822V

"Utan við tóftir þær, sem kallast Yztagerði, er Gerðishóll, rétt við Lambá, þar sem hún beygir til austurs." segir í ornefnalýsingu. Um 320 m austan (utan) við gamla bæinn (001) var áður útihús þar sem nú eru tún. Fast vestan (innan) við Lambá taka við sléttuð tún inn að bæ. Ystagerði var utarlega á þessu túnsvæði en nú er hæð þar sem tóftirnar voru, 20-30 m neðan við girðingu sem afmarkar tún á þessum stað. Tóftirnar voru næstum beint neðan við kálgarðinn (013). Þar sem tóftirnar voru eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort og Ö-Svarf, 313

EY-140:003 *Miðhúsgerði* heimild um hesthús

65°31.826N 18°46.034V

"Út frá bænum stendur hesthús á svonefndu Miðhúsgerði." segir í örnefnalýsingu. Miðhúsgerði var þar sem nú er kartöflugarður (sem þó hefur ekki verið notaður allra síðustu ár). Hesthúsið var næstum beint austan (utan) við íbúðarhúsið í Göngustaðakoti, í 120-140 m fjarlægð. Þar sem hesthúsið var er nú ónotaður kartöflugarður en umhverfis eru sléttuð tún. Síðast var smíðja á gerðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 313

EY-140:004 *Lambhúsgerði* örnefni lambhús

65°51.852N 18°46.V

"Sunnan við Skriðulæk er hóll sá, er kallast Lambhúsgerði og spölkorni sunnar er uppsprettan Lind." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m austan (innan) við Skriðulæk og um 100 m norðvestan (innan og ofan) við gamla bæinn (001) var Lambhúsgerði. Lambhúsið var 5-10 m austan við þar sem rafmagnslínustaur stendur nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 313

EY-140:005 *Gamlistekkur* stekkjartóft

65°51.938N 18°45.785V

"Í gilinu við Lambána eru tóftarústirnar Gamlistekkur." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er 380-390 m utan við gamla bæinn (001). Fast vestan (innan) við Lambá tekur við sléttur og grösugur ábakki sem er um 20 m breiður en þar innan við er brött brekka. Á þessari brekkubrún er Gamlistekkur. Skáhallt (norðaustan) á móts við stekkin er Langahvammslækur, austan Lambár í landi Klaufabrekkna. Tóftin er á grasi gróinni en þýfðri hæð í brekkurótum, austast í landi Göngustaðakots.

Leifar

Gamlstekks eru stæðilegar. Tóftin er 8 X 9 m að stærð en að auki gengur um 5 m langt garðlag í krók austast úr tóftinni. Í stekknunum sjást víða grjóthleðslur




Gamlistekkur – horft til suðurs

þó veggir séu annarsstaðar grónir og hrundir. Tóftin er fremur þríhyrningslaga. Hún er mjóst til vesturs þar sem inngangur er tóftinni eða um 4 m en í botni tóftarinnar er hún um 8 m á breidd. Stekkurinn virðist skiptast í 2-3 hólf, auk garðlagsins sem gengur í boga norður (og beygir síðan til vesturs) úr tóftinni

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 313




EY-140:006 fjárhústóft

65°51.854N 18°46.061V

Um 120 m austan (utan) við 001 og 40-50 m norðan (ofan) við 003 sjást leifar af fjárhúsum. Tóftin er undir rafmagnslínu sem liggur um túnin í Göngustaðakoti. 20-30 m austan (utan) við fjárhúsin og skurðinn sem nú er á þessum slóðum var brunnhús fyrir fjárhúsið. Þar var hlaðið umhverfis lítinn brunn og nokkur dæld er í túninu á þessum stað.

Fjárhúsið sjálf skiptist í 3 hólf og er 8 X 18 m á stærð. Greinilegt er að tréþil hefur verið fyrir suðurgafli hússins og garðar ganga eftir tveimur hólfunum endilöngum. Að baki fjárhúsunum eru einnig nokkrar hleðslur sem þó eru ógreinilegri. Það eru leifar heystæða sem voru við fjárhúsin. Grjóthleðslur eru greinilegar en í tóftinni miðri var þó endurhlaðinn veggur fyrir nokkrum árum vegna þess að þar var gerður kálgarður. Er sá




veggur áberandi stæðilegastur en annars er tóftin mest um 0,7 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 313

EY-140:007 Klaufanes tóft bústaður

65°51.537N 18°45.852V



Um 1865 ritar Þorsteinn Þorsteinsson: "... bæjartóftir sjást sunnarlega í nesinu niður við ána og halda menn, að bærinn hafi staðið þar. Nesið er kallað Klaufanes." Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 119." Viðvíkjandi Svarfdælu skal þess getið, að rústir sjást í nesinu við ána fyrir neðan Klaufabrekku. En þar segir sagan að bærinn Klaufanes hafi verið." segir í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1901, 19. "Landsspildan, sem gengur út og niður með Dalsánni (Svarfaðardalsá), heitir Nes (vafalaust hið forna Klaufanes). Húsatóftir þar nefnast Klaufatóftir." segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu Klaufabrekknna segir enn fremur: "Brot af vallargarði (sem þó er Göngustaðakots megin við landamerkin) telja sumir að sé leifar túngarðs hins forna bæjar [í Klaufanesi]."

Arnarhóll er við árbakka Svarfaðardalsár neðan þjóðvegarins inn Svarfaðardal. Tóft er 620-630 m utan og neðan við gamla bæinn (001). Niður túnið liggur óljós vegarslóði og liggur hann vestan í Arnarhóli. Hóllinn er um 40-50 m norðan við Svarfaðardalsánnu. Á hólnum er tóft en sjálft Klaufanesið og aðrar þær tóftir sem Kristján Eldjárn gróf í um 1940 voru sléttaðar eftir uppgröftinn.

Hóllinn er einn ósléttaður í sléttuðu túni. Túnið er hæðótt og hefur Klaufanes og aðrar þær tóftir sem rannsakaðar voru 1940 og síðan sléttaðar staðið á hæðum í túninu. Kristján Eldjárn gerði rannsókn á þessum stað sumarið 1940. Rannsóknarskýrsla birtist í Árbók og þar segir (bls. 17-25): "Umhverfis túnið hefir verið hlaðinn vallargarður, og girðir hann af túnið við ána. Garðurinn er fornlegur mjög og sums staðar horfinn. Mest er hann gerður úr torfi, en þó sér á stein hér og þar. Svo er að sjá, sem áin hafi á sínum tíma legið fast á túninu og hefir sennilega brotið af því [...] Við fyrstu sýn bar ekki mikið á skálarústunum, en við nánari aðgæzlu sást greinilega votta fyrir báðum langhliðum og NA-gafl. Aftur á móti varð SV-gafl ekki séður á yfirborði. Allur var botn tóftarinnar kominn í stórgert þýfi eins og túnið, og lágu sums staðar djúpir skorningar í gegnum veggina. Allt var grasi vafið. [...] Skálatóftin snýr SV-NA. Grjótþálgur eða þverveggur skilur hana í tvennt: skála og eldhús. Stærð þessa grjótþálks er mjög áberandi, þar sem annars hefir verið notað mjög lítið af grjóti í húsið. [...] lengd tóftarinnar er 17 m. að innanveggjamáli, en sjálfs skálans 11,50 m. Breidd hans er til endanna 3,35-3,65 m. en um miðju 4,70 m. [...] Vegghleðslur úr grjóti má sjá stöku stað, en yfirleitt hafa veggirnir verið úr torfi. [...] Á gólfi miðju, 3 m. frá þvervegg, er langeldstæði mjög vel varðveitt. Lengd þess er c. 1,45 m., en breiddin 0,4 til endanna og 0,50 m. um miðju. Eldstæðið er þannig gert, að hellur eru reknar niður á rönd allt í kring og standa aðeins 4-6 sm. upp úr og mynda líkt og mjög grunnan kassa. Botninn er síðan fódraður með þrem stórum hellum. [...] Rúst II, sem lítilliga var í grafið, gaf lítinn árangur. Þar var þó greinilegt eldstæði eða hlóðir, þrjár hellur í hvirfing og ein í botni. Framan við var hola full af ösku, sennilega feluhola. Lögum hússins varð eigi séð. Ef til vill hefir þetta verið smiðjan, en það er þó ekki víst. "

Á Arnarhóli er tóft sem Kristján Eldjárn taldi fjárhúss- eða heystæðistöft. Tóftin skiptist í tvö hólfr en hólfrinn sem hún er á er mjög þýfður. Op er á vestara hólfrinu til norðurs en ekki er greinilegt op á hinu hólfrinu. Tóftin er um 7 m á breidd en 4,5 m á lengd (?). Hún er mest um 1 m á dýpt. Um 5 m suðaustan við tóftina er í hólbarðinu lítið tóft eða veggjarbrot. Sigtryggur Jóhannesson fylgdist með uppgræftri Kristjáns og segir að eftir hann hafi Kristján sagt að nú mætti hann slétta yfir allt saman.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1900, Árbók 1901,19. Skálarústin í Klaufanesi, Árbók 1941-42, 17-33, Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 119 og Ö-Svarf, 313, 314

EY-140:008 frásögn um heystæði

65°52.100N 18°45.134V

Miðhaus er í fjallinu ofan við bæinn. Heystæði voru neðan við Miðhaus á grasi gróinni sléttu. Sléttan er mjög þýfð og ekki eru greinanleg merki heystæðanna sem aldrei voru mikið meira en upphleðslur.

Staðurinn er rétt vestan við merki. Þýfður hagi.

Hættumat: engin hætta

EY-140:009 *Kvíar* heimild um kvíar

65°51.864N 18°46.242V

"Tunga heitir spildan milli [Bæjarlækjar og Skriðulækjar] ofan bæjar. Þar er tóftarbrót er kallast Kvíar." segir í örnefnalýsingu. 50-60 m norðan (ofan) við gamla bæinn (001) voru kvíar áður þar sem nú eru sléttuð tún. Kvíarnar hafa verið um 20 m ofan við rafmagnslínustaur sem er í túninu

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Örnefni í Göngustaðakotslandi í Svarfaðardal, skrifað 1944 eftir fyrirögn Björns Björnssonar

EY-140:010 *Sneiðingur* gata leið

65°52.064N 18°45.899V

"...framan í [Neðstahaus] vottar fyrir götuslóða er kallaður er Sneiðingur." segir í örnefnalýsingu. Götuslóðinn var farinn að giliinu og sáust fremur greinileg merki hans lengi fram eftir 20. öld. Nú er slóðinn hins vegar fremur ógreinilegur framan í Neðstahaus, rétt innan við gilið. Óljós slóði virðist vera í brún Neðstahauss. Neðstihaus er lyngivaxin og þýfð fjallshlið. Götuslóðinn lág í hliðinni og áfram inn dalinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefni í Göngustaðakotslandi í Svarfaðardal, skrifað 1944 eftir fyrirögn Björns Björnssonar

EY-140:011 náma mógrafir

65°51.729N 18°46.447V

10-20 m vestan við merki við Göngustaði og 5-10 m ofan við þjóðveg voru svarðargrafir þar sem nú eru deiglend tún. Merki grafanna eru enn greinileg í túninu en þær hafa verið um 10 X 12 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-140:012 stekkjartóft

65°51.974N 18°45.646V

50-70 m norðaustan við Gamlastekk (005) og 2-3 m vestan við Lambá sjást enn leifar af grjóthlöðnum stekk. Hann er nokkurn veginn á mótis við Langahvammslæk sem er í landi Klaufabrekka.

Stekkurinn er á grasigrónum og sléttum lækjarbakka Lambár. Vart er hægt að tala um árbakka ofan við stekkin því þar verður árgilið snarbratt og undirlendi hverfur. Neðan við stekkin mjókkar árbakkinn einnig mikið. Fast innan við stekkin er mjög brött og lítt gróin brekka upp úr árgilinu. Undirlendi á þessum slóðum er því ekki mikið. Stekkurinn er alveg hlaðinn úr grjóti. Hann er 8 X 5 m að stærð og er 2 hólf.

Hættumat: engin hætta




EY-140:013 gerði kálgarður


65°51.844N 18°45.861V

50-70 m norðvestan við hæðina þar sem Ystagerði (002) stóð sjást enn leifar af hlöðnum kálgarði. Gerðið er í halla um 20 m ofan við túngirðingu. Það er í grasi gróinni, aflíðandi brekku en þýft er umhverfis. Fast innan við gerðið er skurður en innan við hann tekur við mýri. Kálgarðurinn er um 10 X 10 m að stærð. Hann er um 1 m á dýpt. Innan garðsins eru minni grjóthleðslur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-141 Sandá



20 hdr. 1712. Hólastólsjörð.

1447 er Sandá meðal eyðijarða Möðruvallaklausturs - DI IV, 712.

1525 er Sandá meðal Möðruvallaklaustursjarða - DI IX, 319.

25.12.1550 er Sandá 20 hdr. talin meðal Hólastólsjarða ".v. kugillde. landskyllid .j. c. og dagslatta." - DI XI, 867. Sandá 20 hdr var meðal þeirra jarða sem Jón Arason hafði komið undir Hólastól - DI XI, 875, sbr. 879, sbr. DI XII, 462.

1569: "Med Sanda landsk. .iij. ær oc .x. aurar med tiundum, kug .iiij." - DI XV, 227.

1570: "Med Sanda .v. kug." - DI XV, 459. Þorsteinsstaðir byggðust úr landi Sandár á seinni hluta 17. aldar og töldust 10 hdr.

1967 fór jörðin í eyði og er nú nytjuð frá Þorsteinsstöðum og Atlastöðum.

1917: 4.43 ha. 5/6 slétt. Garðar 1050 m².

EY-141:001 Sandá bæjarstæði bústaður

65°51.638N 18°47.798V

Engar leifar um gamla bæinn sjást nú en hann stóð neðan við steipt fjós sem enn stendur uppi á Sandá þó jörðin hafi verið í eyði frá 1967. Engin merki bæjarhóls eru heldur greinanleg. Þar sem bærinn stóð áður er hæð en ekki er víst að miklar mannvistarleifar sé að finna neðan jarðar enda eru sagnir uppi um að bærinn hafi áður verið ofar og nær ánni.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-141:002 heimild um útihús

65°51.643N 18°47.835V

Um 10 m norðan (ofan) við gamla bæinn (001) var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það hefur verið um 15 m sunnan við gafl steypa útihússins sem enn stendur á Sandá. Engin merki þessa útihúss eru greinileg nú. Sléttur flötur við útihúsgafl.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-141:003 heimild um útihús

65°51.660N 18°47.859V

50-60 m norðan (ofan) við gamla bæinn (001) og 30-35 m norðan við 002 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það hefur verið þar sem steyp útihús (samstæða) stendur enn.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-141:004 *Gerði* örnefni

65°51.534N 18°48.116V

"Heimar [en Svartasund] var Gerði kallað ..." segir í örnefnalýsingu. Gerðið var beint neðan við stóran hól sem er ofan við þjóðveginn. Það var um 200 m austan (utan) við merki og hefst 20 m neðan við þjóðveg. Gerðið hefur verið um 300 m innan og neðan við gamla bæinn (001 en 30-50 m innan við svarðargrafinar (012). Gerðishóll er nú sléttuður og er í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 311


EY-141:005 *Ólafshóll* tóftir

65°51.646N 18°47.580V

"Neðan vegar munu ekki hafa verið fleiri örnefni, utan Ólafshóllinn, sem líklega er kenndur við Ólaf nokkurn þjóf. Þessi hóll er í Eyrinni, sem fyrr var nefnd og eru þar enn glögg tóftabrot." segir í örnefnalýsingu. Ólafshóll er 160-170 m utan og neðan við gamla bæinn (001). Hann er um 10 m vestan (innan) við Sandá og 15-20 m norðan (ofan) við þjóðveg. Hóllinn er á grýttum en grösugum árbakka. Vegarstöði liggur að réttinni sem er við Sandá og fer hann framhá Ólafshól. Tóftabrot eru á hólum en þau mynda ekki afmarkaða hústóft. Brotin mynda L-laga hólf og í því miðju er ferhyrnd hvompa. Þessi brot eru 6 X 7 m að stærð en innar við hólræturnar virðast líka vera mannvistarleifar sem erfitt er að fá mynd á.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 311



EY-141:006 *Sauðhúshóll* örnefni fjárhús

65°51.704N 18°47.900V


"Upp frá bænum er Sauðhúshóll ..." segir í örnefnalýsingu. Sauðhúshóll er svo til beint norðan (ofan) við steypu útihúsin sem enn standa á Sandá. Hóllinn er tæpa 100 m (80-100 m) norðan við útihúsið og er nálægt túnjaðri. Hóllinn er sléttuður og stendur í sléttuðu túni. Skammt norðar taka hinsvegar við þýfðir hagar. Á hólum var lengi fjárhús og man Sigtryggur Jóhannesson vel eftir tóftum á þessum stað.

Heimildir: Ö-Svarf, 311

EY-141:007 *Selhóll* seltóftir

65°51.760N 18°48.226V

"Vestan við [Smugulágar] er Selhóll, og Sneiðingabrunn er ofan við hann." segir í örnefnalýsingu. Nálega í miðri landareign Sandár og töluvert neðar í hlíðinni en stekkurinn í landi Göngustaða (139:012), sjást leifar selsins. Seltóftin er um



400 m ofan við þar sem Sandárbærinn (001) hefur staðið. Selið er neðan við Selhóllinn á sléttu sem þar gengur fram. Rétt austan (utan) við seltóftirnar er lítill lækur. Tóftirnar eru í grösugum bala eða sléttu.



Sel – horft til suðurs

Hættumat: engin hættta

Heimildir: Ö-Svarf, 311

Á selinu er ein löng tóft sem virðist hafa verið tvískipt. Hún er sigin og hlaupin í þúfur og ekki er merkjanlegt hvar inngangur hefur verið á henni. Um 3 m austan við þessa tóft er önnur sem er minni og enn óskýrari. Henni virðist þó vera skipt upp í a.m.k. 3 hólf. Saman er svæðið um 20 m á breidd en 6 m á lengd. Tóftirnar eru 0,3 m á hæð.

EY-141:008 *Sneiðingar* heimild um leið

65°51.803N 18°48.281V


"Vestan við [Smugulágar] er Selhóll, og Sneiðingabrún er ofan við hann. Sneiðingarnir (göturoðningar) liggja upp á hólinn og áfram upp með Sandárgili." segir í örnefnalýsingu. Sneiðingarnir eru göturoðningar sem liggja saman í hliðinni ofan við Selhólinn og áfram í svipaðri hæð inn dalinn. Þeir sjást enn, eru frekar grunnir en nokkrir saman í röð. Á þessum stað er lyngi vaxin fjallshlið.

Hættumat: engin hættta

Heimildir: Ö-Svarf, 311

EY-141:009 stekkjartóft

65°51.795N 18°47.769V



Tæpa 300 m utan og ofan við gamla bæinn (001) sjást enn greinilegar leifar stekkjjar. Hann er 30-40 m vestan við Sandá og um 100 m norðaustan við timburréttina sem er í landi Sandár. Stekkur þessi er á mjög grýttum en grónum árbakka. Fast innan við hann tekur bratt gilið við.



Stekkur – horft til suðausturs

Stekkurinn er um 10 X 9 m að stærð. Hann er tvískiptur og er op vestast á suðurhlið hans. Stekkurinn er grjóthlaðinn og er hann hlaðinn upp að brekku þannig að vesturveggur hans er óskýr en brekkan tekur við upp af honum.


Hættumat: engin hættta

EY-141:010 frásögn um bústað

65°51.732N 18°47.735V

Milli timbur-réttarinnar í landi Sandár og árinna hafa skriður fallið fram og vilja menn meina að þar hafi bærinn staðið áður en sökum skriðufalla verið færður fjær ánni. Mikið grjót er á þessum slóðum en ekki eru greinilegar leifar tófta. Á grýttum árbakka.

Hættumat: engin hættta



EY-141:011 tóft

65°51.671N 18°47.650V

40-50 m ofan við Ólafshól (005) og um 50 m vestan (innan) við Sandá er lítil ferhyrnt tóft. Tóftin er á grösugum en grýttum árbakka. Hún minnr helst á heystæði, er 2,5 X 1,5 m að stærð og er einföld grjótröð sem afmarkar hana. Ekkert op er á tóftinni.

Hættumat: engin hættta

EY-141:012 *Svarðarholt* náma mógrafir

65°51.528N 18°47.989V

"Öll þessi holt eru neðan akvegarins, og er hið síðastnefnda [Svarðarholt] að mestu orðið að túni. Svartasund er líka breytt í tún, en það var um það bil, sem vegurinn liggur ofan við Svarðarholtið." segir í

örnefnalýsingu. Svarðargrafirnar eru enn greinanlegar 60-80 m sunnan við þjóðveg. Skurður liggur frá þeim og að veginum. Grafirnar eru í annars sléttuðu túni. Þær virðast um 80 sm á dýpt og liggja í hálfgerðan krók. Þær eru um 15 X 20 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

EY-142 Þorsteinsstaðir

10 hdr. 1712.

Hólastólsjörð.


1712: "Þessi jörð segja menn að bygð hafi verið upp á fornu eyðibóli í tíð biskups Gísla Þorlákssonar [1657x84], og þá hafi aftur færst af landskuld 20 álnir á Sandá, með því þetta eyðiból hafði áður verið byggt með þeirri jörðunni." JAM X, 69-70.

1708 fór í eyði, en byggðist síðan á ný eftir 1712.

1917: 4.24 ha. 1/3 slétt. Engir garðar.

1839: "... er þar vel grösugt land, en mjög lítið." SSE, 79;

1990: "Túnið er bratt og bugðast í hólum og hæðum með fjallinu en meðfram ánni neðan við veginn er dálítið undirlendi." BE 1990, 188



EY-142:001

Þorsteinsstaðir bæjarstæði bústaður

65°51.374N 18°48.865V

Bærinn sem merktur er inn á túnakort frá 1917 stóð á sama stað og núverandi íbúðarhús. Baðstofan var þar sem bakhluti íbúðarhússins er. Þegar íbúðarhúsið var byggt var gamla bænum rutt út. Engin kjallari var þó gerður en sökum þess að bærinn hefur einungis staðið í eina öld á þessum stað eru ekki líkur til að miklar mannvistaleifar sé að finna undir íbúðarhúsinu. 10-15 m austan (utan) við íbúðarhúsið er hestasteinn sem greinilega hefur verið með járnhring í áður. Hestasteinninn er um 80 sm hár og 20-30 sm á breidd. Talið er að hann hafi verið fluttur frá eldra bæjarstæðinu um leið og bærinn. Þar sem bærinn sem merktur er inn á túnakort frá 1917 var er nú steypt íbúðarhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-142:002 heimild um útihús

65°51.381N 18°48.881V

Samkvæmt túnakorti var útihús um 20 m norðan (ofan) við gamla bæinn (001). Það hefur verið rétt norðan við jaðar skemmu/bílskúrs sem nú er áfastur við íbúðarhúsið á Þorsteinsstöðum, norðan þess. Þar sem útihúsið hefur verið er sléttur flötur fast norðan við bílskúr. Húsið er sýnt hringlaga á kortinu og gæti af því að dæma hafa verið hlaða. Gunnlaugur Tryggvason man ekki eftir tóft á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-142:003 heimild um útihús 65°51.361N 18°48.816V
Um 30 m neðan við 004 var annað útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin merki þess eru nú greinileg en þar sem það stóð er sinuvaxinn hóll suðaustan við íbúðarhúsið. Húsin hafa verið á sinuvöxnum og bröttum hóll sem er upp af þjóðvegi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-142:004 heimild um útihús 65°51.371N 18°48.803V
Um 30 m beint austan (utan) við gamla bæinn (001) var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað eru nú sléttuð tún og merki hússins ekki greinanleg. Það hefur verið um 10 m sunnan við heimreiðina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-142:005 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°51.400N 18°48.800V
"Utan við Ytriklauf er Hesthúshóllinn og þar út af eru Hesthúsmór og Merkisholt." segir í örnefnalýsingu. Hesthús var norðan (ofan) við Hesthúshól og 70-80 m norðaustan (utar og ofar) en gamli bærin (001). Á þeim stað sem hesthúsið var er nú sléttuð svæði 10-20 m suðaustan við suðausturhorn steypis fjóss.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort frá 1917 og Ö-Svarf, 310

EY-142:006 heimild um útihús 65°51.405N 18°48.793V
10-15 m norðaustan við 005 voru útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin merki þeirra eru nú greinileg og man Gunnlaugur Tryggvason ekki eftir tóftum á þessum stað. Sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-142:007 *Melhúsavöllur* örnefni útihús 65°51.459N 18°48.841V
"... fyrir utan [Gamlabæ - 014] er Tunga og Melhúsavöllur. Ofan við Melhúsavöllinn er Svarthöfðaholt ..." segir í örnefnalýsingu. Melhús voru um 50 m norðan (ofan) við 006 og 70-80 m austan (innan) við 025. Á þessum stað er sléttuð hæð í túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 310

EY-142:008 heimild um útihús 65°51.477N 18°48.883V
40-50 m norðvestan við 007 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engar minjar sjást nú um húsið en þar sem það var er lítil hæð í túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-142:009 heimild um útihús 65°51.396N 18°48.734V
Austan í Hesthúshól, sunnarlega var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Ekki sjást merki þessa húss nú. Það var um 150 m austan við gamla bæinn (001) og 70 m suðaustan við 005. Þar sem húsin voru eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-142:010 garðlag landamerki 65°51.383N 18°49.030V
"Milli Þorsteinsstaða og Atlastaða eru merkin á vallargarðinum að sunnan og bein lína á fjall upp." segir í örnefnalýsingu. Merkjagarður milli Þorsteinsstaða og Atlastaða sést ennþá greinilega utan við tún á Þorsteinsstöðum. Garðurinn er 120-140 m vestan (innan) við íbúðarhúsin á Þorsteinsstöðum. Garðinn má

greina fljótlega ofan við þjóðveg og upp að Sveitarlang (137:016).

Garðurinn er í túnjaðri en síðar yfir móa. Hann er hvorki breiður né útfluttur og sýnist ekki mjög forn. Merkjagarðurinn er mest 1 m á breidd og er um 400 m langur.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 310

EY-142:011 *Grænatóft* tóft

65°51.311N 18°48.755V

"Suður frá Háabakka er Fitin og ofan við hana tóftarbrotið Grænatóft." segir í örnefnalýsingu. Grænatóft var þar sem nú er höll í sléttuðu túninu 120-130 m suðsuðaustan við gamla bæinn (001). Tóftin var um 20-30 m sunnan (neðan) við þjóðveg og um 80 m austan (innan) við merki Atlastaða. Engin merki um tóftina sjást lengur en þar sem hún var er höll í sléttuðu túninu. Gunnlaugur Tryggvason segir að tóftinni hafi fyrir löngu verið rutt út og sléttað yfir hana.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 310

EY-142:012 heimild um kvíar

65°51.496N 18°48.532V

230-240 m ofan við gamla bæinn (001) voru kvíar. Þær voru um 70 m norðan (ofan) við 008 þar sem túnjaðarinn er nú. Engin merki þeirra eru nú sjáanleg enda hefur svæðið verið tekið undir tún. Kvíarnar voru áður nokkrum metrum utan við tún. Þær hafa verið fast utan við bæjarlækinn. Kvíarnar voru utan í litlum mel eða hæð en svæðið sem þær voru á er nú komið undir tún.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-142:013 *Smiðjuhóll* frásögn af smiðju

65°51.385N 18°48.911V

"Fyrir ofan bæ er fyrst Smiðjuhóllinn og Smiðjumórinn ..." segir í örnefnalýsingu. Smiðja var efst á Smiðjuhól sem nú er sléttaður. Smiðjuhóll er um 30 m norðvestan (ofar og innar) við norðvesturhorn bílskúrsins sem áfastur er íbúðarhúsinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 310

EY-142:014 *Gamlibær* þúst bústaður

65°51.448N 18°49.025V

"Fyrir ofan bæ er fyrst Smiðjuhóllinn og Smiðjumórinn, en efst á túninu heitir Gamlibær." segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn var 180-190 m norðar (ofar) í hlíðinni en 001 þangað sem hann var fluttur. Á þessum stað er nú dældótt hæð í sléttuðu túninu og sjást þess greinileg merki að þar hefur staðið bygging þó ekki sé hægt að greina nákvæma lögun hennar. Gamli bærinn hefur verið um 10 m vestan (innan) við bæjarlækinn sem enn rennur á sama stað. Brúin (016) yfir lækinn er 15-20 m neðar. Gamla bæjarstaðið hefur verið örlítið nær merkjum en það yngra. Svæðið hefur allt verið sléttað.

Sléttað hefur verið yfir hóllinn sem gamli bærinn stóð á en nokkrar líkur eru á að mannvistarleifar séu óhreyfðar undir yfirborði. Hóllinn er um 20 X 15 m að stærð. Hugsanlegt er að eftir að flutt var úr bænum hafi hann um skeið verið notaður sem útihús og sé því merktur sem 007 eða 008 inn á túnakort. Ekkert er þó hægt að fullyrða um það en 008 er á svipuðum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 310

EY-142:015 heimild um fjós

65°51.401N 18°48.881V

Um 30 m norðaustan við gamla bæinn (001) var áður fjós þar sem nú er útihús. Fjósið var norðan (ofan) við vegg útihússins sem stendur nú á þessum stað og er úr bárujarni. Þar sem fjósið var er rusl geymt, á slétri flöt.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-142:016 *Brúarmór* brúarhleðsla

65°51.461N 18°48.998V

"Ofan við Melhúsvöllinn er Svarthöfðaholt, en sunnar Brúarmór." segir í örnefnalýsingu. 15-20 m suðvestur af gamla bænum (014) eru enn hleðslur sem mynda brú yfir bæjarlækinn. Lækurinn er aðeins 1 m

á breidd þar sem hann er breiðastur. Lækjarbakkarnir eru grasi grónir. Brúin er um 0,8 sm há og um 1 m á breidd. Hún er hlaðin úr grjóti en er gróin

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 310

EY-142:017 *Gömlukvíar* heimild um kvíar 65°51.537N 18°49.031V

"Suður og upp frá túninu eru fyrst Gömlukvíar og Kvíamór ofan við þær." segir í örnefnalýsingu. Efst í túni, skammt (um 40 m) austan (utan) við bæjarlækinn voru kvíarnar. Þar sem þær voru er nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 310

EY-142:018 garðlag kálgarður 65°51.308N 18°48.945V

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 60-70 m norðvestan við gamla bæinn (001). Garðlög sjást enn í brekku á svipuðum stað. Garðlögin eru þó heldur neðarlega miðað við túnakortið og getur verið að garðurinn hafi verið færður eftir 1917. Garðlögin virðast af tveimur görðum sem eru L-laga.

Hætt var að nota þessa garða fyrir 1948. Þeir eru í miklum bratta og þóttu heldur sendnir. Yngri garðar sem notaðir voru í minni Gunnlaugs Tryggvasonar voru í brekku hólsins sem gamli bærinn stóð á. Garðlagið er næstum beint vestan við íbúðarhúsið. Garðurinn er 20 X 20 m og um 1 m á breidd en 0,5 á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 310

EY-142:019 *Gamlistekkur* stekkjartóft 65°51.469N 18°48.675V

"Eins örnefnis er ógetið. Það er Gamlistekkur, stór höll með vallgrónum tóftum, utan við Melhúsavöll." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur var 220-230 m austar og aðeins norðar en gamli bærinn á Þorsteinsstöðum (001). Á þessum stað er nú kartöflugarður. Stekkjarstæðið er beint undir rafmagnslínu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 310

EY-142:020 garðlag landamerki 65°51.448N 18°48.341V

Landamerkjagarður Þorsteinsstaða og Sandár sést enn. Frá Svarfaðardalsá er girðing en þar sem hólasvæði byrjar neðan þjóðveggar má greina merkjagarð á 150-200 m spotta. Garðlagið er um 420 m utan við gamla bæinn á Þorsteinsstöðum (001). Rétt neðan við þjóðveg tekur hins vegar aftur við girðing á merkjum og ofar skurður og sést landamerkjagarðurinn því hvergi ofan þjóðveggar. Garðurinn liggur á grónu hólasvæði. Hann er útlattur. Garðurinn sést á 150-200 m bili. Hann er 1,5 m á breidd en 0,4 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

EY-142:021 náma mógrafir 65°51.349N 18°48.534V

Í svipaðri hæð (fjarlægð frá þjóðveg) og 025 en 200-250 m austar voru aðrar svarðargrafir og sjást merki þeirra enn. Grafirnar eru næstum beint neðan við (250 m) þar sem Gamlistekkur (019) var ofan þjóðveggar. Fyllt hefur verið upp í grafirnar með rusli og heyi en þó eru þær enn vel greinilegar. Umhverfis grafirnar eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

EY-142:022 frásögn um útihús 65°51.436N 18°49.088V


Um 30 m vestan við gamla bæjarstæðið (014) var áður tóft þar sem nú er sléttuð hæð í túni. Hæðin er 25-30 m austan við merki við Atlastaði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-142:023 tóft 65°51.543N 18°49.198V

Um 30 m neðan við fjallgirðinguna og Sveitarlang (137:016) er fremur fornleg tóft. Hún er 50-60 m innan við merki við Atlastaði og um 400 m norðan við íbúðarhúsið á Þorsteinsstöðum. Staðurinn er ekki langt norðan við efstu tún og efri kvíarnar (um 20 m ofar en 100 m innan). Um 10 m austan (utan) við tóftirnar er bæjarlækurinn. Umhverfis tóftina eru mjög þýðir, en grasi grónir hagar.

Kristján Eldjárn skoðaði tóftina skömmu áður en hann lét af forsetaembætti (1979-1980), las inn upplýsingar á segulband og sagðist ætla að senda Þjóðminjaverði lýsinguna. Þótti honum tóftin áhugaverð. Tóftin er löng og mjó með skálalagi. Hún er um 18 m að lengd en 5-6 m á breidd þar sem hún er breiðust. Hún virðist skiptast í 3-4 hólf. Suðaustan við hana er stutt veggheðsla eða garðlag sem liggur í boga. Um 15-20 m innan við tóftina eru einnig þúfnaraðir sem liggja skáhalt upp hlíðina og virðast vera hluti garðlags.



Gunnlaugur Tryggvason vill meina að þarna hafi bærinn staðið upphaflega en verið færður neðar á 16. öld sökum skriðufalla og síðar enn neðar. Þessu til stuðnings bendir hann á að ofan við tóftina er skarð í hlíðinni þar sem gróin skriða virðist hafa fallið niður. Eftirgrennslan um lýsingu Kristjáns á Þjóðminjasafni hefur ekki borið árangur.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

EY-142:024 frásögn um heystæði

65°51.570N 18°48.961V

Heystæði var á hól sem er um 30 m sunnan (neðan) við fjallgirðingu og 60-80 m austar (utar) en kvíarnar (017). Hóllinn er nú raskaður og merki heystæðanna eru ekki greinileg. Melhóll.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-142:025 frásögn um mógrafir

65°51.298N 18°48.727V

Neðan við Grænutóft (011) eru sléttuð tún en á þessu svæði voru áður svarðargrafir. Grafirnar voru 20-30 m sunnan við Grænutóft. Merki þeirra sjást ekki nú. Sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar


EY-142:026 frásögn um fjárhús

65°51.435N 18°48.940V


110-130 m beint ofan við gamla bæinn (001) voru áður fjárhús og lambhús á hæð í túni. Húsin hafa verið 70-80 m vestan við 007. Engar leifar húsanna sjást nú. Svæðið hefur verið sléttað en hæðin sem húsið stóð á er enn merkjanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Kort 3 Fornleifakort - Atlastaðir og Kot



EY-143 Atlastaðir



10 hdr. 1712. Hólastólsjörð.

1447 eru Atlastaðir meðal eyðijarða Möðruvallaklausturs - DI IV, 712.

1712: "Afrjettarland á [Urðakirkja] fram frá Atlastaða landi, eitt fjall sem Hnjótar kallast. Þángað er rekið lömb og geldfje hjeðan og so ljær bóndinn þennan afrjett stöku manni hjer nálægt fyrir lömb á sumardag og þiggur þar fyrir óákveðna greiðasemi eður góðvilja. Rifhris lítið í sama landi, valla teljandi." JÁM X, 64. Hnjótafjall tilheyrði áður Urðakirkju og var afrétt - SSE, 78

1917: 5.5 ha. Garðar 450 m². "Túnið var talið um 20 vallardagsláttur og gaf af sér í meðalári um 200 hesta af töðu." Ö-Svarf, 308.

1990: "Bærinn stendur í um 225 metra hæð yfir sjó og eru túnin því að jafnaði 2-3 vikum seinni til á vorin en tún í niðursveitinni. Atlastaðir þóttu alla tíð vildisjörð enda góð beitolönd í Skallárdal og Hnjótum. Þá lá hún í þjóðbraut á meðan Heljardalsheiði var helsti fjallvegur vestur í Skagafjörð að biskupssetrinu á Hólum." BE 1990, 190

EY-143:001 *Atlastaðir* bæjarstæði bústaður 65°51.234N 18°49.650V
Gamli bærinn (001) sem merktur er inn á túnakort frá 1917 var 20-30 m suðvestan (innan og ofan) við íbúðarhúsið sem nú stendur á Atlastaðum. Bærinn sem merktur er inn á túnakort var byggður 1885 en var endanlega rifinn eða honum rutt út á 8. áratug 20. aldar. Ekki hefur aftur verið byggt á þessum stað þannig að hugsanlegt er að byggingaleifar sé að finna neðanjarðar. Bærinn stóð þó ekki lengi á þessum stað því enn fyrr var hann ofar í túni (sjá 015). Þar sem gamli bærinn (001) var er nú hlað eða bílaplan og

hólmyndun er ekki greinileg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-143:002 *Ærhús* heimild um fjárhús

65°51.243N 18°49.689V

"Sunnanvert í [Dagsláttu] standa Ærhúsin." segir í örnefnalýsingu. Um 15 m innan við gamla bæinn (001) voru Ærhús áður, þar sem nú er steypit útihús, gegnt íbúðarhúsinu. Steypit bygging með bárujárnsþaki er nú þar sem Ærhús voru áður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort og Ö-Svarf, 308

EY-143:003 *Kvíhús* fjárhús

65°51.209N 18°49.724V

"Á hólum þar sunnan við [Leyning] standa Kvíhúsin (fjárhús), en sunnan við þau eru nokkrar samfelldar þaksléttur, Kvíhússléttur." segir í örnefnalýsingu. Um 50




Kvíhús – horft til suðvesturs

m suðvestan (innan og neðan) við gamla bæinn (001) standa Kvíhús, sem merkt eru inn á túnakort frá 1917, enn. Húsin eru á grasi grónum hól suðvestan við steypitu útihúsin. Innan og ofan við Kvíhús eru sléttuð tún en neðar tekur við brött og þýfð brekka niður að þjóðvegi.

Húsið stendur undir þaki að miklu leyti, einfalt hús, 11 X 6 m að stærð. Timburþil er fyrir norðurenda og er garði eftir húsinu endilöngu. Veggir eru hlaðnir úr grjóti í um 1 m hæð en síðan er tyrft ofan á 60-70 sm. Þakið er tyrft yfir timburgrind og bárujárnslag. Dyr eru vestast og austast á suðurstafni. Innan við þennan kofa er annað hól sem ekki er undir þaki. Það er um 5 m á breidd en 11 m á lengd. Eftir þessu húsi gengur einnig garði. Veggir þess eru greinilegir. Norðan við þessi hól bæði eru 2 hól ógreinilegri sem voru heystæði. Þau eru um 6-7 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 308



EY-143:004 *Lambhús* lambhústóft

65°51.250N 18°49.638V

"Á hólum skammt utan við bæinn stóð fjósið og utar Lambhúsin og enn eitt peningshús neðar. Út frá tóftum Lambhúsanna er Lambhúsbrekka og enn utar Lambhagavöllur, sem var þýfður mjög." segir í örnefnalýsingu. Lambhús voru þar sem íbúðarhúsið stendur nú en þeim var rutt út áður en íbúðarhúsið var byggt. Lambhúsin hafa verið um 20 m innan við 018. Þar sem Lambhúsin voru áður er nú steinsteypit íbúðarhús með kjallara.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 308

EY-143:005 *Ytragerði* heimild um fjárhús

65°51.296N 18°49.616V

"Utan [bæjar]lækjarins og beint út frá Hesthúsgerði er hólmynduð hæð, sem heitir Ytragerði. Þar voru fjárhús." segir í örnefnalýsingu. Um 90 m norðaustan (utar og ofan) við gamla bæinn (001) var Ytragerði en það var fjárhús og hlaða og er merkt inn á túnakort frá 1917. Ytragerði var um 50 m austan (utan) við 006 og örlítið neðar. Sléttuð hefur verið yfir tóftirnar en hóllinn sem þær stóðu á er enn mjög greinilegur.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 308

EY-143:006 þúst fjárhús

65°51.302N 18°49.700V

115-125 m norðan (ofan) við gamla bæinn (001) og um 50 m sunnan (neðan) við elsta bæjarstæðið (015) voru fjárhús á hæð sem þar er í túni. Sléttað hefur verið yfir fjárhúsin en útlínur þeirra hafa aftur komið í ljós. Allt umhverfis þústina eru tún sem þó eru þýfð og hafa greinilega ekki verið slegin um tíma. Þústin er 14 X 6 m að stærð og virðist hafa verið tvískipt. Op virðist hafa verið vestast á suðurhlíð.




Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-143:007 Hesthúshóll hesthústóft

65°51.347N 18°49.810V

"Ofanvert við Uppvöll og neðst í Ytra-Miðhjalla er breiður hóll, Hesthúshóllinn." segir í örnefnalýsingu. Um 220 m norðan (og örlítið innar) en gamli bærinn (001) eru tóftir hesthússins við Hesthúshól enn greinanlegar. Tóftirnar voru og eru í túnjaðri en sléttað hefur verið yfir hluta þeirra. Virgirðing liggur yfir tóftina ofarlega. Hesthústóftin er í norðurjaðri sléttaðs túns. Ofan við er grasi gróinn hóll (Hesthúshóll) og þar ofan við eru grösugar og þýfðar fjallshlíðar. Aðeins er eftir vesturveggur tóftarinnar og er hann um 4 m á lengd en 0,4 m á hæð. Aðrar leifar hesthússins hafa verið sléttaðar út.



Hættumat: hættu, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 309

EY-143:008 heimild um fjárhús

65°51.342N 18°49.718V

1712: "Hætt sýnist bænum fyrir snjóflóðum, þó hafa þaug honum ekki granadað inn til þesa, en brotið hefur eitt snjóflóð fjárhús, sem stendur eður stóð þá skamt upp frá bænum, og þar er sagt bærinn hafi staðið í fyrstunni og hafi undan þessum snjóflóðum færður verið þangað sem hann er nú." Ekki er vitað hvað þetta fjárhús var nákvæmlega og er hugsanlegt að það hafi verið á svipuðum stað og annaðhvort 031 eða 032. Um 10 m ofan við 015 er einnig þýfð hæð í túni og er það annar mögulegur staður. Umhverfis eru sléttuð tún.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 70-71

EY-143:009 Heljardalsheiði heimild um leið

65°49.683N 18°57.643V

"Af hlaðinu blasir við Heljardalsheiðin, sem var alfaravegur á milli Svarfaðardals og Kolbeinsdals í Skagafirði. Eru um 16 km frá Atlastöðum að Skriðulandi, en upp að rótum heiðarinnar eru 4 km frá Atlastaðabæ." segir í örnefnalýsingu. "Frá innsta hluta Svarfaðardals, innan við bæinn Kot, liggur um tveggja mílu langur vegur yfir Heljardalsheiði, vestur að Bjarnastöðum í Kolbeinsdal í Skagafjarðarsýslu, allnokkuð farinn. Frá svokallaðri Stóruvörðu, er stendur á Heljardalsheiði, liggur leið til hægri handar yfir Deildardalsjökul niður í Deildardal í Skagafjarðarsýslu. Þangað mun vera um míla vegar frá nefndri vörðu." SSE, 31 "Heljardalsheiði er að visu vörðuð en hana þyrfti að ryðja. Deildardalsjökull er aðeins fær á vissum tímum." SSE, 35

1839: "... um [dalsbotninn] liggja tveir vegir vestur í Skagafjarðarsýslu, annar í hávestur ofan í Kolbeinsdal, og kallast þar Heljardalsheiði, en hinn í hánorður, og kallast þar Deildardalsjökull eftir dal þeim, sem fyrst er ofan í komið að vestan. Fara þennan veg flestir sem ferðast úr Svarfaðardal vestur í Hofsós." SSE, 78

1877: "Mest er farinn vegurinn til Kolbeinsdals um Heljardalsheiði. Neðst á henni liggur vegurinn eftir kambлага ási, er nefnist Kambur. Hlýtur hann að vera Kambur sá er nefndur er í Svarfdælu, á ytri mörkum í landnámi Þorsteins svarfaðar." KK III, 71

Grýttur slóði liggur inn Svarfaðardal og heldur áfram upp úr dalnum á Heljardalsheiði. Enginn eldri slóði er af þeim sökum greinilegur en leiðin er enn farin á hestum. Heljardalsheiði er á mörkum Skagafjarðar og Eyjafjarðar og nær mest í um 900 m.y.s. Þar er stórgrýtt landslag sem þó er gróið mosa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 308, KK III, 71 og SSE, 31

EY-143:010 *Unadalsjökull* heimild um leið 65°51.430N 18°51.758V

1839: "Um jökulinn fram úr nefndum Skallárdal liggja tveir vegir, annar ofan í áðurnefndan Deildardal að vestan, en hinn ofan í Unudal, sem liggur á hlið við hinn að austan." SSE, 78 "Norðan Heljardalsheiðar er hátt og toppmyndað klettafjall, Hnjótafjallið. Norður frá því liggur Unadalsjökull, tíðfarinn fyrr á tímum gangandi mönnum." Jökullinn var alsettur sprungum og ösku og ófær að mati heimildamanna.

Heimildir: Ö-Svarf, 308

EY-143:011 *Hvarfdalsskarð* heimild um leið 65°51.430N 18°51.758V

"Norður frá Unadalsjökli er Hvarfdalsskarð, sem gengið var, þegar farið var úr Svafaðardal í Stíflu í Fljótum." Leiðin var farin frá Atlastöðum eða utar úr Svarfaðardal og inn Skallárdal norðan (ofan) ár. Úr dalbotninum var farið upp og til hægri og síðan yfir Hvarfdalsskarð og niður að stíflu í Fljótum. Nokkrir slóðar eru greinanlegir inn Skallárdalinn og sumstaðar nokkrir samsíða á svipuðum slóðum og leiðin inn dalinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 308

EY-143:012 frásögn um mógrafir 65°51.241N 18°49.879V

Mógrafir voru þar sem nú er sléttuð tún, rétt ofan við skurð í fast vestan við tún. Þær eru 170-180 m innan og ofan við bæ (001) og 110-120 m innan við 014 en náðu einnig örlítið ofar. Þar sem mógrafirnar voru eru nú sléttuð tún. Þar er dálítill dæld þar sem grasið er ljósgrænna og lægra en annars staðar í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-143:013 náma mógrafir 65°51.217N 18°48.884V

Mógrafir eru 150-160 m sunnan (neðan) við þjóðveg inn Svarfaðardal og 60-70 m vestan (innan) við merki við Þorsteinsstaði. Grafir þessar eru um 20 m suðvestan við Stórhól og sjást enn. Allt umhverfis grafirnar eru sléttuð tún, Stórhóllinn er einnig sléttuður. Um 20 m sunnan (neðan) við grafirnar er langt og mjótt holt (aflangt austur-vestur) sem er þýft, sunnar (neðan) við tekur árbakkinn Grafirnar eru um 10 X 20-25 m að stærð og eru um 1 m á dýpt. Skurður liggur nyrst í gröfunum (NV-NA).

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-143:014 *Hesthúsgerði* hesthús 65°51.256N 18°49.725V

"Syðst á Uppvelli er Vallarskriða og utan við hana, neðantil, er Hesthúsgerði. Þar stóð hesthús fram á síðustu ár." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m norðvestan (ofan og innan) við íbúðarhúsið sem nú stendur á Atlastöðum er enn hesthúskofinn sem er úr torfi og grjóti með timburgrind. Hesthúskofinn er fast ofan við stóran bragga. Hesthúsið er á grösugu svæði fast ofan við útihús þau sem enn eru notuð á Atlastöðum.

Hesthúsið er á hæð en ofan við það er önnur hæð sem er grasi gróin og gæti verið grónar leifar öskuhaugs. Húsið er einfalt, 7,5 X 6 m. Grjóthleðslur eru í um 1,5 m hæð en ofan á þær hefur verið tyrft um 80 sm. Moldargólf er í húsinu og timburgrind. Þakið er tyrft ofan á bárujárnslag. Timburgrind hússins er byrjuð að gliðna. Op er á norðurvegg hússins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 308

EY-143:015 *Gamlibær* heimild um bústað 65°51.332N 18°49.707V


"Ofan við [Hesthúsgerði] er Gamlibær, því að þar stóð Atlastaðabærinn fyrrum. Utan við Gamlabæ og Hesthúsgerði fellur Bæjarlækurinn." segir í örnefnalýsingu. 20-30 m neðan við túngarðinn (023) og um 30-40 m neðan við fjallgirðingu sem girðir af tún er elsta bæjarstæðið, Gamlibær. Hóllinn er 180-200 m beint ofan við núverandi íbúðarhús og liggur þvergirðing upp túnið og þvert yfir hóllinn. Engar greinilegar tóftir eru á hólnum en hann er þýfður. Hóllinn er grasi gróinn og er í sléttuðu túni. Tún þetta er nú í nokkurri órækt. Hóllinn er um 2,5-3 m á hæð, 10-12 m á breidd en nálægt 30 m (30-40 m) á lengd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 308

EY-143:016 garðlag kálgarður

65°51.218N 18°49.577V

Kálgarður sem merktur er inn á túnakort frá 1917 sést enn um 20 m sunnan (neðan) við heimreiðina og um 40 m suðaustan (neðan og utan) við gamla bæinn (001). Garðurinn snýr austur-vestur (inn-út) í grasi gróinni brekku neðan íbúðarhússins. Hann er myndarlegur en suðurveggurinn er ógreinilegastur. Garðurinn skiptist í tvö hölf því lítið hölf (10 X 7 m) er austan (utan) við aðalhólfið (20 X 32 m). Veggir garðsins eru mest 1,2 m að þykkt en hæð þeirra er mest um 80 sm. Að innan sjást grjóthleðslur í norðurvegg.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-143:017 Skúlagerði tóft

65°51.321N 18°49.442V

"Enn utar [en Ytragerði], eða yzt og efst í túnjaðrinum, er önnur hæð. Það er Skúlagerði." segir í örnefnalýsingu. Skúlagerði er höll 150-200 m norðaustan (utar og ofar) en íbúðarhúsið á Atlastöðum. Höllin er 60-80 m norðan (ofan) við heimreiðina og liggur raflína yfir neðsta hluta hólsins. Á hólnum var þýflendi sem hugsanlega voru síðustu leifar mannvirkja þar en höllin var sléttaður fyrir allnokkru og er því rennisléttur nú. Innan og neðan við hólinn eru sléttuð tún en annars er þýflendi í kring.

Heimildir: Ö-Svarf, 308

EY-143:018 Fjóshóll heimild um fjós

65°51.248N 18°49.642V

"Á hólí skammt utan við bæinn stóð fjósið ..." segir í örnefnalýsingu. Fjósið var austan (utan) við gamla bæinn (001) en vestan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Atlastöðum. Fjósið var nokkurn veginn þar sem bakgarður íbúðarhússins er nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 308

EY-143:019 náma mógrafir

65°51.261N 18°50.077V

Mógrafir sjást enn í hólunum 20-30 m suðaustan (utan og ofan) við Atlastaðastekki (021). Grafir þessar eru enn greinilegar og ná norður frá skurði sem er á þessum stað. Grafirnar eru um 150 m norðvestan (utar og ofar) við 012. Mógrafirnar eru neðst í túni. Þær eru enn rakar þó þær séu ekki nema 20 sm djúpar og grónar lágu grasi. Grafirnar eru L-laga og 25 X 35 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-143:020 heimild um útihús


65°51.204N 18°49.592V

"Á hólí skammt utan við bæinn stóð fjósið og utar Lambhúsin og enn eitt peningshús neðar." segir í örnefnalýsingu. Rutt var úr tóftarbrotunum þegar vegurinn var gerður. Þau voru beint neðan við Lambhúsið (004) í brekkunni sem er milli íbúðarhúss og þjóðveggar. Það var á lítilli hæð en henni var rutt út um leið og tóftunum og eru því engin ummerki um húsið lengur. Grasi vaxin brekka milli þjóðveggar og íbúðarhúss.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 308

EY-143:021 Atlastaðastekkur stekkjartóftir

65°51.274N 18°50.110V



"Mýri allstór liggur suður frá bænum. Syðst á henni er hæð, rétt við Skallárgil. Þar stóð Atlastaðastekkur. Lengra suður með gili árinna er bogmyndaður hvammur, sem heitir Stekkjarmýri. Sunnan við stekkin er Stekkjarholt og Stekkjarlækur." segir í örnefnalýsingu. Atlastaðastekkur er 300-350 m norðvestan


(ofar og innan) við gamla bæinn (001). Stekkurinn er 20-30 m norðan (ofan) við mógrafarnar (019). Hann er um 40 m vestan (innan) við vestustu tún. Atlastaðastekkur er um 50 m ofan við hálsenda Hnjótafjalls þó Skallárgil sé á milli. Stekkurinn er á grösugri en þýfðri hæð innan við innstu tún á Atlastöðum.

Greinilegustu stekkjartóftirnar (a) eru á hæð sem er suðvestarlega á svæðinu. Þar er nokkuð stór tóft, 15 X 12 m að stærð. Op er á vesturvegg hennar og er hún tvískipt. Tóftin er grjóthlaðin að innan og um 0,5 m á hæð. Ytra hólfíð er sporöskjulaga en inn af því virðist minna, ferhyrnt hólf hafa verið. Ekki er þó hægt að merkja hvar opið milli hólfanna hefur verið. Utan við tóftina (áfastar henni) eru þúfnaraðir sem gætu verið síðustu leifar af þremur hólfum til viðbótar, mun óskýrari. Um þetta er þó erfitt að fullyrða enda svæðið hlaupið í þúfur. Um 15 m norðaustar er svo önnur hæð með greinilegum mannvistarleifum (b). Tóft er ofan á hæðinni en nákvæmt lag hennar er erfitt að greina. Hún virðist hafa verið um 15 X 6 m að stærð. Fast norðaustan við (b) er annar hóll lítill (c), fagurgrænn og þýfður en ekki er hægt að greina

Hættumat: hætta, vegna túnræktar
Heimildir: Ó-Svarf, 308

EY-143:022 Á Stekkjum stekkjartóftir

65°51.329N 18°50.595V



"Sunnan við stekkin [021] er Stekkjarholt og Stekkjarlækur. Nokkru ofar er hjallalöguð hólabyrping með mörgum stekkjartóftum, og kallast þar Á Stekkjum." segir í örnefnalýsingu. Innan við stekkin (021) taka við með mörgum, fremur smáum hólum og mýrarsvæðum inn á milli. Innarlega á þessu svæði og skammt utan við þar sem Hólarnir hefjast gengur tungumynduð hæð út úr hliðinni, á henni eru stekkjarrústir. Rústirnar eru um 250 m ofan við Skallalæk. Þær eru nærri því að vera 740

m beint innan (vestan) við bæjarstæðið (001). Svæðið er grasi gróið en neðan við er Stekkjarmýrar.

Tóftasvæðið er um 25 X 22 m að stærð. Tóftirnar eru alveg grónar og sums staðar er erfitt að greina nákvæma lögun þeirra. Þó virðist sem um 2-3 tóftir sé að ræða. Innst er greinileg tóft (a). Hún er 10 X 3,5 m að stærð. Op er á norðurhlið hennar og er það sú hlið sem er greinilegust. Suðurhlið þessarar tóftar er fremur ógreinileg. Tóftin skiptist í tvö hólf. Sunnan úr þessari tóft virðist veggstúfur ganga 5 m í krók. Austan úr tóftinni gengur einnig garðlag sem tengir tóft (a) við (b). Tóft (b) er 5 m austar og örlítið neðar. Hún skiptist einnig í 2 hólf og er 5 X 4 m að stærð. Op er á suðurvegg hennar. Rétt vestan við (a) tekur við

aflöng dæld (c) sem er 8 X 3 m að stærð og snýr (austur-vestur). Á þessum stað eru hugsanlega þriðja tóftin komin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 308

EY-143:023 garðlag túngarður

65°51.349N 18°49.781V

Túngarður er greinlegur ofan túns á 80-90 m kafla. Garðurinn sést í norðurjaðri túns, svo til beint (220-230 m) ofan við íbúðarhús. Hann er greinilegur um 10 m ofan við 007. Túngarðurinn er í túnjaðri og mestur hluti hans hefur verið sléttaður. Hann er alveg hlaðinn úr torfi og hvergi sjást grjóthleðslur. Garðurinn er um 90 m á lengd og tæpur metri á breidd. Hann er mest 0,4 m á hæð og er greinanlegur á kafla ofan við tún.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-143:024 *Litlibær* tóft bústaður


65°51.417N 18°49.506V

"Yzt í Króki er lítið gerði sem kallast Litlibær. Eru þar ævaforar, vallgrónar húsarústir, svo að telja má víst, að þar hafi býli verið." segir í örnefnalýsingu. Tóft Litlabæjar er 250-300 m ofan við veg. Hún er nálægt því að vera miðja vegu milli íbúðarhúsanna á Þorsteinsstöðum og Atlastöðum en eru örlítið nær því síðarnefnda. Tóftin er um 5 m vestan (innan) við Skúlalæk. Hún er á hæð eða hól í þýfðu túni þar sem stórgripir eru hafðir til beitar.

Tóftin er 16 X 10 m að stærð og virðist þrískipt. Hún er fornleg og veggir hennar eru 2-3 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Greina má í grjóthleðslur á einstaka stað. Um 10 m ofan við tóftina er annar þýfður bakki en ekki er hægt að greina eiginlegar tóftir á honum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 309



EY-143:025 seltóftir

65°51.280N 18°50.741V



seltóftir – horft til suðurs

"Yzt og fremst á Hólum eru fornar seltóftir." segir í örnefnalýsingu. 120-140 m innan við 022 og örlítið neðar eru ytri seltóftirnar við Hólana. Þær eru mjög utarlega í hólunum en aðrar seltóftir eru innst í hólnum (037). Ytri seltóftirnar eru um 60 m frá hólbrún en frá henni og ofan í Skallá er þverhnipt. Tóftirnar eru í grasi vaxinni dæld milli hóla. Lítill lækur kemur að ofan og rennur fast sunnan við tóftirnar í krók.


Á svæðinu eru 2 tóftir. Sú stærri er þrískipt, 9 X 12 m að stærð, með 2 op á norðurhlið en eitt á suðurhlið. Um metra norðan við austara hólfið er önnur tóft ferhyrnd og 4 X 4 m að stærð. Op er á henni á norðurhlið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 309

EY-143:026 *Urðasel* seltóftir

65°51.299N 18°50.458V



"Gegnt Skallárdal, vestan megin hálsins, er kallað Hnjótarnir að vestan, en kjálkinn austan megin Hnjótarnir að austan. Gamlar seltóftir eru beggja megin hálsins, en

nafnlausar báðar." segir í örnefnalýsingu. Rétt örlítið utar en á móts við Stekkjarmýri (022) eru seltóftir sem munnmæli segja að hafi verið frá Urðum. Tóftin er 60-80 m utar en 022 sem er handan Skallár og um 60 m sunnan (ofan) við ána. Selið er í sléttum bolla sem er fast við norðurrætur hálsins, milli hans og Skallár. Bollinn er eins konar hálfhringur og er um 80-90 X 200 m að stærð. Bollinn er vaxinn lágvöxnu grasi og kjarri. Norðan við hann er Skallá en sunnan við er hálsinn sem er grýttur en vaxinn lyngi og mosa.


Seltóftin er utarlega í bollanum. Hún er 24 X 6,5 m að stærð og um 0,6 m á hæð. Hún er fjórskipt. Ekki eru op milli hólfanna en á innsta og ysta hólfinu eru op til norðurs en á miðjuhólfunum tveimur eru op á suðurvegg. Grjóthleðslur er hægt að greina á stöku stað.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Svarf, 309

EY-143:027 seltóftir

65°51.024N 18°50.497V



"Gegnt Skallárdal, vestan megin hálsins, er kallað Hnjótarnir að vestan, en kjálkinn austan megin Hnjótarnir að austan. Gamlar seltóftir eru beggja megin hálsins, en nafnlausar báðar." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m innan við Réttarhól (028) og 30-40 m neðan við vegarslóða sem liggur inn Svarfaðardalsbotnin n eru seltóftir. Tóftirnar eru á

grösugri hæð ofan við árbakkann. Hóllinn er grasi gróinn en allt í kring er þýflendi.

Hæðin sem tóftin er á gengur austur-vestur (út-inn). Á henni eru tvær tóftir og sú þriðja virðist vera 10-15 m neðan við hólinn. Nálega á miðjum hólnum er stærsta tóftin (a) sem er 17 X 6 m að stærð. Hún er þrískipt og er með þremur opum sem öll eru á suðurhlíð. 2 m austan við þessa tóft er önnur óglögg (b) sem virðist þó vera tvískipt og um 8 X 5 m að stærð. Op er einnig á henni á suðurvegg. Tóftin neðan við hólinn (c) er 4 X 3 m að stærð og er ekki greinanlegt op á henni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Svarf, 309

EY-143:028 *Réttarhóll* garðlag rétt

65°51.045N 18°50.409V

"Ef farið er vestur yfir Heljardalsheiði, liggur leiðin fram Hnjóta, austan hálsins. Sunnan við Skallána tekur

þá fyrst við Réttarhóll." segir í örnefnalýsingu. Garðlag liggur norður-suður (upp-niður) skammt (um 150 m) innan við Skallá og í vesturjaðri Réttarhóls. Það liggur frá hæð sem er fast ofan við vegarslóða sem liggur inn Svarfaðardalinn og niður að Svarfaðardalsá. Síðustu 40 m að ánni er garðlagið óljóst en þó er greinileg grjóthleðsla í hólnum skammt frá ánni. Garðlagið liggur í þýfðum haga í jaðri Réttarhóls.

Garðlagið er 1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Það er um 150 m á lengd. Ljósleiðari hefur verið lagður þvert á garðinn ofarlega og er líkt og þar hafi áður verið einhvers konar kofi en grjótinu úr honum hefur verið rutt í hrúgu við garðinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 309

EY-143:029 *Grafarhólar* örnefni mógrafir

65°50.943N 18°51.243V

"Ef farið er vestur yfir Heljardalsheiði, liggur leiðin fram Hnjóta, austan hálsins. Sunnan við Skallána tekur þá fyrst við Réttarhóll. Litlu ofar eru Grafarhólar, ..." segir í örnefnalýsingu. Grafarhólar eru lágir melhólar sem taka við innan við balann sem er við Réttarhól. Vegarslóðin inn Svarfaðardal liggur um hólana. Milli lyngivaxinna og lágra hóla er hvompur eða dældir á tveimur stöðum. Er hugsanlegt að þar hafi verið mógrafir en svæðið er nú alveg gróið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 309

EY-143:030 *Stórararða* varða landamerki

65°49.676N 18°57.604V

"Frá svokallaðri Stóruvörðu, er stendur á Heljardalsheiði, liggur leið til hægri handar yfir Deildardalsjökul niður í Deildardal í Skagafjarðarsýslu. Þangað mun vera um míla vegar frá nefndri vörðu." segir í sóknarlýsingu frá 1939. "... Stóruvörðubrekka er löng og endar við Stóruvörðu, er stendur á mörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu, Svarfaðardals og Kolbeinsdalsafreittar." segir í örnefnalýsingu. Stórararða er á Heljardalsheiði í skarði sem þar er á sýslumörkum. Varðan er um 50 m sunnan (neðan) við sæluhús og um 20 m sunnan við mjög grýttan vegarslóða sem liggur yfir í Skagafjörð. Hún er 160-180 m norðan (ofan) við grjóthleðnu tóftina (040). Varðan er á grýttum mel.



Stórararða – horft til suðurs

Varðan er 2,5 m á hæð og um 2 m á hverja hlið. Hún er rúnuð, hlaðin úr smáu grjóti og örlítið mosagróin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSE, 31; Ö-Svarf, 309


EY-143:031 tóft

65°51.375N 18°49.751V

Nokkru norðar (ofar) en túngarður og utan við Hesthúshól er tóft í hóljaðrinum. Tóftin er um 30 m ofan við girðingu sem girðir af tún og næstum beint fyrir ofan elsta bæjarhólinn (015). Tóftin er á grasi grónu en mjög þýfðu svæði neðst í fjallshlíðinni.

Tóftin (a) er á kafi í grasi og umhverfis hana er þýflendi þannig að ekki er óhugsandi að þar hafi fleiri tóftir verið sem nú eru horfnar í þýfi. Tóftin er fremur fornleg. Hún er 15 X 5 m að stærð og virðist op hafa verið á suðurvegg. Tóftin hefur verið þrískipt. Austan við tóftina er sérstaklega þýft svæði og virðist a.m.k. mega sjá móta fyrir einni einfaldri tóft þar (b). Veggir tóftarinnar eru 1,2-1,5 m á breidd en 0,2-0,3 á hæð.


Hættumat: engin hætta



EY-143:032 útihústóft

65°51.322N 18°49.847V

Tóft er suðvestan við 007 og um 30 m neðan við girðinguna sem girðir tún frá fjallshlíð. Hún er á þýfðu



svæði en virðist fremur ellileg. Hún er beint vestan (innan) við elsta bæjarstæðið (015). Tóftin er á svæði þar sem kargaþýfi er.

Tóftin er að miklu leyti hlaupin í þúfur þó enn megi vel greina að á þessum stað hefur verið rúst. Tóftin hefur upphaflega verið tvískipt en austara hólfi hennar er nú vart greinanleg. Tóftin hefur verið um 10 x 9 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-143:033 útihústóft

65°51.311N 18°49.826V


Tóft er suðvestan við 007 á þýfðu svæði. Hún er um 15 m suðaustan við 032 og er fast við uppþornaðan lækjarfarveg. Tóftin er um 20 m ofan við skurð sem gengur austur-vestur (út-inn) ofan við bragga og Hesthúsgarði (014) í túninu (um 50 m ofar). Tóftin er á svæði þar sem kargaþýfi er.

Tóftin er einföld og er einungis hægt að greina tvo veggja hennar en þeir eru um 4 X 2 m að stærð. Hæð tóftarinnar er um 0,3 en breidd veggja 0,6 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-143:034 tóftir

65°51.356N 18°49.739V




Um 5 m ofan við túngarð og um 30 m norðaustan við elsta bæjarstæðið (015), er alveg gróin og útflött tóft. Hún er 15-20 m suðvestan við 032 og rétt austan við hana er þúst eða alveg sigrin tóft. Tóftin er á þýfðum, grasi vöxnum hól. Hún er við suðaustur jaðar Hesthúshóls.

Tóftin (a) er á hólnum og er alveg sigrin þannig að ekki er hægt að greina nema útlínur hennar. Tóftin er 14 X 7 m að stærð og virðist jafnvel hafa verið tvískipt. Op er á suðurhlið hennar. Rétt ofan við tóftina er dæld

sem gæti hugsanlega verið alveg sigrin og útflött tóft. Um 15 m austan við hana er einnig löng og mjó dæld (b) sem er 12-14 m á lengd en 5-6 m á breidd. Ekki er ólíklegt að á þessum stað sé sigrin rúst en ekki er hægt að greina afgerandi veggja og því óhægt að dæma um það.

Hættumat: engin hætta



EY-143:035 útihústóft

65°51.338N 18°49.756V

Tóft er 20-30 m norðvestan við elsta bæjarstæðið (015) en 30-40 m suðaustar (utar og neðar) en 007. Tóftin er fremur ofarlega í sléttuðu túni. Hún (a) er alveg gróin og sums staðar hlaupin í þúfur. Svo virðist sem sléttað hafi verið yfir stóran hluta hennar. Tveir veggir eru greinanlegir (7 X 8 m). Um 2 m suðvestan við hana er önnur dæld (b) þar sem minni tóft (3 X 3 m) hefur verið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-143:036 garðlag kálgarður

65°51.292N 18°49.706V

Um 5 m neðan við 006 má greina óljósar leifar kartöflugarðs. Hann er sunnan í brekkunni sem 006 er á. Garðurinn er tæpum 100 m norðan við gamla bæinn (001). Allt umhverfis eru tún sem þó eru þýfð.

Garðurinn er 12 X 12 m að stærð. Hann er einungis greinanlegur á kafla og eru norður og vesturveggir hans sámilega skýrir. Garðurinn er um 0,2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-143:037 seltóftir

65°51.405N 18°51.749V

"Yst og fremst á Hólunum eru fornar seltóftir" segir í örnefnalýsingu. Sel er innst í hólunum, fremur neðarlega. Það er í kringum 800 m innan við 025. Þar eru þýfðir og grýttir hólar og sést í beran melinn í toppinn. Selið er í svipaðri hæð og 025 en fast innan við tóftirnar er bugða á ánni og rakt og slétt undirlendi tekur við. Tóftirnar eru á hæð en eru þó í e.k. dæld milli hólanna, nálega þar sem þeir enda. Svæðið er um 60 X 35 m að stærð.

Á svæðinu eru 3 greinilegar tóftir og 2 þústir til viðbótar. Tóftirnar eru grónar og mikið þýflendi er í kringum þær. Nyrst er þrískipt tóft sem er um 11 X 4 m að stærð (a). Um 18 m suðvestan við hana er önnur tóft, tvískipt. Tóft þessi er 6 X 14 m að stærð. Um 9 m austan við suðurenda (b) er (c). Hún er 16 X 6 m að stærð og er einnig þrískipt. Hún er alveg gróin, og að hluta ógreinleg. C er á hólí en neðan við hann tekur við þýflendur bakki (30 X 60 m) og rakt svæði. Um 10 m suðaustan við (c) er uppspretta (f) og vestan við hana eru tvær þústir (d) (2 X 3 m) og (e) (4 X 4 m) sem virðast útflattar leifar af tóftum.

Heimildir: Ö-Svarf, 209


**EY-143:038** Geitastekkur stekkjartóft

65°51.094N 18°50.187V

30-40 m vestan (innan) við þverhnipt gil Skallár og um 30 m norðan við bíslóða sem liggur inn Svarfaðardalinn er Geitastekkur í hólunum á Hnjótafallshálsi. Hálsinn er á þessum stað hæðóttur, þýfður og lyngivaxinn, hóltoppar gæjast upp úr lyngi- og mosaklæddum hlíðum.

Stekkurinn er einfaldur 7 X 5 m að stærð. Op er á honum til suðurs. Grjóthleðslur eru greinanlegar á einstaka stað.

Hættumat: engin hætta

**EY-143:039** varða samgöngubót

65°50.138N 18°55.926V


Um 5 m sunnan við bíslóða sem liggur inn Svarfaðardalinn og upp á Heljardalsheiði er hlaðinn varða. Hún er í hlíðinni þar sem farið er upp úr Svarfaðardalnum. Varðan er um 5 m norðan við Svarfaðardalsá. Í kringum vörðuna er mosavaxin urð. Vaðan er um 2 m á hæð en 1,3 m á breidd.

Hættumat: engin hætta

EY-143:040 sæluhússtóft

65°49.622N 18°57.456V

"Einkennilegt er það að fyrir nokkrum árum rakst Jónas Hallgrímsson á Dalvík, mikill fjallaskoðari á sínum tíma, á rúst af tvírýmdu húsi þar uppi á heiðinni [Heljardalsheiði] í tæplega 200 m fjarlægð suðvestur af




Stóruvörðu." segir í Árbók Ferðafélagsins. 160-180 m suðvestan við Stóruvörðu (030) og 230-250 m suðvestan við nýlegt sæluhús er hlaðinn kofi. Allt umhverfis kofann er mjög stórgrýtt en þó er örlitill mosagróður á þessum stað. Skammt vestar tekur við fjallshlíð sem í ágúst er hulin snjó í dældum. "Rústin er mjög greinileg og er hluti vegghleðslunnar á annan metra á hæð. Furðulegt má kalla að nú skuli enginn

kannast við að hafa séð þessa húsarúst fyrr. Það hljóta þó einhverjir að hafa gert svo stutt sem staðurinn er frá þessari fjölförnu leið." segir í Árbók Ferðafélagsins.

Kofinn er alveg hlaðinn úr grjóti. Hann er 17 X 7 m að stærð. Op er bæði á norður- og suðurhlíð tóftarinnar. Veggir eru um 2 m á breidd. Í grein í Árbók Ferðafélagsins er lagt til að þetta sé sælukofi og að Hólastóll hafi átt hlut í máli við að reisa kofann.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Árbók Ferðafélagsins, 1991: 79-81



EY-144 Kot

20 hdr. 1712.

Möðruvallaklaustursjörð

. Vífilsstaðir eyðibýli framan við Kot og mun það haf verið á afrétt þeirri sem Hólastóll átti og nefnd var Vífils(staða)fjall - JJ, 291.

1839: "Hefur enginn enn nú getað sagt, hverjum

[Vífilsstaðaland]

tilheyrir, og hefur þó ýtarleg rannsókn þar um gjörð verið." SSE, 78. Litlakot var einnig hjáleiga á 19. öld.

1917: 3.3 ha. Garðar 160 m².

1990: "Túnin eru öll á lengdina á mjóum krika meðfram ánni ..." BE 1990,

EY-144:001 Kot

65°51.027N 18°50.010V

bæjarhóll bústaður

Gamli bærinn í Koti, sem merktur er inn á túnakort frá 1917, stóð um 60 m vestan (utan) við núverandi íbúðarhús. Vegarlóði liggur frá íbúðarhúsinu í vestur að útihússamstæðu og er gamla bæjarstæðið um 15 m sunnan við slóðann. Þar sem gamli bærinn stóð er greinileg hæð í túni og ekki er ólíklegt að mannvistarleifar sé að finna neðanjarðar. Yngsta húsið sem byggt var á þessum stað var steipt en ekki var kjallari undir því. Grunnur þess er enn greinilegur. Á svæðinu er greinanlegur steiptur húsgrunnur en þar er nú geymt vélarúsl. Allt umhverfis eru sléttuð tún. Höllinn er stór en lágur. Hann er 50 X 40 m að stærð.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-144:002 heimild um fjárhús

65°51.018N 18°56.029V

Um 8 m vestan (innan) við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Staðurinn er í raun á bæjarhólnum en engar leifar hússins eru merkjanlegar. Dældir eru í hólnum þar sem það stóð. Á svæðinu er greinanlegur steypur húsgrunnur en þar er nú geymt vélarusl. Allt umhverfis eru sléttuð tún. Hóllinn er stór en lágur. Hann er 50 X 40 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


EY-144:003 útihústóft

65°51.007N 18°50.095V

Tæpa 40 m vestan (innan) við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Merki hússins eru enn greinileg 30-40 m sunnan (ofan) við steypu útihúsasamsstæðuna á Koti. Tóftin er á grösugum og sléttum hól. Tóftin er 14 X 13 m að stærð og virðist vera skipt í 2-3 hólf. Hún er stæðileg en lítið kofaræksni hefur verið byggt í hluta hennar auk þess sem mikið af drasli hefur verið fleygt í hana. Því er erfitt að greina nákvæma lögun hennar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-144:004 Litlakot bæjarhóll býli

65°50.990N 18°49.997V


"Fyrir sunnan Kot, fyrir allöngu síðan, var bær, er hét Litlakot. Nú stendur þar hesthús frá Koti." segir í örnefnalýsingu. Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 45 m sunnan við gamla bæinn (001). Þar var hesthús sem gekk undir nafninu Litlakot. Engin merki mannvistar eru greinileg á þessum stað. Hæð er í túni á þessum stað en umhverfis sléttuð tún í allar áttir. Litlakot er sunnan við bæinn en í örnefnalýsingu er inn með dalnum vanalega kallað suður en hið eiginlega suður austur. Samkvæmt því ætti Litlakot að vera innan við bæinn en ekki neðan (sunnan) við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 307

EY-144:005 heimild um útihús

65°51.061N 18°49.826V



Um 150 m austan (utan) við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engar leifar þess eru nú greinilegar en húsið hefur verið á svipuðum slóðum og vegurinn heim að Koti (eða aðeins utar) og er það líklegasta skýringin á því hvers vegna engar leifar hússins sjást nú. Í jaðri vegar eða á þýfðu svæði vestan við veginn. Engar leifar hússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-144:006 útihústóft

65°50.990N 18°49.915V

Næstum beint austan við (utan við) 004 og um 50 m ofan við íbúðarhúsið í Koti er langur hóll sem kallaður var Geitakofahóll. Tóftir eru bæði austan og vestan í honum. Vestan í hólnum er gróin tóft sem að miklu leyti hefur verið hlaðin úr stórum steinum en er nú gróin. Tóftin er vestan í löngum og grýttum hól en vestan við hana eru sléttuð tún. Tóftin er um 13 m að lengd en um 4 á breidd. Hún er ógreinileg en virðist þó skiptast í tvö hólf.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-144:007 Vífilsstaðir bæjarstaði býli


65°50.698N 18°51.749V

"Um tveggja kílómetra leið suður frá Litlakoti eru Vífilsstaðir. Hefur sú jörð verið í eyði síðan fyrri hluta 19. aldar. Má enn glögglega sjá landamerkin milli jarðanna (merkjararð). Heima á Vífilsstöðum má enn af

tóftunum sjá húsaskipun bæjarins, fjárhústóftir út og niður á túninu og túngarð kringum nokkurn hluta túnsins.[...] Svo er sagt, að skriðuföll hafi lagt Vífilsstaði í auðn, enda má sjá þess glögg merki, að grjótskriða all-mikil hefur fallið yfir verulegan hluta túnsins. Nú eru þar búfjárhagar frá Koti."segir í örnefnalýsingu. Jarðabók "1802 segir, að hér sé við afrétt, sem Hólastóll eigi, og kallað er Vífilstaðafjall, og hafi þar stundum verið bygð, en eigi getað haldizt við, vegan slægnaleysis." JJ, 291

Bæjarhúsin á Vífilsstöðum eru 1,5 km innan við Kotsbæinn. Vífilsstaðir eru um 80 m sunnan við ána. Skilti með bæjarnafninu er í tóftunum miðjum. Sunnan við bæinn er greinilegur túngarður en auk hans og bæjartóftar eru 4-5 aðrar tóftir á svæðinu. Tún Vífilstaða er grösugt og slétt. Ofan við túngarðinn er hins vegar þýfðara svæði. Vestarlega á svæðinu (sunnan við túngarðinn) rennur lítill lækur sem svo beygir til norðurs og rennur í Dalsá. Túngarðurinn beygir með honum og endar þar. Til austurs endar túngarðurinn á skriðu sem greinilega hefur fallið á tún Vífilsstaða.

Innan túns er bæjarhóllinn um 15 m norðan við túngarðinn. Bæjarhóllinn er tæpir 30 m á hvorn veg en fram (norður) af honum gengur þýft og upphleypt svæði þar sem þó er ekki hægt að greina neinar tóftir. Bærinn (a) er fallinn og ógreinilegur en virðist þó skiptast í 7-8 hólf. Á örfáum stöðum er hægt að greina grjóthleðslu. Um 20 m norðan við bæinn er vel gróin tóft (b) þar sem engar grjóthleðslur eru merkjanlegar. Tóftin skiptist í tvö hólf og er um 5 X 5 m að stærð. Hún er kringlótt en aftan (sunnan) við hana er ferhyrnd dæld sem gæti verið hólf. Beint ofan við bæinn, samföst túngarðinum er önnur tóft (c) sem virðist skiptast í þrjú hólf en sérkennilegt er að svo virðist sem dyr tóftarinnar séu í gegnum túngarðinn. Um 50 m beint austan við bæinn er önnur útihústóft (d). Hún er 11 X 5 m að stærð og op virðist vera til norðurs.



Þar sem túngarður og lækur beygja til norðurs og klauf kemur í landslagið er enn önnur tóft (e). Þessi tóft er allsérstæð. Hún er um 25 m að lengd en 15 m að breidd. Hún er eins og hálfhringur sem skipt er í tvennt. Vel getur verið að upphaflega hafi verið um hring að ræða en lækjardrag er eftir tóftinni miðri og austan við það er hringurinn mjög ógreinilegur. Vestari hluti hringins er hins vegar greinilegur og skiptist upp í tvo fjórðunga. Í syðri fjórðungnum virðist vera lítill ferhyrnd tóft. Þó er hún fremur óljós. Austan við túngarðinn og lækinn er enn önnur tóft, um 20 m norðvestan við (f). Þetta er einföld tóft sem er 9 X 5 m að stærð og er með op til norðurs. Túngarðurinn er um 1,5 m að breidd en 0,4 m að hæð og er hann um 250 m langur. Utan við þær tóftir sem hér hafa verið taldar upp er sérkennilegt hringlaga þúfnasvæði austan við þúfnahæðina sem gengur fram af bænum. Hringur þessi er óljós en virðist helst til reglulegur til að geta verið náttúrusmíð. Hann er um 9 X 9 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 307

EY-144:008 garðlag landamerki

65°50.764N 18°51.152V

"Um tveggja kílómetra leið suður frá Litlakoti eru Vífilsstaðir. Hefur sú jörð verið í eyði síðan fyrri hluta 19. aldar. Má enn glögglega sjá landamerkin milli jarðanna (merkjagarð)." segir í örnefnalýsingu. Leifar landamerkjagarðs eru ekki lengur mjög glöggar. Garðurinn sést þó uppi í fjallshlíðinni ofan við efstu tún enda hefur hann vafalaust verið fluttur út við túnarækt neðar. Garðurinn er tæpum kílómetra innan við

Kotsbæ. Garðurinn liggur í lyngivaxinni og þýfðri fjallshlíð. Landamerkjagarðurinn er um 1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Hann er alveg gróinn og sést á um 50 m kafla.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 307


EY-144:009 *Geitakofahóll* geitakofatóft

"Utan við tún í Koti er breiðvaxinn, grýttur hóll, er nefnist Geitakofahóll." segir í örnefnalýsingu. Geitakofahóll er um 40 m ofan við íbúðarhúsið á Koti. Tóftir eru bæði austan og vestan við hóllinn en talið er að s.k. Geitakofatóft sé austan hólsins. Tóftin er um 30 m austan við 006. Hún er í hóljaðri, fremur neðarlega. Utan við hóllinn er þýft svæði en innan við hann eru sléttuð tún. Tóftin er tvískipt og er 9 X 5 m að stærð. Op er á henni til norðurs (upp). Tóftin er 0,5 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 307

65°51.017N 18°45.861V



EY-144:010 *Gerði* beitarhúsatóft

"Nokkru utar og neðar með hálsinum [en Geitakofahóll - 009] er fjárhúsatóft á öðrum minni hól. Var sauðum frá Koti haldið þaðan til beitar í hálsinum. Á þessum stað heitir Gerði eða Kotagerði." segir í örnefnalýsingu. Gerðin voru þar sem nú eru tún 150-200 m austan (utan) við Torfhól (017). Gerðin voru á hæð fremur ofarlega í sléttuðum túnunum.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 307

65°49.979N 18°49.268V

EY-144:011 *Einarsgerði* tóft


"Önnur tóftabrot, mjög gömul, eru við hálsræturnar litlu utar og heita Einarsgerði. Er svo sagt, að sá hafi verið kallaður Kapla-Einar, sem þar byggði fyrst." segir í örnefnalýsingu. Austan við bæjarhúsin taka við sléttuð tún sem ná langt í átt að merkjum. 10-20 m austan við það tún sem nær hæst upp í brekkuna/fjallshlíðina eru tveir grónir hólar og á þeim er Einarsgerði. Tóftirnar eru um 800 m utan við bæ. Hólarnir eru gróðurlitlir, neðan við þá eru sléttuð tún en ofan við lyngivaxin og þýfð fjallshlíð.

Tóftirnar á þessum hólum eru mjög signar og ógreinilegar og tóftin á neðri hólnum svo óskýr að erfitt er að greina lögun hennar. Tóftin á efri hólnum (a) virðist stærri og skiptist í 3 hólf. Hún er um 12 m á lengd en 5 m á breidd. Um 5 m neðan við þennan hól er svo sá neðri en hann er einnig aðeins austar. Á honum virðist einnig hafa verið tóft (b) en erfitt er að greina lögun hennar. Hún hefur þó verið nálægt því að vera 5 m á breidd en 6 m á lengd og virðist skiptast í 2 hólf. Tóftirnar eru mjög signar og útflettar og eru þær einungis 0,1-0,2 m að hæð.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 307


65°51.001N 18°48.967V



EY-144:012 *seltóftir*

"[Í Vatnsdal] eru Viðihólar, öðru nafni Vatnsdalshólar, og ofanvert í hólunum gamalt Sel. Þarna fæddist Þorleifur jarlaskáld, ef treysta má frásögn Svarfdælu .." segir í örnefnalýsingu. Á brún ofan við Vatnsdalsá, í Vatnsdalshólunum er sel. Selið er aðeins örlítið utar en selið frá Skeiði (Ey-145:017, í um 100 m fjarlægð) og stutt frá Skeiðsvatni. Selið er á grasi grónu svæði sem er milli tveggja lauta (og skriðna sem fallið hafa úr þeim) í fjallinu. Allt umhverfis grastunguna eru þýfðir móar.

65°50.256N 18°48.492V




"Ásgeirr [rauðfeldur á Brekku] hafði selfor þat sumar uppi í Vatnsdal; hafði kona hans þar umsýslu bús ok smalaferðar. Sá atburðr varð, at hon varð léttari í smalaferðinni ok fæddi sveina tvá í Vatnsdalshólum, þeim er Víðihólar hétu." ÍF IX, 153. Það eru einnig selrústir Skeiðsmegin í dalnum sem hafa verið taldar sama og þetta Brekkusel - Ey-145:017.

Tvær greinilegar tóftir eru á svæðinu en auk þess 2 þúfnaklasar sem ekki er hægt að útiloka að séu alveg útflattar og næstum horfnar tóftir. Selið stendur á lítilli tungu sem gengur út í ána. Það er tvískipt tóft sem er 8 X 4 m að stærð. Op hefur verið á austurhlið tóftarinnar en hugsanlega einnig á vesturhliðinni. Beint framan við selið, alveg á tungubroddinum er annar þúfnaklasinn. Um 2 m ofan við tvískiptu tóftina er önnur einföld með op til vesturs og er hún 8 X 3 m að stærð. 5 m suðaustan við tvískiptu tóftina er svo annað þúfnasvæði sem ekki er með greinilega mynd. Um 25-30 m sunnan við tóftina er svo garðlag sem gert hefur verið úr skriðunni sunnan við selsvæðið því um 50 m ofar sameinast garðlagið skriðunni.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 307

EY-144:013 stekkjartóft

65°50.957N 18°50.863V



Fast sunnan við Svarfaðardalsá og 650-700 m vestan (innan) við Kot, eru greinilegar leifar af grjóthlöðnum stekki. Stekkurinn er á fremur lágum og

Stekkur – horft til norðurs

grýttum árbakka og er næstum alveg hlaðinn úr grjóti. Við stekkin rennur áin í tveimur kvíslum en sameinast aftur við ytri enda hans.

Stekkurinn er tvískiptur. Hann er 11 X 7 m að stærð og er hlaðinn á árbakka upp við bratta brekku. Yfir grjóthleðslur innra hólsins er eins og hafi verið tyrft einföldu lagi en annars er stekkurinn alveg hlaðinn úr grjóti. Op er á stekknunum til austurs og er hann mest um 0,9 m á hæð. Áin hefur greinilega gengið nærri stekknunum á einum stað (vestarlega) því þar hefur hrúnið út úr hleðslunum.

Hættumat: hættu, vegna vatnsaga

EY-144:014 garðlag óþekkt

65°50.989N 18°50.216V

Um 80 m beint innan við 003 er greinilegt garðlag á hólsvæði sem þar er. Við Svarfaðardalsá er lágur árbakki en skammt sunnan við tekur við brekka og þar fyrir ofan umrætt hólsvæði. Garðlagið nær frá hólbrún og í um 30 m. Það er um 170 m austan við gamla bæinn (001). Garðlagið liggur um grasi gróid hólsvæði. Garðlagið er um 2 m að breidd en 0,3 m á hæð. Það er um 30 m langt.


Hættumat: engin hættu

EY-144:015 kvíatóft

65°50.988N 18°50.152V

Milli 20-30 m beint vestan (innan) við 003 eru mjög grónar tóftaleifar í hóljaðri. Leifar þessar hafa verið rétt utan við túngarðinn og staðsetning þeirra og lag bendir til að þær gætu verið kvíar. Tóftin er á grasi vöxnu svæði í hóljaðri en vestar tekur við langt hólasmvæði. Tóftin er gróin og útflött. Hún hefur verið um 8 X 4 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Op virðast hafa verið á austur- og vesturvegg tóftarinnar.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

**EY-144:016** tóft

65°50.993N 18°49.654V

Torfhólar 017 eru mjög grýttir hólar sem liggja norður-suður (upp-niður) í röku túni skammt fyrir utan bæ. Þeir eru hólrani með 2 hólum. Mitt á milli þessara hóla er einföld og mjög gróin tóft. Tóftin er því í eins konar bala í hólunum, fast austan við skurð sem er vestan hólanna. Tóftin er á grasi grónu svæði en hólarnir eru annars grýttir. Umhverfis hólana eru deiglend tún. Tóftin er 12 X 5,5 m að stærð. Hún er einföld og ekki er hægt að greina op á henni. Hún er 0,3 m á hæð.


Hættumat: hætta, vegna túnræktar


**EY-144:017** Torfhóll frásögn af ristu 65°51.002N 18°49.715V

Torfhólar eru mjög grýttir hólar sem liggja norður-suður (upp-niður) í röku túni skammt (um 230 m) fyrir utan bæ. Þeir eru í raun hólrani sem samanstendur af 2 hólum. En vestan við þá eru deiglend tún þar sem torf var rist. Torfhólarnir eru grýttir hólar í sléttuðum en deiglendum túnnum. Engin merki um torfristu eru greinileg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Kort 4 Fornleifakort - Skeið, Hæringsstaðir og Búrfell





20 hdr. 1712. Möðruvallaklaustursjörð.

1847 talin 23 1/3 hdr. "... Þeir riðu ofan eptir Svarfaðardal ok kómu á bæ þann, er á Skeiði heitir. Þar bjó sá maðr, er Helgi hét; hann var ættsmár ok illa í skapi, auðigr at fé; hann átti þá konu, er Sigríðr hét, hon var frændkona Þorsteins Hellu-Narfasonar; hon var þeira skorungr meiri. Þeir Bolli litu heygarð hjá sér; stigu þeir þar af baki, ok kasta þeir fyrir hesta sína ok verja til heldur litlu ..." Laxdæla saga, ÍF V, 239. Sbr. 239-43, [Boli drepur Helga í bardaga á Hestanesi] "Bolli tók upp bú Sigríðar á Skeiði, því at hon vildi fara vestr með honum." Laxdæla saga, ÍF V, 247.

1194: [Guðmundur Arason býst til að fara vestr um Heljardalsheiði að finna Brand biskup - um vetur]

"Þau urðu saman xvj menn, ok fór[u] um aptaninn upp á Skeið, ok vóro þar um nóttina. En um morgininn eptir þá bjöggjust þau til heiðarinnar ... Ok kalla menn at Guðmunde preste, at hann skylde skunda at tíþum; en þat varþ ekki svá, ok urðu tíþirnar seinne en aðrir vildu ... Þar var í för Helge bónde af Skeiðe ..." (s. 441) [Þau hreppa slæmt veður á Heljardalsheiði og snúa flest við] "... En Sigmundur kom til bygðar á Skeið." (s. 443) ... "Þá kemr fyrst í móte þeim Helge bónde af Skeiðe með eyk ok sleða, ok ekr hann heim til bejar þess er nestr er heiðinne ..." (s. 443) "Þá sendir hann þegar eptir líkum sveinanna, Gests ok Vermundar, ok váru þau færð ofan á Skeið." (s. 444) "... Komast þeir aptr á Skeið um kveldit með Guðmund prest ok með lík Dýrhildar. En drottinsdaginn þá var farit ofan með líkin á Völlo ..." (s. 444) Prestssaga Guðmundar Arasonar, Bsk I, 441-44.

1447 er Skeið meðal Möðruvallaklaustursjarða "med skede ix kogylde ok ross. bykt ijc landskyld." DI IV, 710.

1525 er Skeið meðal Möðruvallaklaustursjarða - DI IX, 319. 1569 eru 4 kúgildi á Skeiði - DI XV, 364.

1570 voru kúgildin 3 og þar af ein kýr afgömul - DI XV, 366. Bænhús var á Skeiði, JÁM X, 71.


1839: "Er í [Skeiðsvatni] nokkur silungsveiði á sumrum, en notast miður fyrir fjarlægðar sakir. ... Á [Vatnsdal], einkum framarlega, er kjarnfint land fyrir sauðfé á sumardag ... Sjálft túnið á bænum, allt skriðupakið nema einungis ein dagsláttá, og hafa bændur mikla stund á lagt að lagfæra skriðurnar og koma þeim aftur í tún." SSE, 77;

1917: 3.7 ha. 5/6 slétt. Garðar 340 m².

1990: "Túnin halla niður að ánni og teygja sig allt fram að Skeiðshólunum .." BE 1990, 194

EY-145:001 Skeið bæjarhóll bústaður

65°51.208N 18°46.021V



"Áframhald Gerðanna heitir Skriðuvöllur, en gamla bæjarstæðið er þar efra, um 250 m ofar en hann stendur nú." segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn var efst í gamla túninu tæplega 250 m fyrir ofan íbúðarhúsið á Skeiði. Þar sem gamli bæinn (001) stóð er ferhyrnd og heilleg tóft. Bærinn hefur staðið í suðurjaðri túns (efst) en ofar tekur við þýfð fjallshlíð. Enn má greina ferhyrnda, einfalda torfbyggingu sem er 13 X 9 m að stærð. Op er á vesturvegg tóftarinnar. Tóftin sem er á þessum stað er ekki bæjartóft, heldur einföld tóft sem e.t.v. var notuð eftir að bærinn var færður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Svarf, 305

EY-145:002 heimild um bænhús

65°51.215N 18°46.019V

"Bænhús rómast að hjer hafi að fornu verið, sem af sje fallið fyrir manna minni, og er hjer ein lítil girðing í kríngum forna tóftaleif fyrir utan sjálfan bæinn." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Ekki er vitað hvar bænhúsið á Skeiði hefur verið og engar sagnir eru uppi um það. Líklegast hefur það þó verið í námunda við bæinn efst í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 71.

EY-145:003 heimild um fjárhús

65°51.236N 18°46.031V

Um 30 m neðan við gamla bæinn (001) voru fjárhús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sem fjárhúsin voru er nú grjóthrúga sem gæti verið ruðningur úr byggingunni frá því þegar tún voru sléttuð. Hrúgan er 20-25 m vestan við hesthúsið. Húsið hefur staðið í lítillaga þýfðu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-145:004 heimild um fjárhús

65°51.221N 18°45.972V

Um 70 m suðvestan við 005 og 30-40 m austan við gamla bæinn (001) voru fjárhús ofarlega í túni. Á þennan sama stað var síðar settur reykkofi en honum var svo rutt út og engar mannvistarleifar sjást nú á í túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


EY-145:005 hesthústóft

65°51.263N 18°45.910V

Um 45 m ofan við kálgarðinn (024) og rúma 100 m norðaustan við gamla bæinn (001) sjást enn leifar hesthúss sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóft hesthússins er ofarlega í litillega þýfðu túni. Hesthústóftin er um 8 m að lengd en 4 á breidd. Rutt hefur verið yfir vesturhluta hennar og innri lögun er því ekki skýr.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-145:006 heimild um útihús

65°51.336N 18°45.963V

Um 20 m vestan við 007 og örlítið neðar (norðar) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sem útihúsið var 1917 er nú steyp t fjárhús og hlaða og engar leifar torfbyggingar eru því sjáanlegar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-145:007 heimild um útihús

65°51.330N 18°45.929V

Um 20 m vestan við 008 og örlítið neðar (sunnar) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Ekkert sést til þessa húss nú en þar sem það var er grasflötur milli tveggja steyptra útihúsa.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-145:008 heimild um fjárhús

65°51.331N 18°45.906V

Um 60 m norðan (neðan) við kálgarðinn (024) voru fjárhús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Fjárhúsin eru horfin en á sama stað stendur nú steyp útihús.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

EY-145:009 Gamlistekkur stekkjartóftir

65°51.137N 18°47.660V

"Tóftarbrotin Gamlistekkur eru utan (heiman) við Hólalækjargil." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er

um 10 m austan við vegarslóða sem liggur upp í Vatnsdal, í austurjaðri hóla sem þar eru. Á þessum stað eru nokkrar tóftir og líkjast þær fremur seli en stekk að umfangi. Tóftirnar eru um 1,3 km innan við bæinn á Skeiði og 150-250 m



innan við innstu tún. Tóftirnar eru á þýfðu svæði austan við vegarslóða og mikil sina er á þessum stað. Utan við eru mýrar en innan við er hólsvæði.


Á þessum stað eru 4 tóftir. Syðst er tvískipt tóft (A), 15 X 7 m að stærð og snýr norður-suður. Op er sunnarlega á vesturvegg hennar. Um 10 m norðar (og eilítið vestar) er önnur tóft (B). Tóft þessi er lítil og að hluta undir vegarslóða sem liggur um hólana og upp í Vatnsdal. Tóftin er fremur óljós en virðist hafa verið um 6 X 3 m að stærð og tvískipt. Hún snýr norður-suður og op er á austurvegg hennar. 10 m norðvestan við (B) er þriðja tóftin (C) sem er þeirra stærst. Hún er þrískipt og um 20 X 6 m að stærð. Hún snýr austur-vestur og tvö op eru á norðurhlið hennar. Um 5 m suðaustar er fjórða tóftin (D). Hún er þó að nokkru leyti hlaupin í þúfur en virðist hafa verið einföld og um 7 X 4 m að stærð. Tóftin liggur skáhallt norðvestur-suðaustur. Um 20 m norðan við rústasvæðið og um 2m m austan við veginn sem liggur um hólana virðist mega greina garðlag sem hverfur þó fljótt í mýrarsvæðið.

Hættumat: hætta, vegna vegar

Heimildir: Ö-Svarf, 305

EY-145:010 Skeiðsrétt hleðslur rétt

65°51.460N 18°45.431V




"Austur við Grýtu er Grýtueyri og í henni Réttarbalinn. Þar var Skeiðsrétt." segir í örnefnalýsingu. Réttin er nálægt árbakkanum, nálægt því sem Grýta rennur í Dalsá. Réttin var einhvern tíma nær Dalsá en var færð til að fá betra pláss þegar hún var stækkuð. Réttin er á grösugum bakka við ána. Réttin er að mestu hlaðin úr grjóti en tyrft er yfir. Á nokkrum stöðum er hún rofin þó að mestu sé hún heilleg. Tóftin skiptist í 7 hól/dilka og almenning. Hún er um 30 m að lengd en 23-25 m á breidd. Hleðslurnar eru mest 1 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 305

EY-145:011 Stekkurinn stekkjartóft

65°51.200N 18°46.324V



"Heiman við Mýrarnar er Stekkjarmýri og önnur tóftarbrot, nefnd Stekkurinn." segir í örnefnalýsingu. Um 250 m norðvestan við núverandi íbúðarhús á Skeiði er hól rétt ofan við ræktuð tún. Á hólnum eru tóftir Stekkjarins. Hóllinn er mjög brattur til norðurs en fjarar út til suðurs. Tóftirnar eru syðst á hólnum og ná um hann þveran. Á þessum stað eru tvær tóftir.

Austar er tóft (a) sem er aflöng og 12 X 7,5 m að stærð. Hún er grjóthlaðin að innan. Norðurveggur tóftarinnar er óljós. Um 1 m vestan við þessa tóft virðist önnur fornlegri vera (b). Hún er ógreinileg en virðist vera tvískipt. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar í tóftinni sem er um 9 X 5 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Skeið, 305

EY-145:012 *Gerði* fjárhústóft


"Þá er Gerðagrund og síðan Gerðin, fyrrum fjárhús þar. Milli Gerðis og gamla túnsins er Gerðaskriða." segir í örnefnalýsingu. Tóft fjárhúsa á Gerðum sést enn í Gerðistúni, 60-80 m norðvestan við 001. Tóftin er ofarlega í sléttuðu túni. Tóftin sjálf er á kafla í sóleyjum og túnsúrum.

Tóftin er lítil (7 X 5 m) og einföld. Svo virðist sem tréþil hafi verið fyrir norðurhlið því engar hleðslur eru þar. Tóftin er mest 0,4 m á hæð. Grjóthleðslur eru greinilegar að innan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 305

65°51.231N 18°40.088V



EY-145:013 *Hesthústunga* hesthústóft


"Hesthústunga er neðan við bæjarhúsin, svo eru Bæjarléttur og Hesthússléttur utan og austan við tunguna." segir í örnefnalýsingu. Hesthústunga var rétt austan við gamla bæinn (001). Hún hefst efst í túni, á svipuðum stað og 004 og liggur svo niður túnið. Hesthúsið var á tungunni 30-40 m neðan en 004. Það hefur verið 25 m neðan við 003, og um 60 m norðaustan við bæ.

Í sléttuðu túni. Tóftin er gróin grasi og sóleyjum. Mestur hluti tóftarinnar er orðinn mjög óskýr. Suðurveggir hennar eru áberandi skýrastir. Annars er um að ræða upphækkaða hæð í túni. Efst má sjá hvar húsið hefur staðið en frekari skil eru óskýr að norðan. Sunnan við tóftina er dæld sem hugsanlega er eftir heystæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 305

65°51.235N 18°45.985V



EY-145:014 gata leið 65°50.438N 18°48.175V

"Reiðgötur til Vatnsdals liggja eftir Mjóddinni." segir í örnefnalýsingu. Jeppavegur inn í Vatnsdal liggur nú á svipuðum stað og reiðgötur lágú áður og því eru merki þeirra ekki greinileg þar. Vegurinn lá frá bænum í hliðinni í átt til Vatnsdals en beygði upp í dalinn á svipuðum slóðum og vegarslóðinn liggur nú. Vegurinn liggur í lyngivaxinni fjallshlíð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 305

EY-145:015 *Kvíhóll* örnefni kvíar

65°51.114N 18°46.028V

"Heiman við neðanverðan geirann og upp frá eldra bæjarstæðinu er Kvíhóllinn." segir í örnefnalýsingu. Kvíhóllinn er hartnær eini (a.m.k. greinilegasti) hóllinn ofan við bæ. Hann er 150-200 m ofan við bæinn. Hóllinn er gróinn en skriður hafa fallið á hann og allt um kring. Engar kvíar eru greinilegar á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 305

EY-145:016 *Geldingatóftir* örnefni fjárhús

65°51.151N 18°45.380V


"Hallið nær lengra framan að og heimundir tún. Þá eru Geldingatóftir efri og neðri, en engin tóftabrotu þar sýnileg." segir í örnefnalýsingu. Geldingatóftir eru um 500 m suðaustan við bæinn (001). Fjallshlíðin vestan við Grýtu er brött og grýtt en þar eru umræddir hjallar, alveg austur við merki. Geldingahjallarnir eru greinilegir í hliðinni en engar tóftir eru nú á þeim. Hjallarnir eru í raun melar sem grónir eru lyngi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 305-306

EY-145:017 Selið seltóftir

65°50.228N 18°48.384V



"Fram við Vatnsdalsá hefur selið líklegast verið frá Brekku í fyrri tíð; þar eru tóftir og lækur skammt frá, garður að læknum; en þar fæddust sveinarnir ... Við selið hefur Ásgeir verið, þegar hann fastnaði Klaufa Ingveldi fagurkinn, og þar hefur hann rúið gemlinga sína, og ber þetta vel saman við söguna. Þessi selstaða er nú aflögð fyrir löngu, og liggur það land og Vatnsdalur að utan undir jörðina Skeið, sem líklegast hefur þá ekki verið byggð." segir Þorsteinn Þorsteinsson í skýringum sínum við örnefni í Svarfaðardal frá um 1865. "Heiman við [Klifíð] er Háihóll, en framan klifsins eru greinilegar húsatóftir, sem heita Selið. Þá er komið að Skeiðsvatni." segir í örnefnalýsingu.

Selið er 20-30 m norðan við Skeiðsvatn og fast við bakka Vatnsdalsár. Skeiðssel er nálega til móts við Kotsset (Ey-144:012) og eru ekki nema um 100 m á milli. Loftlína frá bæ eru 2,6 km en mun lengra er að selinu því fyrst þarf að fara inn með landareigninni á enda og svo inn í Vatnsdal. Á þessum stað var gerður kofi fyrir myndina Land og synir (sjá teikningu) og eru merki hans greinileg.

Selið er á grösugum ár/vatnsbakka sem er eilítið þýfður. Jeppaslóði er inn Vatnsdalinn og endar hjá tóftunum. Einnig eru selrústir Kotsmegin í dalnum og hafa þær einnig taldar geta verið Brekkusel Svarfðæla sögu sbr. Ey-144:012. Á þessu svæði eru 5 tóftir og 3 hvompur að auki. Austast er tvískipt tóft (A) sem er 6-7 X 12-13 m að stærð og með opi á vesturhlíð. Um 5 m norðvestar er önnur tóft (B) sem er mjög nýleg og var byggð eða endurbyggð fyrir tókur á kvikmyndinni Landi og sonum. Hún er 9 X 4 m að stærð og tvískipt og er op á suðurvegg á hólfunum báðum. 2-3 m suðvestar er svo þriðja tóftin (C) sem er 9 X 7 m að stærð. Ekki eru greinileg op á þessari tóft en hún virðist hafa skipst í a.m.k. 4 hólf. Um 14 m vestan við (C) er fjórða tóftin (D) sem er tvískipt og um 9 X 5 m að stærð. Op eru á öllum veggjum þessarar tóftar nema vesturvegg. Fast norðaustan við þessa tóft er önnur einföld (E) sem er 4 X 3,5 m að stærð og með op á austurvegg. Um 6 m suðvestan við (C) og um 8 m beint vestan við (D) eru svo þrjár hringlaga hvompur (F) í röð sem hver um sig er um 2,5 m í þvermál.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Svarf, 305-306; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 112.

EY-145:018 Kofahóll

smalakofatóft

65°50.039N 18°48.069V



"Innar í Vatnsdal [en Hólmurinn framan við vatnið] er Kofahóll. Þar mun hafa verið smalakofi. Þar eru lítilfjörlegar rústir." segir í örnefnalýsingu. Kofahóllinn er austan við suðurenda Skeiðsvatns. Hóllinn er stæðilegur og er eini stæðilegi hóllinn sem er innan við vatnið. Hóllinn er í raun við vatnsjaðarinn, þ.e. ofan við enda þess. Hóllinn er 20-30 m austan við vatnið. Kofahóll er grýttur og mosagróinn en á honum miðjum er smalabyrgið.

Smalabyrgið er hlaðið úr hellugrjóti og stærri hnullungum. Það er 1,7-1,8 m á lengd en tæpir 1,5 m á breidd. Hæð þess er mest 0,3 m. Lítið op virðist vera á vesturhlíð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Svarf, 306


EY-145:019 *Kofahóll* útihústöft

65°51.380N 18°46.036V

"Hóllinn sem bærinn stendur nú á hét Kofahóll." segir í örnefnalýsingu. Íbúðarhúsið á Skeiði stendur á stórrí, náttúrulega myndaðri hæð. 30-40 m framan við íbúðarhúsið er laut. Í henni eru leifar af gömlum Kofinn er framan í þýfðri brekku. Tóftin er einföld. Hún er 2,5-3 X 2,5-3 m að stærð. Op er á norðurhlíð. Tóftin er 0,8 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ódagsettar leiðréttingar við örnefnalýsingu Skeiðs frá Sigurjóni Sigtryggssyni



EY-145:020 frásögn um mógrafir

65°51.453N 18°46.055V

Beint framan við Kofahól (þar sem íbúðarhúsið á Skeiði stendur nú) taka við sléttuð tún og liggja þau alveg niður að á. Norðarlega í þessum túnnum voru áður svarðargrafir. Á þessum stað eru deiglend tún en greinileg merki svarðargrafa eru ekki merkjanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-145:021 tóft 65°51.230N 18°46.606V

Um 220 m beint vestur af 011 er tóft. Tóftin er fast ofan við mýrasvæði sem tekur við ofan við túnin. Tóftin er á lítilli hæð. Fyrir neðan eru mýrar og síðan tún en ofan eru móar. Um 50 m ofan við tóftina hefur skriða endað og úr henni hefur garðlag verið búið til.

Tóftin er þrískipt. Hún er samtals 13 X 8 m að stærð. Saman eiga 2 hólf sem eru eins og fjárrétt og lambakró en fast vestan við þau er hvompa eða dæld sem er grónari og óskýrari en hin hólfín tvö. Um 50 m ofan við tóftina er svo garðleifar á 50-70 m kafla. Ytri tóftin er greinileg og nokkuð af grjóti er merkjanlegt í henni. Tóftin innan við er þessleg að hún gæti verið heystæði.

Hættumat: engin hætta

EY-145:022 garðlag 65°51.122N 18°47.633V


Grjóthlaðinn, og lítt gróinn garður liggur frá Grýtu og til vesturs í um 50 m. Garðurinn er 240 m ofan við heimreiðina að Skeiði. Garðurinn liggur yfir grýtt svæði sem er gamall árfarvegur Grýtu. Garðurinn er alveg hlaðinn úr grjóti og er lítið sem ekkert gróinn. Hann liggur í svolitlum sveig og er 0,8 m á hæð en 50 m á lengd.


Hættumat: engin hætta

EY-145:023 áletrun 65°51.355N 18°45.994V

Hestasteinn, sem vafalítið hefur verið færður frá gamla bænum 001 stendur nú austan (utan) við íbúðarhúsið á Skeiði. Steinninn er í jaðri lóðarinnar í kringum íbúðarhúsið, hjá stétt. Á steininum er áletrun sem virðist vera "S J I 1818". Steinninn er tæpur metri á hæð og með gati.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar





EY-145:024 gerði kálgarður

65°51.294N 18°45.901V

Um 160 m norðaustan við gamla bæinn (001) sjást enn leifar af kálgarði sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Garðurinn er fast austan við túnið, í brekku. Garðurinn er í grasi gróinni brekku. Garðurinn er 13 X 13 m að stærð. Hann er 1,2 m á breidd en 0,6 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-145:025 garðlag túngarður

65°51.261N 18°45.885V

Túngarður sem sýndur er á túnakorti frá 1917 sést víða, sérstaklega við austurhlið túnsins. Garðurinn liggur í túnjaðri víðast, þó sums staðar sé hann kominn

undir tún. Óljósar leifar túngarðsins má greina á nokkrum stöðum umhverfis túnin. Garðurinn er 1 m á breidd en 0,5 m á hæð. Greinilegastur er hann þó á um 100 m kafla ofan við tún. Yst á þessum parti sést hvar hann byrjar að beygja niður en þaðan hefur verið allveg sléttað yfir hann. Allsérstakt framhald virðist mega sjá af túngarðinum inn dalinn. Á nokkrum stöðum má sjá garðspart á um tæplega 500 m svæði en garðurinn virðist svo beygja niður og fjara út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-146

Hæringsstaðir

30 hdr. 1712.

Hólastólsjörð. "En logrettin var á Hæringsstöðum, ok þjo þar Hæringr. Hann sér, at féit dreifist þar við ána, ok hleypr heiman með tíunda mann, ok komast þeir eigi yfir ána, því at Klaufi réðst í móti ... Í þann tíma kom Ljótólfr at með þriðja mann ok snýr at með Hæringi." Svarfdæla saga, ÍF IX, 171. **29.11.1477** selur Magnús Þorkelsson, með samþykki Kristínar Eyjólfsdóttur konu sinnar, Árna Þorsteinssyni Hæringsstaði. Kristín var dóttir Eyjólf Arnfinnssonar frá Urðum og mun jörðin hafa verið úr hennar ætt - DI VI, 120-21.

25.12.1550 eru Hæringsstaðir meðal Hólastólsjarða ".v. kugillde. landskyllid .i1/2. c. dagslatta og tiund." - DI XI, 868. Hæringsstaðir 30 hdr voru meðal þeirra jarða sem Jón Arason hafði komið undir Hólastól - DI XI, 875, sbr. 879, sbr. DI XII, 462.

1569: "Med Hæringsstodum landsk. .xij. aurar med tiundum, kug. .vj." - DI XV, 227.

1570: "Med Hæringsstodum .vi. kug." - DI XV, 459.

1917: 5.1 ha. 1/2 slétt. Engir garðar. 1839: "Er [Hæringsstaðadalur] beggja megin mjög framhlaupinn og graslítill og kvistlaus, þó kjarnfint land fyrir sauðfé á sumardag." SSE, 76

1990: "Túnin breiða úr sér fram undan bænum niður að háum árbakkanum allt frá Búrfellsmerkjum að norðan og suður í hraunhólana sem fallið hafa í fyrndinni ofan úr Grýtudalnum." BE 1990, 196

EY-146:001 *Hæringsstaðir* bæjarhóll bústaður 65°51.419N 18°44.430V

"Bærinn er ekki lengur á Bæjarhólunum. Hann var fluttur miklu neðar á Sperðilinn, nokkuð niður fyrir Fjóshól." segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn á Hæringsstöðum var á Bæjarhólunum sem er mitt á milli Fjóshóls og Hesthúshóls. Langt er síðan sléttað var yfir bæjarhólinn og nú er hann einungis lágur og útflattur hóll í túninu. Umhverfis bæjarhólinn eru sléttuð tún sem komin eru í órækt. Ekki hefur aftur verið byggt á bæjarhólunum þannig að hugsanlegt er að einhverjar mannvistarleifar séu neðanjarðar. Ekki er auðvelt að greina hversu mikill hluti bæjarhólsins er náttúrulegur eða hvað eru útflattar og uppsafnaðar mannvistarleifar. Hóllinn breiðir nú mjög úr sér og er 40-50 m á þvermál.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Sérstök örnefnaskrá Hæringsstaða eftir Sigurjón Sigtryggsson, ódagsett

EY-146:002 *Gerði* heimild um fjárhús 65°51.440N 18°44.302V

"Yzti hluti túnsins, þar sem fjárhúsin standa, heitir Gerði." segir í örnefnalýsingu. "Sunnan við Gerðin er Gerðabrekka. Þar sunnan við er stór steinn framan í hólbarði. Hann heitir Horngrýti." segir í leiðréttingum við lýsinguna. Um 100 m utan við gamla bæinn (001) og örlítið neðar voru fjárhús. Fjárhúsin hafa verið rétt neðan við raflínuna. Þar sem húsin voru er nú órækt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Svarf, 304; Ódagsettar leiðréttingar Sigurjóns Sigtryggssonar við örnefnalýsingu Hæringsstaða

EY-146:003 *Fjóshóll* heimild um fjós 65°51.430N 18°44.429V

Fjóshóll er einn af hólunum í Sperðilinum, fyrir neðan Bæjarhól. Núverandi bæjarhús standa fyrir neðan hólunum. Fjóshóll er fast ofan við steyppta fjósið sem nú stendur á Hæringsstöðum. Fjósið var um 30 m ofan við nýja fjósið. Þar er nú aflíðandi hóll sem hefur að hluta verið rutt út við byggingu steinsteyppta fjóssins og lagningu raflínustaura. Sléttuður hóll sem er á kafi í grasi og kominn í órækt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917 og Ódagsettar leiðréttingar Sigurjóns Sigtryggssonar við örnefnalýsingu Hæringsstaða

EY-146:004 heimild um útihús 65°51.403N 18°44.431V

Um 15 m ofan við gamla bæinn (001) og örlítið innar var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin ummerki þessa húss eru nú greinileg en þar sem það var er nú sléttuð tún í órækt. Talið er að þetta hús hafi verið smíðja við bæinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917


EY-146:005 heimild um útihús 65°51.394N 18°44.409V

30-40 m ofan við gamla bæinn (001) í jaðri Hesthúshóls var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Engin ummerki um húsið eru nú greinileg en þar sem það var er nú sléttuð tún í órækt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-146:006 *Hornhúsgerði* útihústóft 65°51.353N 18°44.531V



"Syðst og efst í túninu (þ.e. vestast) er Hornhúsgerði, er nær niður að svonefndum Húsgangsgötum, sem liggja skammt neðan við Hornhúsið." segir í örnefnalýsingu. "Þar ofan við [Kvíaholt] og suður fyrir ofan Hornhúsgerði var Flóinn." segir í leiðréttingum við lýsinguna. 130-150 m suðvestan (ofar og innan) við gamla bæinn (001) og næstum beint innan við efri enda Hesthúshóls er hæð og á henni er tóft Hornhúss. Tóftin er um 20 m austan við túngarð (010) m innan við túnskika sem enn er sleginn. Hún er á grösugri, þýfðri hæð.


Tóftin virðist skiptast í 2 hólf. Hún er á kafi í grasi og illgreinanleg. Tóftin er 15 X 7 m að stærð. Op hefur verið á norðurvegg. Tóftin er hrunin á pörtum en greina má grjóthleðslur víða að innan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 304; Ódagsettar leiðréttingar Sigurjóns Sigtryggssonar við örnefnalýsingu Hæringsstaða

EY-146:007 Hesthúshóll hesthústóft

65°51.368N 18°44.397V



"Fyrir ofan bæinn á Hæringsstöðum er Hesthúshóllinn." segir í örnefnalýsingu. "Sperðillinn er hólrani. Segja má að Hesthúshóllinn sé þar efstur, síðan Bæjarhóllinn, þá Fjóshóllinn ..." segir í viðbótum við lýsinguna. Efst á Hesthúshól er tóft af hesthúsi. Hún er 15-20 m ofar (og örlítið utar) en réttin (018). Tóftin er um 10-15 m utan við 021. Tóftin er á grösugu svæði, í sléttuðu túni sem nú er komið í órækt.


Tóftin er 7 X 5 m að stærð. Norðurhluti hennar er óskýr og norðan tóftarinnar er um 5 m svæði sem er á kafi í þýfi og því ekki óhugsandi að þar hafi annað hólf verið. Ekki er þó unnt að greina það nú. Ekki er greinanlegt hvar op hefur verið á tóftinni. Grjóthleðslur sjást að innan í suðurvegg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 304; ódagsettar viðbætur Sigurjóns Sigtryggssonar við örnefnalýsingu Hæringsstaða

EY-146:008 útihústóft

65°51.382N 18°44.362V



Um 20 m innan við kvíarnar (021) og fast innan við vegarslóða (sem liggur upp túnið og beygir svo út tún í átt að Búrfelli), er tóft. Tóftin er í austurjaðri (fast utan í) Hesthúshóls. Hún er á þýfðu og grasi grónu svæði sem nú er í órækt. Tóftin er á kafi í gróðri. Hún er 12 X 5,5-6 m að stærð og er þrískip að því er virðist. Op er á suðurhlíð fyrir miðju. Syðst er lítið hólf (2 X 3 m) m en svo virðast litlir veggstúfar marka miðjuhólfíð sem er þá 5 X 3 m að stærð. Nyrsta hólfíð er mjög óskýrt en svo virðist sem annað hólf sá á norður útvegg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

EY-146:009 Húsgangsgötur heimild um leið

65°51.366N 18°44.559V

"Syðst og efst í túninu (þ.e. vestast) er Hornhúsgerði, er nær niður að svonefndum Húsgangsgötum, sem liggja skammt neðan við Hornhúsið." segir í örnefnalýsingu. "[Þriggjadagasláttur] náði frá Húsgangsgötum niður að Reiðgötum, þar neðan við var Tveggjadagasláttur niður úr túni." segir í leiðréttingum við lýsinguna. Húsgangsgötur náðu frá Hornhúsi (006) og áleiðis melana til Skeiðs. Ekki eru götur greinanlegar í námunda við Hornhús.

Heimildir: Ö-Svarf, 304; Ódagsettar leiðréttingar Sigurjóns Sigtryggssonar við örnefnalýsingu Hæringsstaða

EY-146:010 garðlag túngarður

65°51.360N 18°44.560V


Túngarður hefur legið umhverfis tún á Hæringsstöðum. Hann er nú að mestu horfinn en þó enn greinilegur á kafla, sérstaklega vestan túns, en þar liggur hann órofinn. Hann liggur að hluta í jaðri túns sem enn er slegið, en að mestum parti liggur hann í jaðri túna sem nú eru farin í órækt. Utan túngarðs (þ.e. vestan) taka við lyngi vaxnir móar. Túngarðurinn er allt að 2 m á breidd en um metri á hæð. Hann er nálægt 250 m á lengd og alveg gróinn. Að innanverðu sjást rof í garðinn á einstaka stað en ekkert þeirra nær að rjúfa hann alveg. Beint innan við 006 er sporöskjulaga garðlag 20 X 25 m að stærð og liggur túngarðurinn um hringinn miðjan.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-146:011 *Gamlistekkur* stekkjartóftir

65°51.686N 18°44.136V



"Í Holtunum (þeim neðri) er Gamlistekkur, fornar stekkjarrústir." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er um 150 m vestan (innan) við merki við Búrfell og 50-60 m ofan við Svarfaðardalsá. Stekkurinn er um 550 m frá gamla bænum á Hæringsstöðum. Stekkurinn er á hæð í bolli sem er ofan við árbakkann. Bollinn er í hálfhring að árbakkanum (sem er neðar). Hann er grasi gróinn og þýfður.

Tvær tóftir eru á þessum stað. Sú efri (syðri) (a) er fast upp við hækkaði brún. Þessi tóft er 11 X 9 m að stærð og er tvískipt. Hún er á kafi í háum gróðri og op milli hólfa er ekki greinanlegt. Op virðist vera á norðurvegg. Um 15-20 m norðvestan (innar og neðar) er önnur tóft (b) enn óljósari sem virðist þó tvískipt og 10 X 6 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 304

EY-146:012 *Torfholt* heimild um ristur

65°51.286N 18°43.989V

"... fyrir ofan [Katla] er Torfholtið, en þar var þurrkað torf, sem rist var í Mýrunum þar fyrir ofan." segir í örnefnalýsingu. Torfholt er rétt sunnan við merki Búrfells og ofan við efstu tún. Ofan við Torfholtið er mýrarsvæði þar sem rist var. Torfholtið er lágt og þýft holt vaxið lyngi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 304

EY-146:013 brunnur

65°51.376N 18°44.408V

5-6 m utan og ofan við réttina (018) og 10-15 m neðan við hesthúsin virðist brunnur vera á hólnum. Umhverfis brunninn eru tún í órækt. Á þessum stað er dæld sem er um 50 X 40 sm að stærð og um 50 sm á dýpt. Í botni hennar er grjót.

Hættumat: engin hætta

EY-146:014 *Stekkur* heimild um stekk 65°51.485N 18°45.197V
"Nærri Grýtu, en niðri undir Svarfaðardalsá, er Stekkurinn, nýlegt tóftarbrott með grasmó umhverfis." segir í örnefnalýsingu. Ofan vegarins milli Hæringsstaða og Skeiðs liggja tún alveg að Grýtu. Neðan vegar sleppir túnum um 100 m utan við merki en þar tekur við svæði sem að hluta er raskað og á kafi í grasi. Þar var stekkurinn áður en hefur nú verið rutt út. Á árbakka Svarfaðardalsá, nálægt þar sem Grýta rennur í ána.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 304

EY-146:015 *Hæringsstaðasel* seltóft 65°50.949N 18°44.958V



Hæringsstaðasel – horfi til norðvesturs



"Sellaut liggur upp eftir frá [Grásteinshólum] og eru í henni tóftir Hæringsstaðasels." segir í örnefnalýsingu. Hæringsstaðasel er í laut í Grásteinshólum um 1 km suðvestan við 001. Allt umhverfis selið eru hólur en lautin er um 25 X 40-50 m að stærð. Um 40 m utan við tóftina er hár hóll og af honum tekur við þverhnipt gil Grýtu. Tóftin er nærri því að vera í kjafti Grýtudals. Tóftin er í grasi gróinni, en sléttri laut. Allt umhverfis eru lyngivaxnir hólur. Tóftin er 8 X 10 m að stærð og virðist skiptast í 2-3 hólf. Grjóthleðslur eru greinanlegar innan í tóftinni. Hún er um 0,4-0,5 m á hæð en veggir hennar eru um metri á breidd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 304

EY-146:016 náma mógrafir 65°51.592N 18°44.539V

"Mótak má finna í landi jarðarinnar, en er lítið brúkað, því þiðnar jafnaðarlega seint á vorum, svo mór verður ekki stunginn." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Túnunum neðan og innan við Hæringsstaði og niður að Svarfaðardalsá er skipt með skurði í miðju. Fast innan við þennan skurð og tæpa 100 m ofan við ána má enn sjá leifar mógrafa. Umhverfis svarðargrafirnar eru sléttuð tún. Svarðargrafirnar eru nú grónar en þó um 1 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar


Heimildir: SSE, 76

EY-146:017 *Reiðgötur* gata leið 65°51.496N 18°44.383V

"[Þriggjadagasláttur] náði frá Húsgangsgötum og niður að Reiðgötum, þar neðan við var Tveggjadagasláttur niður úr túni." segir í leiðréttingum við örnefnalýsingu. Reiðgötur lágu milli bæja á svipuðum stað og vegurinn nú. Ummerki um eldri götur eru því ekki greinileg. Nú skiptast á sléttuð tún og holt beggja vegna vegarins milli bæjanna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ódagsettar leiðréttingar Sigurjóns Sigtryggssonar við örnefnalýsingu Hæringsstaða



EY-146:018 réttartóft 65°51.376N
18°44.414V

Framarlega á Hesthúshóli og um 5 m norðvestan (innan og neðan) við 013 er

réttartóft. Réttin er 15-20 m neðar (og örlítið innar) en hesthúsið. Réttin er í mjög grösugu túni sem er komið í nokkra órækt.

Tóftin er ferhyrnd og á kafi í grasi. Hún er 15 X 8 m að stærð og er op á suðurvegg. Hún er 0,5 m á hæð og á nokkrum stöðum, sérstaklega syðst, sést í grjóthleðslur. Um miðbik tóftarinnar gæti hugsanlega hafa verið veggur en einnig gæti verið um hrún að ræða.

Hættumat: engin hætta

EY-146:019 *Uslarétt* gerði

65°51.495N 18°44.616V

"Ofan við hólranann [sbr. 018] myndast næstum vinkilbeygja þar sem Móarnir liggja upp með túninu sunnanverðu. Í vinklinum sést vel fyrir fornri hleðslu eða garðlagi. Var það allstór ferhyrningur þar sem brött hólborð mynduðu tvær hliðar, en garðurinn hinar tvær. Þetta hét Uslarétt. Í Svarfdælu er sagt að lögrétt hafi verið á Hæringsstöðum og talið var að þessar menjar væru frá þeim tíma." segir í leiðréttingum við örnefnalýsingu. Þar sem Uslarétt var áður er nú rennislétt tún. Réttin var 20-30 m neðan við veg og um 75 m norðvestan (neðan og innan) við íbúðarhúsið á Hæringsstöðum. Þar sem réttin var mynda hólarnir innan við túnið vinkill eða horn á því.

"Sumarið 1982 fór Þórarinn Jónsson bóndi á Bakka með [Kristjáni Eldjárn] fram í Hæringsstaði. Hann er uppalinn þar (f. 1918) og... man vel eftir Uslaréttinni eins og hún var áður en sléttað var, á árunum 1950-60. / ... Gamla bæjarstaðið á Hæringsstöðum er nokkru ofar en íbúðarhúsið er nú. Svo sem 75 m suðvestur og niður frá bæjarstaðinu verður nokkurn veginn hornréttur krika milli tveggja hárra grjóthóla, sem í daglegu tali eru kallaðir Hólarnir. Í þessum krika, rétt neðan við veginn sem nú er milli Hæringsstaða og Skeiðs, var Uslarétt, ferköntuð girðing, og hafði greinilega verið hlaðin úr hnausum, 40-50 m á hverja hlið. Innan hennar var smágert þýfi. Horn réttarinnar voru lítið eitt bogadregin. Í suðvesturhorninu var að sjá eitthvert smáhýsi, en ekki fannst Þórarinn varlegt að fullyrða að það væri í rauninni réttinni viðkomandi. Austan við réttina var einnig tóft, ekki áföst henni, og var talið að þar hefði verið hesthús. ... Rétt þessi mun ótvírætt hafa verið náthagi ..." KE: Enn ein uslarétt, Árbók 1982, 187


Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ódagsettar leiðréttingar Sigurjóns Sigtryggssonar við örnefnalýsingu Hæringsstaða

EY-146:020 hleðsla sundlaug


65°51.400N 18°44.279V

20-30 m utan við kvíarnar (021) og örlítið neðar er lægð milli hóla sem þar eru og í henni er ferhyrnd hleðsla eftir sundpoll. Sundpollurinn hefur verið í ferhyrndri hvompu sem grasi grónir hólur umhverfis afmarka. Sléttlent er í hvompunni og mjög grösugt en hólarnir umhverfis eru þýfðir en grösugir. Hleðslan er ferhyrnd og um 14 X 10 m að stærð. Hún hefur ekki verið há í upphafi en síðan hafa hleðslurnar að hluta flatst út. Þær eru sumstaðar um 2 m á breidd en hæð mest 0,3 m.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



EY-146:021 *Kvíar* kvíatóftir 65°51.386N 18°44.323V


"Ofan við Hesthúshólinn voru Kvíar og Kviaholt." segir í leiðréttingum við örnefnalýsingu. 30-40 m norður af Hesthúshól (007) er hæð í túni og á henni má enn sjá leifar kvíanna. Milli hesthússins og kvíanna liggur vegarlóði upp túnið og síðan út. Kvíarnar eru á grösugri hæð en umhverfis eru tún í órækt.

Á þessum stað eru tvær tóftir, hinar eiginlegu kvíar (a) eru 12 X

4,5 m að stærð og með opi á vesturhlið. Um 2 m norðar er önnur tóft lítil (b) sem síðast var notuð sem hæsnakofi. Hún er 6 X 5 m að utanmáli, fremur djúp (1,4 m) og grjóthlaðin að innan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ódagsettar leiðréttingar Sigurjóns Sigtryggssonar við örnefnalýsingu Hæringsstaða



EY-147 Búrfell

20 hdr. 1712. Hólastólsjörð. "Ekki er sagt frá ferðum Klaufa, fyrr en hann kemr upp at Krókamelum gegnt Búrfellshúsum, ok þar er hann fyrir fjallmonnum við vaðit." Svarfdæla saga, ÍF IX, 171.

1525 er Búrfell talið meðal Hólakirkjujarða - DI IX, 301.


25.12.1550 er Búrfell talið meðal Hólastólsjarða ".iiij. kugillde. landskyllde .v. agilldi." - DI XI, 867.

1569: "Med Burfelli landsk. .iiij. ær oc .xl. alner med tiundum, kug. .iiii." - DI XV, 227.

1570: "Med Burfelli .iiii. kug." - DI XV, 459.

1839: "Engi hennar liggur út og suður fyrir neðan bæinn, allt mýrlent." SSE, 76

1917: 3.8 ha. 1/2 slétt. Garðar 640 m².
1990: "Túnið liggur í nokkrum hjöllum niður frá bænum að háum bakka Svarfaðardalsár." BE 1990, 198



EY-147:001 Búrfell bæjarhóll bústaður

Gamli bærinn var um 300 m suðaustan (utar og ofar) við íbúðarhúsið sem nú stendur í Búrfelli. Tóftir síðasta torfbæjarins á þessum stað eru enn greinilegar á hólum fyrir ofan tún. Líklegt er að mannvistaleifar fyrri alda séu undir

tóftunum sem nú eru sýnilegar. Á grasi grónum bæjarhól fyrir ofan tún. Sjálf tóftin er gróin háu grasi og sóleyjum.

Bæjarhúsin eru vel greinileg þó nokkur þúfuvoxtur sé í tóftunum. Bæjarhúsin virðast hafa samanstaðið af 4-5 hölfum. Aðalinngangur hefur verið á norðurhlið bæjarins en einnig virðist inngangur hafa verið á austurhlið. Grjóthleðslur eru greinilegar í veggjum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


EY-147:002 útihústöft

65°51.396N 18°43.324V

Fast sunnan (ofan) við gamla bæinn (001) liggur girðing samhliða lítilli, næstum uppþornaðri lækjarsprænu. Þar sunnan við er vegarslóði en fast sunnan í honum og um 15 m sunnan við gamla bæinn, sjást enn leifar lítils útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er á mörkum þess að teljast í túni og þýfðum haga en er nær því síðarnefnda þó 1917 hafi hún verið innan túns. Neðan við tóftina (og gamla bæinn) eru sléttuð tún en ofan við er þýfður hagi. Tóftin er einföld, með op til norðurs. Hún er 5-6 X 4 m að stærð og grjóthleðslur eru greinanlegar í henni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-147:003 heimild um útihús

65°51.450N 18°43.067V

Um 170 m austan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það var um 20 m norðan (neðan) við vegarslóða sem er ofan við túnin. Þar sem húsin hafa verið eru nú sléttuð tún og engar leifar útihúsanna eru merkjanlegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-147:004 heimild um útihús

65°51.412N 18°43.576V

Um 160 m austan (innan) við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið var um 30 m austan við 005 en þar eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-147:005 heimild um útihús

65°51.418N 18°43.607V

Um 200 m austan (innan) við gamla bæinn (001) og á svipuðum stað og lítill steypur útihúskofi stendur nú (en er þó ekki í notkun), var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-147:006 Gerðin örnefni útihús

65°51.433N 18°43.609V

"Gerðin eru dálitlu sunnar en aðaltúnið. Þar standa peningshúsin. Tveir holtasepar ganga niður úr Gerðunum. Þeir heita Ytri- og Syðri-Gerðarani." segir í örnefnalýsingu. Gerðin voru á svipuðum stað og íbúðarhúsið er nú. Þar voru fjárhús. Þau voru um 200 m vestan við gamla bæinn (001) og um 45 m norðan (neðan) við 005. Íbúðarhúsið er á svolitilli hæð en neðar eru tún og frá hæðinni að túnunum liggja Gerðis-ranarnir tveir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 302

EY-147:007 Þorsteinsgerði örnefni

65°51.434N 18°43.172V

"Yzti (þ.e. austasti) hluti túnsins heitir Þorsteinsgerði og nær suður (vestur) að Bæjarlæk. Í daglegu tali er svæðið aðeins kallað Gerði." segir í örnefnalýsingu. Engin tóftarbrot sjást nú á Þorsteinsgerði og hafa ekki verið frá því fyrir 1966. Þorsteinsgerði er nú sléttuð tún austan (utan) við bæinn en vestan við Bæjarlæk.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 302

EY-147:008 *Geitakofahóll* heimild um geitakofa 65°51.436N 18°43.172V
"Yzti (þ.e. austasti) hluti túnsins heitir Þorsteinsgerði og nær suður (vestur) að Bæjarlæk. Í daglegu tali er svæðið aðeins kallað Gerði. Þar stóðu lengi vallgrónar rústir af geitakofa á Geitakofahól." segir í örnefnalýsingu. Geitakofinn var þar sem nú eru tún austan við gamla bæinn (001) en vestan við bæjarlækinn. Engar tóftir eru nú á þessum slóðum.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 302

EY-147:009 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja 65°51.434N 18°43.334V
"Neðan við hlaðbrekkuna er dálítið hólbarð, sem nefnt er Smiðjuhóll ..." segir í örnefnalýsingu. 10-15 m norðan (neðan) við austari enda bæjarhólsins er hæð í túni þar sem smiðjan var. Síðar var súrheysgryfja á sama stað og sjást merki hennar greinilega þar sem djúp dæld er í hæðina. Umhverfis hæðina þar sem smiðjan hefur var eru sléttuð tún. Dældin er um 3 m í þvermál en 1,2 m á dýpt.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 302

EY-147:010 frásögn um útihús 65°51.423N 18°43.559V
Um 40 m suðaustan við íbúðarhúsið sem nú stendur í Búrfelli var áður hesthústóft á hæð í túni. Engin merki tóftarinnar sjást nú. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

EY-147:011 stekkjartóft 65°51.565N 18°43.605V
"Sunnan við Tjörn er Stekkurinn, hóll með stekkjarrústum." segir í örnefnalýsingu. "Einnig eru Stekkjarbrekkur sunnan við Tjörn og beygja suður ofan við stekk og svo niður sunnan hans allt að Svarfaðardalsá." segir þar enn fremur. Neðan við íbúðarhúsið í Búrfelli taka við sléttuð tún alveg niður á árbakka. Í neðstu túnunum var Tjörn áður en merki hennar eru nú ekki greinileg enda allt svæðið orðið að túni. Engin merki stekkjarsins eru heldur á svæðinu.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 302, 303

EY-147:012 *Dengilspartur* þjóðsaga 65°51.484N 18°43.883V
"Engið [frá Kvöldskattsbolla] suður að merkjum heitir Dengilspartur. Þetta nafn er talið svo til komið, að einhverju sinni meðan íslenzku ljáirnir voru einir í gildi, var Búrfellsbóndi smiðjulaus og gat ekki dengt ljái sína og varð að leita til Hæringsstaðabóndans með denginguna og borga greiðann með því að láta hann hafa þennan part til slægna. Fengi hann svo líka að slá Kvöldskattsbollann, varð hann að bjóða öllu Búrfellsfólkinu til kvöldverðar einu sinni á ári." segir í örnefnalýsingu. Dengilspartur var nálægt merkjum.

Heimildir: Ö-Svarf, 302

EY-147:013 *Kvíamór* kvíatóft 65°51.375N 18°43.330V



"Kargapýfður mór rétt ofan við bæinn hét Kvíamór, en Kvíhæð næst ofan við, dálítill brekkuhæð." segir í örnefnalýsingu. Fast ofan við bæinn (001) er girðing og uppbornaður lækjarfarvegur, síðan vegarslóði en ofan hans eru móar. Kvíarnar eru 40-50 m ofan við gamla bæinn (001) og um 30 m ofan við túnmörk. Kvíarnar eru á þýfðu og lyngivöxnu svæði rétt ofan við túnjaðar.

Tóftin er stæðileg og er 11 X 6 m að stærð. Hún er tvískipt og op er

á suðurvegg hennar. Grjóthleðslur eru greinilegar og er tóftin 0,4 m að hæð.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 302

EY-147:014 *Fiskimelur* örnefni hjallur

65°51.374N 18°43.112V

"Fyrir utan og ofan bæ er Fiskimelur ..." segir í örnefnalýsingu. Fiskihjallur var ofan við gömlu túnin, ofan við austurjaðar gamla túnsins. Fiskimelur er melur þar sem skiptist á ber melur og gróðursvæði. Engar mannvistarleifar eru merkjanlegar á eða við melinn. Melhóll sem er að hluta gróinn.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 303

EY-147:015 *Búrfellssel* seltóft

65°51.219N 18°42.722V

"Sunnan undir efri enda [Stekkjarmelsins] er Selið, Búrfellssel, vallgrónar tóftir." segir í örnefnalýsingu. Búrfellssel



el er vestan við efsta hluta Stekkjarmels. Selið er 80-100 m vestan við Búrfellsá og 150-170 m suðvestan við stekkin (021). Selið er í lyngivaxinni og þýfðri dæld, milli hóla.

Á svæðinu eru a.m.k. 2 tóftir. Sú ytri (a) er allgreinileg enda er hún á sléttum og hörðum grasbala. Tóftin er 9 X 5 m að stærð og er tvískipt. Op er á norðurvegg hennar. Um 20 m innan við tóftina er hæð (b) þar sem greinilegt er að mannvistarleifar eru. Hóll þessi er hinsvegar allur hlaupinn í þúfur og ekki er unnt að greina lag þeirra bygginga sem þar hafa verið. Ofar í dældinni er þýft og er hugsanlegt að þar hafi verið tóftir. Ekki er þó unnt að greina ákveðinn blett sem kæmi betur til greina en annar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 303

EY-147:016 heimild um mógrafir

65°51.464N 18°43.836V

"Mótak finnst í landi þessarar jarðar ..." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Neðan við íbúðarhúsið í Búrfelli eru nú sléttuð tún allt niður á árbakka. Sveinfríður Jónasdóttir man eftir mógröfum á þessum stað, þ.e. norðvestan við bæinn þar sem nú eru sléttuð tún (um 100 m).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSE, 76

EY-147:017 náma


"Mótak finnst í landi þessarar jarðar, og á dalnum mógrjót, sem höggva má og bora." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Ekki er vitað hvar þessi náma var í dalnum.

Heimildir: SSE, 76

EY-147:018 gerði kálgarður

65°51.404N 18°43.390V

5-8 m vestan (utan) við gamla bæinn (001) sjást enn leifar af kálgarði. Hann er merktur inn á túnakort frá 1917. Nú er ræktaður rabbabari í hluta garðsins. Í grasi gróinni brekku. Garðurinn er alveg gróinn og er mest um 1 m á hæð og breidd. Hann er um 15 X 15 m að stærð en vesturhlíð hans



vantar. Garðurinn er rofinn á köflum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-147:019 fjóstóft

65°51.414N 18°43.328V




Fast (um 3 m) austan við gamla bæinn (001) sjást enn leifar af gömlu fjósi. Fjósið er ofarlega í gömlu túni, á hæð. Fjósið hefur verið um 20 m að lengd en 8 m á breidd. Það er þrískipt og eru opin öll á norðurvegg. Grjóthleðslur sjást í veggjum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-147:020 Gerðishóll/Garðshóll gerði kálgarður

65°51.456N 18°43.425V




Um 70 m norðan (neðan) við kálgarðinn (018) og um 80 m norðvestan við gamla bæinn (001) er hóll í túni sem nefndur er Gerðishóll eða Garðshóll. Í hólum er ferhyrnt gerði sem einna helst líkist kálgarði. Garðlagið er í grasi vöxnum hól en umhverfis eru sléttuð tún. Garðurinn er 11 X 12 m að stærð og hæð hans er um 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-147:021 Stekkjarmelur stekkjartóft

65°51.314N 18°42.739V




"Yzt í Holtum er áberandi melrani, er vísar á brekkuna og heitir Stekkjarmelur. Byrgishvammur er utan undir honum, upp með Búrfellsá, og neðst í honum eru Stekkjartóftirnar." segir í örnefnalýsingu. Utan við Stekkjarmel er Byrgishvammur að Búrfellsá. 30-40 m ofan við girðingu sem girðir af fjallið og um 15 m vestan við ána sjást greinilegar stekkjjarleifar bæði örnefnin virðast vísa á sama stað. Stekkurinn er á grösugum árbakka en

vestan við er melur.


Stekkurinn skiptist í tvö hólf og er 10 X 3 m að stærð. Op er á stærra hólfinu til suðurs en því minna til norðurs. Stekkurinn er 0,4 m á hæð og hægt er að greina grjóthleðslur í veggjum.

Hættumat: engin hætta

Kort 5 Fornleifakort - Melar, Tungufell og Dæli



EY-148 Melar



20 hdr. 1712. Urðakirkjueign frá 1477. "En þeir frændr, Karl ok Klaufi, heimtu at Grísi fjogurra [vetra] forgípt, ok þá greiddi hann fúlgu hans, ok fengu þeir [honum] land til ábúðar ... Ok fór hann byggðum til Mela [Klaufi drepur feðga úr Teigsfjalli] Eptir þetta varð Klaufi laust at láta Melaland, ok fekk Karl honum nú aprt aðra staðfestu ok tuttugu húskarla." Svarfæla saga, ÍF IX, 164.

25.4.1477 gerði Arnfinnur bóndi á Urðum reikningsskap fyrir kirkju sinni og lagði til hennar "mela oc kaungustade firir fim hundrut oc sextigi." DI V, 2. Í Testamenti Gottskálks eru Melar ".xxc. vj kugilldi. landskyllid.c." taldir meðal jarða sem komist höfðu undir Hólastól í hans tíð - DI VIII, 729.

1525 eru Melar taldir meðal Hólakirkjujarða - DI IX, 301.

25.12.1550 eru Melar taldir meðal Hólastólsjarða ".v. kugillde. landskyllid .j. c. og. xx. alner. dagslatta." DI XI, 867.

1569: "Med Melum landsk. .v. aurar med tiundum kug. .vj." - DI XV, 227.

1570: "Med Melum .vi. kug." - DI XV, 459.

1839: "Niður á bökkunum fyrir neðan áðurnefnda Mela, og svo líka fyrir utan og sunnan, liggur engi Melabænda." SSE, 76 –

1917: 6.8 ha. 4/5 slétt. Garðar 450 m².

1990: "Túnið liggur í sérkennilegum hjöllum eða þrepum niður að ánni og fram með henni á grónum áreyrum." BE 1990,

EY-148:001 Melar bæjarstæði bústaður

65°52.747N 18°39.653V

Gamli bærinn var 40-50 m suðvestan við þar sem íbúðarhúsið á Melum stendur nú. Gamli bærinn var um 20 m austan (utan) við steypa fjósbyggingu. Engin merki um bæinn eru nú greinileg og ekki er nein merki bæjarhóls heldur að sjá. Þar sem gamli bærinn stóð er nú kartöflugarður og grasflöt.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


EY-148:002 heimild um útihús 65°51.757N 18°39.663V
Um 5 m norðan við gamla bæinn (001) var áður lítið útihús, samkvæmt túnakorti frá 1917. Engar leifar þess sjást nú. Á þessum stað er nú vegarslóði og grasflöt norðan við.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-148:003 heimild um fjós 65°51.741N 18°39.677V
Um 10 m vestan (innan) við gamla bæinn (001) var fjós samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað hefur nýtt fjós verið byggt með áfastri hlöðu og því sjást engar leifar gamla fjóssins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


EY-148:004 *Hesthúsvöllur* heimild um hesthús 65°51.727N 18°39.543V
"Þar sunnan (vestan) við [Uslatóft - 009] er Hesthúsvöllur, enda stóðu þar fyrrum hesthús." segir í örnefnalýsingu. "Rétt utan við gamla bæinn á Melum er hár höll með brattri brekku framan í, og heitir höllinn Hesthúshóll og brekkan Hesthúsbrekka því að áður var hesthús uppi á hólnum. Svo sem 35 m norður af Hesthúshól er Ytri-Melhóll og upp frá honum [er Uslaréttin - 009]." segir í grein um Uslaréttina 009. Hesthúshóll er um 70 m suðaustan við gamla bæinn (001). Á hólnum var hesthús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Þar sem hesthúsið var er nú sléttaður höll um 20 m norðan (neðan) við túngarðinn sem er greinilegur á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Svarf, 300; Árbók 1980, 107

EY-148:005 heimild um útihús 65°51.709N 18°51.562V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 35 m suðvestan (innan og ofan) við 004. Húsið hefur verið 80-90 m sunnan (ofan) við gamla bæinn (001) og um 5 m neðan við túngarðinn sem enn er greinilegur á þessum slóðum. Þar sem húsið var er nú sléttað tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-148:006 fjárhústóft 65°51.679N 18°39.674V
Um 100 m suðvestan við gamla bæinn (001) má enn sjá rústir af fjárhúsi sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Húsið er ofarlega í túni eða um 15 m neðan við túngarð. Það er mjög mis-stæðileg. Tóftin er mest 2,5 m á hæð en minnst um 1 m. Mikið af rusli er í tóftinni sem er 12 X 10 m að stærð. Hún er þrískipt. Syðst er hólf sem snýr austur-vestur og virðast hafa verið tvö op á því til norðurs. Í gegnum þessi op hefur verið gengið inn í hólfín tvö sem eru framan við. Þau eru bæði jafnstór og eru garðar eftir þeim báðum. Hólfið að aftan hefur verið hlaða en hin hólfín tvö fjárhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



EY-148:007 *Lambhúshóll* lambhústóft 65°51.710N 18°39.722V
"... sunnan [Bæjarlækjar] eru: Kviaból efst í túninu, Kviastykki sunnar og Lambhúshóll niður af Kviabóli." segir í örnefnalýsingu. Tóftir Lambhúsanna eru enn greinilegar á Lambhúshóli. Húsið er merkt inn á túnakort frá 1917 og er um 70 m vestan (suðvestan) við gamla bæinn (001) og um 50 m neðan við 006. Girðing liggur þvert yfir



hóllinn. Hóllinn er gróinn en hann er skemmdur. Malarnáma er í honum og nú er austur- og suðurhluti hans skemmdur og rofið nær alveg að tóftinni.

Tóftin er löng og mjó. Hún er um 18 m á lengd en 6-7 m að breidd. Hún er tvískipt. Austar er hólf þar sem garði gengur eftir endilöngu. Vestar er hólf sem alveg er hlaðið úr grjóti að innan og virðist djúpt. Gæti hafa verið hlaða. Ekki er greinanlegt op á innri tóftinni en op er austast á suðurvegg hins hólfins. Tóftin er mest um 1,7 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 og Ö-Svarf, 300

EY-148:008 *Gerðaholt* heimild um fjárhús 65°51.682N 18°39.882V

"Sunnan (vestan) við Kerlingarlæk eru Ytra- og Syðra-Gerðaholt, en á milli þeirra heitir Klauf." segir í örnefnalýsingu. "Utan við [Langholt] er dálítil lind, sem heitir Uppspretta og á Gerðislækur þar upptök sín." segir þar ennfremur. Um 200 m vestan (innan) við gamla bæinn (001) voru lengi fjárhús sem kölluð voru Gerðin. Nú hefur verið sléttað úr þessum fjárhúsum en þau voru um 20 m austan (utan) við hesthústóftirnar (023). Á þessum stað er grasi vaxinn hóll.

Útlínur húsanna má áætla þar sem dældir sjást þar sem þau voru. Á þessum stað hafa verið tvær byggingar og súrheysturn. Húsin voru notuð til um 1960.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 300

EY-148:009 *Uslatóft* gerði 65°51.746N 18°39.490V

"Dálítið svæði nyrzt og efst á túninu (eftir réttum áttum: austast og efst) heitir Uslatóft (Ruslatóft?), bersýnilega forn náttthagi." segir í örnefnalýsingu. Ytri Melhóll er nú horfinn en alveg var sléttað úr hólnum þegar vélageymsla var byggð á þessum stað. Suðvestan við umrædda vélageymslu má sjá garðlag sem liggur vestan í hól sem er ofan við vélageymsluna. Þar sem réttin var er sléttað tún.

Garðlagið liggur í túngarðinum en ekki er óeðlilegt að halda að það sé í raun hluti af túngarðinum en ekki sérstaklega gert fyrir Uslatóftina. Þær tvær hliðar Uslatóftarinnar eru enn greinanlegar (austur- og norðurhlið) en sléttað hefur verið yfir vesturgarðlagið sem einnig lá í hól og þvergarðinn sem lokaði girðingunni. "Svo sem 35 m norður af Hesthúshól [010] er Ytri-Melhóll og upp frá honum liggur fornlegur garður upp í gamla túngarðinn. Annar garður lá frá túngarðinum niður í Hesthúshólinn og hefur hann haldið áfram í hólrotunum niður að enda Hesthúsbrekku. Svæði það, sem þannig afmarkast, hefur svo lokast með um 25 m löngum þvergarði að neðan og sér enn aðeins móta fyrir honum, þótt búið sé að slétta. Frá honum og upp undir túngarðinn eru röskir 50 m, og er hið afmarkaða og óreglulega ferkantaða svæði því um hálf dagslátt. Það heitir Uslatóft og var greiðfært fleytingsþýfi áður. Svæðið hefur verið króað af yst og efst í túninu og ef til vill ekki talist til þess fyrrum. Halldór Hallgrímsson bóndi á Melum sagði [KE 26.9.1975] að sumir, einkum afbæjarfólk, hefðu stundum kallað þetta Uslarétt." KE: Uslaréttir, Árbók 1980, 107

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 300; KE: Uslaréttir, Árbók 1980, 107

EY-148:010 garðlag túngarður 65°51.702N 18°39.558V

Umhverfis gamla túnið lá túngarður. Merki hans sjást enn víða. Ofan við tún er hann t.d. greinilegur á löngum kafla. Garðurinn er reyndar lítillaga rofinn víða en sést samtals á um 320 m kafla. Hann liggur í túnjaðri. Garðurinn er mest um 1,5 m á hæð og svipaður á breidd, neðst. Hann er alveg gróinn en þar sem garðurinn er rofinn má sjá að grjóthnullungar hafa verið notaðir í hleðslu hans.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-148:011 *Hornhúshóll* heimild um útihús 65°51.692N 18°39.649V

"Sunnan við Hesthúsvöll [004] er Efri-Dagsláttá og Neðri-Dagsláttá, en á milli þeirra Hornhúshóll." segir í örnefnalýsingu. Um 10 m austan (utan) við 006 er hæð þar sem áður var Hornhúshóll. Á hólnum voru Hornhús en þeim var rutt út. Síðar voru tveir bragar á hólnum en áður en þeir voru byggðir var að hluta rutt úr hólnum til að gera þeim betra staði. Hóllinn er nú útflattur og gróðursnaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 300

EY-148:012 *Kvíaból* heimild um kvíar

65°51.667N 18°39.751V

"... sunnan [Bæjarlækjar] eru: Kvíaból efst í túninu, Kvíastykki sunnar og Lambhúshóll niður af Kvíabóli." segir í örnefnalýsingu. Kvíastykki er vestan (innan) við réttina þar eru nú sléttuð tún. Engar tóftir aðrar en réttin (013) eru á þessum slóðum og er ekki óeðlilegt að álykta að þar sé í raun komin kvíatóftin sem svæðið er kennt við þó að heiti hennar hafi síðar breyst í meðförum manna. Um þetta verður þó ekki fullyrt.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 300


EY-148:013 réttartóft

65°51.675N 18°39.721V

Um 20 m vestan (innan) við 006 eru leifar af rétt. Í norðvesturhorn réttarinnar hefur í seinni tíð verið byggður reykkofti úr torfi og grjóti og því er innri skipan réttarinnar óljós. Fast innan við réttina eru kvía-örnefni en engar leifar tófta aðrar en réttin. Verður því að telja líklegt að réttin sé það sem örnefnið eru kennd við. Ekkert verður þó með vissu um það sagt. Réttin er á þýfðu svæði. Hún er að mestu hlaðinn úr grjóti en hún er þó gróinn og ekki sést alls staðar í grjót í henni. Hún er 10 X 10 m að stærð. Ekki er alveg ljóst hvort op hefur verið á vestur- eða austurvegg hennar en nú eru bæði svæði rofin.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-148:014 *Flagapartur* heimild um ristu

65°51.901N 18°39.065V

"Yzti hluti engjanna heitir Flagapartur, en þar var torfrista. ... Ofan við Flagpart ... heitir Torfholt." segir í örnefnalýsingu. Torfholt var nálægt merkjum við Tungufell, 500-600 m austan (og örlítið norðan) við bæinn á Melum (001). Holtið náði frá því neðan við veg og um 50 m ofan við hann. Neðan við Flagapart (og veg) sjást ennþá svarðargrafir í eins konar krók austan við ystu túnin en Mela-megin við merkin. Grafirnar eru L-laga og það svæði sem þær eru á er nú að mestu tún. Grafirnar eru 1,5 m að dýpt.

Hættumat: hættu, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 300

EY-148:015 *Grafir* heimild um mógrafir

65°51.962N 18°39.053V

"Yzti hluti engjanna heitir Flagapartur, en þar var torfrista. Þar fyrir sunnan (vestan) og neðan heitir Grafir (gamlar mógrafir)." segir í örnefnalýsingu. Um 40 m neðan við 014 voru mógrafir þar sem nú er sléttuð tún.

Hættumat: hættu, vegna túnræktar


Heimildir: Ö-Svarf, 300

EY-148:016 *Gamlistekkur* stekkjartóftir

65°51.637N 18°40.336V

"Upp eftir [frá Flóa er] Stekkjarenni og Stekkjargrund (Ofar), Stekkjarholt norðar en þar norðan við Kerlingarlækur." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er á hól ofan við vestustu (innstu) tún á Melum. Stekkurinn er í svipaðri hæð og gamli bærinn (001). Þýflendi tekur við fyrir ofan tún. Stekkurinn er í því en þó neðar en hin eiginlega fjallshlíð. Hólarnir sem stekkjartóftirnar eru á eru á kafi í sinu.

Stekkurinn (a) er mjög útflattur en virðist skiptast í 2 hólf. Hann er á hól og um 10 m vestar (innar) er annar hól og önnur minni tóft (b) á honum. Ytri tóftin (a) er 12 X 6 m að stærð og virðist tvískipt. Hin tóftin (b) er 4 X 4 m að stærð og eitt hólf. Ekki eru greinileg op á tóftinni.




Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Svarf, 300

EY-148:017 *Reiðgötur* gata leið

65°51.809N 18°39.367V

"... neðst í [Grund] heitir Brekkur og um þær Reiðgöturnar." segir í örnefnalýsingu. Reiðgöturnar lágu á sama stað og heimreiðin að Melum nú.

Heimildir: Ö-Svarf, 300



EY-148:018 gerði kálgarður


65°51.686N 18°39.919V

Um 8 m norðan við hesthústöft (023) og um 20 m vestan við 008 er garðlag utan um kartöflugarð, skógarreit og kartöflugeymslu. Gerðið er um 42 X 42 m að stærð og er á grónum hól. Inn í því er tóft og er hún á kafi í vellelftingu. Það er 42 X 42 m að stærð og í suðausturhorni þess er kartöflugeymsla.

Hættumat: engin hætta

EY-148:019 *Selgrund* seltóftir

65°51.461N 18°40.200V



"Upp frá Ennum er Selgrund og ofar Selflötur." segir í örnefnalýsingu. Selgrund er þríhyrningslaga grasflötur efst í hliðinni vestan við bæinn. Þar fyrir ofan verður fjallið snarbratt og grýttara. Skammt vestan (innan) við Selgrundir er Selflötur sem er aflangt grassvæði. Fjallgirðing liggur í neðri jaðri Selgrundar en um 30 m neðar eru seltóftirnar. Tóftirnar eru mitt á milli stekkjanna tveggja (016 og 021) og 200-300 m ofar. Selið er 500-600 m innan og ofan við gamla bæinn (001).

Selið er á grasivöxnu svæði rétt neðan við bratta fjallshlíðina. Selið er neðst á því sem virðist vera algróin skriða og sýnist neðan frá líkt og garðlag þvert í hliðinni. Ofan á henni eru tóftirnar. Þær eru tvær. Sú ytri (a) er fjórskipt og sérkennileg í laginu en hin er tvískipt (b). Þær eru alveg grónar og ekki nema 0,2 m á hæð. Samtals er svæðið 10-15 X 35 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 301

EY-148:020 heimild um aftökustað

65°51.671N 18°40.572V

"Árið 1625 var bróðir Þorvalds [Rögnvaldssonar], Jón bóndi á Krossum á Árskógsströnd, brenndur fyrir galdraáburð, fyrstur íslenzkra manna. Á hann var borið að hafa vakið upp draug fyrir átölur Jóns Guðmundssonar bónda á Hellu, sem átti í brösum við Urðabónda. Brennan fór fram á Melaeyrum í

Svarfaðardalsá verið eða sumarið eftir Svellavetur. Trúlega hefur staðurinn orðið fyrir valinu sökum þess, að hann lá miðsveitis, og þangað var Svarfdælum stefnt, svo að þeir létu sér brennuna að kenningu verða. Enginn veit nú hvar á Melaeyrum Jón á Krossum var borinn á köstinn í Jesú nafni. "Áin hefur flætt hér og þar um þessar víðlendu eyrar, og margsinnis sópað burtu jarðvegi, sem myndast hefur þarna. Eftir stendur þó hóllinn sem geymir bein [Jóns - sbr. Ey-133:024]" frásögn Sigurpáls Hallgrímssonar frá Melum í Sögu Dalvíkur.


Ekki er vitað hvar umræddur aftökustaður hefur nákvæmlega verið en að öllum líkindum hefur hann verið vestarlega (innarlega) á Melunum, e.t.v. ekki fjærri merkjum og hólnum þar sem talið er að Jón hafi verið dysjaður. Við merkin er eyrin grýtt og engin sérstakur blettur virðist hentugri en annar til að brenna mann!

Hin meinta Dys Jóns er á Urðateig - sjá EY-133:024.

Heimildir: Saga Dalvíkur I, 102-104.

EY-148:021 *Stekkjarmelur* stekkjartóftir 65°51.679N 18°40.034V
Um 50 m vestan (innan) við gerðið 018 eru leifar stekkjjar. Stekkurinn er 10-15 m innan við lækjarsprænu sem rennur niður úr hliðinni á þessum stað. Stekkurinn er austan (utan) í Stekkjarmel. Hann er á grasi vöxnu lækjarbakka. Stekkurinn er hlaðinn úr grjóti og er fast upp við melinn. Greinilegt er eitt hólf sem er 4 X 6 m að stærð. Sunnan við það eru hins vegar nokkrir stórir grjóthnullungar sem saman mynda annað hólf. Stekkurinn er 0,6 m að hæð.

Hættumat: engin hætta



EY-148:022 heimild um smiðju

65°51.752N 18°39.638V

Um 5 m austan (utan) við gamla bæinn (001) var áður smiðja sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Engin merki smiðjunnar eru nú greinileg. Þar sem smiðjan var er nú grasi vaxið svæði austan við kartöflugarð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

EY-148:023 hesthústóft


65°51.679N 18°39.936V

Um 20 m vestan (innan) við 008 og um 8 m beint ofan við gerðið 018, er tóft í þýfðu túni. Á þessum stað var hesthús og eru veggjabrot þess enn stæðileg. Hesthúsin eru í þýfðu túni. Tóftin er um 2 m á hæð, 1,6 m er hlaðið úr grjóti. Tóftin virðist hafa verið tvöföld, annars vegar eitt hólf sem snéri austur-vestur og var hlaðið úr grjóti og hins vegar því samfast tvískipt tóft úr torfi, mun óskýrari.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-149 *Tungufell*



30 hdr. 1712. Bændaeign. Tungugerði er nefnt í Svarfdæla sögu, ÍF IX, 193. "En skip þat hafði gert verið uppi í Tungunni, ok var þar hoggvinn viðrinn, því at þar var skógr þykkur ..." Svarfdæla saga, ÍF IX, 156. "Þá váru logrettir út í Tungunni, ok ráku féit til réttarinnar feðgar tveir ór Teigsfjalli." Svarfdæla saga, ÍF IX, 164. "Mork var svá þykk upp frá Tungunni, at aldri var rjóðr í." Svarfdæla saga, ÍF IX, 187.

6.6.1409 seldi Jón Sigmundsson Höskuldi Runólfssyni Tungufell "sagdi ion til þessara itaka at kirkian at wrdvm ætti attfedmings torfskurd i tvngvfellz iord firir utan þvergard en kirkian a vollum lambseidi ok at tvngvfelli veri bænhvskyllid." DI III, 722 [kaupin fóru fram 1404].

18.12.1421 selur Höskuldur Runólfsson Arnfinni Þorsteinssyni Tungufell - DI IV, 296-97.

1525 stendur Tungufell meðal Vallakirkjujarða til lausnar erfingjum séra Guðmundar - DI IX, 334.

25.12.1550 er Tungufell 40 hdr talin meðal Hólastólsjarða ".vj. kugillde. landskyllid .i1/2. c. og dagslatta." DI XI, 867.

Tungufell 40 hdr. var talin meðal þeirra jarða sem Jón Arason kom undir stólinn en Guðbrandur Þorláksson hefur sett nótu við um að jörðin hafi gengið til baka - DI XI, 875, sbr. 879.

24.9.1552 er gefinn vitnisburður um að Narfi Ingimundarson hafi sagst hafa fargað m.a. jörðinni Tungufelli sem börn Helga heitins Vigfússonar áttu með réttu - DI XII, 471.

2.7.1555 er gefinn vitnisburður um að "Tungufell j Suorfudardal matte Ordny moder Bandz [kona Narfa Ingimundarsonar] ecki leyfa at selia. Su jord kom alldre j hennar eigu. þa jord atte Wigfus bondi Þorsteinsson oc willdi alldre afsala sier a medan hann lifdi oc war þat nær þriu aar fram yfir þat er Helgi sonur hans andadist oc hafdi hann þa lyst Brand Helgason sinn laugligan Erfing[i]a epter sig." - DI XIII, 61. Samskonar vitnisburður er frá 19.7.1556 - DI XIII, 146-47.

11.11.1560 selur Magnús Björnsson Hóladómkirkju "jordena Tungufell j Svarbadardal j Vrda kirkjusokn. med littla Tungufelle ... fyrir .xlc." - DI XIII, 536-37.

1569: "Med Tungufelli landsk. .il/2. .c. med tiund. kug. .vj." - DI XV, 227.

1570: "Med Tungufelli .vi. kug." - DI XV, 459.

11.3.1644 selur Þórður Björnsson í umboði Þorláks bónda Arasonar sr. Halldóri Teitssyni 20 hdr í Tungufelli fyrir stórt hundrað ríkisdala - Jarðabréf, 222.

13.3.1652 meðkennist Jón Arason að han hafi selt sr. Halldóri Teitssyni hálfa jörðina Tungufell, 20 hdr - Jarðabréf, 222.

20.6.1703 á Helga Halldórsdóttir 8 hdr í Tungufelli, landskuld þar af 28 álnir, 1 kúgildi, í arf eftir foreldra sína sr. Halldór Teitsson og Guðrúnu Skúladóttur - JÁM XIII, 217-18.

22.6.1703 á Þorgrímur Halldórsson hálf Tungufell, 20 hdr, landskuld 70álnir, kúgildi 2,5, í arf eftir foreldra sína sr. Halldór Teitsson og Guðrúnu Skúladóttur - JÁM XIII, 283.

1712 Krákustaðir og Tungukot voru eyðibýli. Önnur Tungukot tvö hafa einnig verið hjáleigur sem og Kringla. Nafnið Krókar er einnig til, líklega á einu Tungukotanna. Bænhús var á Tungufelli.

1839: "Út af [lyng- og kvistmóum í Stólsöxl] liggja flatar eyrar með nokkru graslendi, nú orðnu kvistblönduðu ... úr [Stólsgili] hlaupa [endum og sinnum] skriður ofan á undirliggjandi slægju- og beitulönd ..." SSE, 74-75;

1917: 6.2 ha. Garðar 425 m².

1984 fór jörðin í eyði.

1990: "... túnið liggur umhverfis bæinn og niður með ánni. Auk þess hafa ábúendur í Hreiðarsstaðakoti ræktað stórt tún á Tungunum norðarlega í landi Tungufells." BE 1990, 247

EY-149:001 *Tungufell* bæjarhóll bústaður 65°51.905N 18°38.596V

Gamli bærinn (001) virðist hafa verið á svipuðum stað og steinsteypt íbúðarhús, sem nú stendur í Tungufelli. Þetta má m.a. ætla af afstöðu við túngarðinn sem sýndur er á túnakorti og hefur verið umhverfis allt túnið en merki hans eru enn greinileg á stórum parti. Steinsteypta íbúðarhúsið (sem nú er notað til sumardvalar því ekki er lengur búið í Tungufelli) er með steinsteyptum kjallara og því er líklegt að þær mannvistaleifar sem kunna að hafa verið í hólum séu að miklu leyti skemmdar. Lág hæð er þar sem bærinn er en umhverfis íbúðarhúsið er sléttuð grasflöt.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:002 *Bænhúshóll* heimild um bænhús 65°51.860N 18°33.533V

"Ofantil í túninu er Bænhúshóll, enda er talið að þar hafi verið bænhús fyrr á öldum (sjá Örnefnasögur)." segir í örnefnalýsingu. Engar sagnir eru nú til um hvar bænhúsið var nákvæmlega og eina vísbendingin er Bænhúshóll sem er sagður ofantil í túninu. Túnið er nú í órækt og er ekki nytjað. Það er í aflíðandi halla milli túngarðs og steinhússins (þar sem 001 var). Í túninu eru einstaka bungur eða smáhólar sem mögulegt er að sé umræddur Bænhúshóll. Milli bæjar og túngarðs eru um 150 m.

6.6.1409: "sagdi ion [Sighvatsson seljandi] at a tvngvfelli veri bænhvskyllid." Vottorð DI III 722 [kaupin fóru fram 1404]

1712: "Hálfkirkja eður bænhús er sagt hjer hafi að fornu verið, og heitir hjer ein tóftarrúst með liti[l]ri girðing í kríng Kirkjutóft." JÁM X, 74

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 298; DI III, 722; JÁM X, 74.


EY-149:003 heimild um útihús 65°51.869N 18°38.606V

15 m vestsuðvestur af gamla bænum (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það er beint suður af bílastæðinu við steinhúsið sem nú stendur. Á þessum stað er nú steinsteypt hús sem er hrúnið að hálfu Ofan við þar sem húsið hefur verið er túnið þýft og í órækt. Ekki sést til tófta og getur verið að útihúsið hafi staðið þar sem hið hálfhrunda steinhús er nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:004 fjárhús

65°51.845N 18°38.600V



Um 65 m suðvestur af gamla bænum (001) er útihús úr torfi og grjóti með burstum undir þaki. Húsið er á lágum hól í brekkunni 15-20 m neðan (norðvestan) við túngarðinn. Fífa og sóleyjar vaxa í hólnum ólíkt því sem er annars staðar í túninu til vesturs og austurs. Smálækur fellur í hvilft 5 m suðvestur af húsunum.

Útihúsið eru að hruni komið en ekki er vitað hvort núverandi bygging er sú sama og merkt er inn á túnakort frá 1917. Ef svo er hefur húsinu verið haldið við allt þar til bærinn lagðist í eyði. Steinhleðslurnar eru heilllegar en timburgrindin og bárujárnsþakið hanga ekki uppi ekki nema að hluta og er þakið fallið yst í suðvesturhorni hússins. Garðar eru í því og eru þeir grónir. Húsið er 15 X 13 m að utanmáli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:005 heimild um útihús


65°51.850N 18°38.572V

Um 70 m suður af gamla bænum (001) og um 20 m ANA af 004 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsið var um 60 m beint ofan við 003. Grasi vaxinn slakki niður af túngarðinum. Til norðausturs er 5 m djúp dæld í brekkunni en 25 m til norðausturs er hóll sem er vaxinn grasi og fífu. Ekki sést móta fyrir hleðslum en þó er túnið aðeins naktara á þessum og sést í mold, jafnframt því að jörðin er harðari. Líklegt er að leifar útihússins séu í sverðinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:006 þúst útihús

65°51.881N 18°39.494V



60-70 m norðaustan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það var uppi á hól og má greina hvar það hefur verið þó greinilega hafi verið sléttað yfir tóftina. Þar sem húsið var hefur jörð sigið og því er lögunin greinileg í grösugum hólum. Húsið stóð á grösugum hól í túninu sem nú er komið í órækt. Tóftin virðist hafa verið um 7 X 7 m að stærð og skipst í tvö hólf. Syðra hólfíð hefur snúið austur-vestur en það ytra norður-suður. Annað verður ekki sagt um þessar leifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:007 heimild um útihús

65°51.894N 18°38.419V

Um 50 m utan við 006 og um 110 m norðaustan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Þar sem útihúsið var er nú sléttuð hæð í túni og engin merki um húsið eru greinanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:008 heimild um útihús

65°51.935N 18°38.450V

Um 105 m utan við gamla bæinn (001) og um 45 m sunnan við túngarðinn var útihús sem merkt er inn á

túnakort frá 1917. Engin merki um það eru greinileg nú. Þar sem húsið var er nú sléttuð hæð í túni sem komið er í órækt. Á hólnum er rafmagnslínustaur en höllinn er vaxinn fremur strjálu og stuttu grasi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-149:009 *Rásugerði* heimild um hesthús 65°51.918N 18°38.374V

"Yzt og efst í túni heitir Rásugerði, en annað nafn er einnig á þeim túnhluta: Þilhúsvöllur, nefndur svo eftir hesthúsi með þili að framan (fágætt þá)." segir í örnefnalýsingu. Þilhúsvöllur var norðaustast í túninu og gæti verið að þau hús sem þar voru séu hin sömu og 007. Ekki er þó hægt að fullyrða um það þó vissulega hafi þau staðið á svipuðum stað. Við túngarð efst í túni. Umhverfis eru sléttuð tún sem eru komin í órækt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 298

EY-149:010 *Tungurétt* hleðsla rétt 65°52.041N 18°36.423V

"Á merkjum Dælis og Tungufells austur við Skiðadalsá eru Dælishólar. Þar utan við er Tunguréttin, fjárrétt héraðsins. Yzt heitir Tungusporður eða Flötutungur. Hefur verið réttað í Tungum síðan í fornöld, því að Svarfdæla getur um "logréttir úti í tungunni." segir í örnefnalýsingu. Þorsteinn Þorsteinsson skrifar um réttina um 1865: "Enn sést móta fyrir réttinni austur við Skiðadalsá rétt á veginum fram í Skiðadal, í hvammi djúpum fram við Dælishóla og er hvammurinn kallaður Kaupstaðshvammur. Hefur áin brotið af hálfu girðinguna eður réttina svo varla verður mæld stærð hennar. Réttin hefur verið kringlótt og á að giska að hún hafi verið í þvermál 8-10 faðma, þar sem hún hefur verið breiðust, hefur þá líklegast verið réttað þar úr báðum dölunum."

Tunguréttin stendur nú á Barði austan við þjóðveg. Réttarhvammur hefur ýmist verið sagður norðan og sunnan þessa barðs en sitt hvoru megin við hann eru hvammar. Kristján Eldjárn segir í Greinagerð og athugasemdum um örnefnaskrá Þorsteins að hvammurinn væri sunnan við réttina sem nú stendur á barðinu og þar greindi hann leifar réttarinnar. Einu mannvistarleifarnar sem eru greinilegar í hvamminum sunnan steypu réttarinnar eru syðst í hvamminum. Þar sést garðlag eða hleðsla á um 27 m kafla. Leifar þessar eru þó 10-20 m vestan við ána. Hvammurinn er grasi vaxinn langleiðina að ánni. Þar sem brotið er þrengist hvammurinn mjög og fjarar út. Vestan við er grösug brekka en austan við áin. Garðlagið liggur í brekkurótum í örlítinn boga, um 27 m langt. "Þá vóru logrettir út í Tungunni, ok ráku féit til réttarinnar feðgar tveir ór Teigsfjalli." Svarfdæla saga, ÍF IX, 164.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 298; ÍF IX, 164; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Greinagerð og athugasemdir Árbók 1975, 119.

EY-149:011 *Krækustaðir* heimild um býli 65°52.504N 18°37.118V

"Krækustader og Tungu kot kallast nu tvö forn eyðiból hjer í landinu út frá jörðunni, og eru á þeim báðum sýnileg byggingamerki tófta og girðinga leifa. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskarparleysi. Túnin eru og mestan part uppblásin." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Fyrir sunnan þvergarð á tungunni að vestanverðu hafa og svo staðið önnur 2 kot, kölluð Kringla og Krækustaðir, sem eru sunnarlega á tungunni. Skammt þar fyrir utan stendur jörðin Tungufell ..." segir í sóknarlýsingu frá 1839. "Ekki er nú vitað hvar í Tungunni Krækustaðir hafa verið. Tvö býli virðast hafa verið í Tungunni "út frá jörðinni", ... norðan við aðaljörðina, Krækustaðir og Tungukot." segir í örnefnalýsingu. Heimildum ber ekki saman um hvort Krækustaðir hafi verið sunnan eða norðan við Tungufell. Býlin þrjú sem full vitneskja er um í landi Tungufells hafa öll verið norðan við bæinn og virðist af flestum heimildum að ráða að Krækustaðir hafi verið á svipuðum slóðum. Engin merki eru greinileg um þetta býli nú og ekki er nákvæmlega vitað hvar það hefur verið.

Leifar stekkjans 017 gætu auðveldlega verið leifar þessa býlis. Stekkurinn er á hól og umhverfis hann er greinilegt garðlag og aðstæður því ekki ólíkar og á býlunum tveim sem þekkt eru og friðuð. Einnig er mögulegt að Krækustaðir séu sami staður og Krókar/Tungugerði syðra og hafi því aldrei verið meira en þrjú kot á jörðinni þó nöfnin séu mun fleiri.

Hættumat: hætta, vegna vegaframkvæmda

Heimildir: JÁM X, 75; SSE, 74; Ö-Svarf, 298

EY-149:012 *Tungukot ytra* garðlag býli 65°52.517N 18°36.587V

"Þat var því næst, at hestaþing var nefnt uppi fyrir Tungugerði ..." segir í Svarfdæla sögu. "Krákustader og Tungu kot kallast nú tvö forn eyðiból hjer í landinu út frá jörðunni, og eru á þeim báðum sýnileg byggíngamerki tófta og girðinga leifa. Ekki má þessi eyðiból aftur byggja fyrir heyskaparleysi. Túnin eru og mestan part uppblásin." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Heimar á tungunni, fyrir utan þvergarð nokkurn, sem liggur þvert yfir tunguna millum árbakkanna, hafa í fyrndinni staðið tvö kot, sem hafa verið kölluð Krókar og Tungukot, löngu fyrir allra núlifandi manna minni eyðilögð og með öllu nú óbyggileg." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Ekki er fullvíst að Tungukot og Krókar sem talað er um í sóknarlýsingunni séu sömu staðir og Tungukot ytra og Tungukot syðra 014 þó það verði að telja líklegt og að Krókar séu þá sama og Tungukot syðra.

"Tvö býli virðast hafa verið í Tungunni "út frá jörðinni", ... norðan við aðaljörðina, Krákustaðir og Tungukot, eða Ytra-Tungukot (Tungugerði, síðast Ytrakot)." segir í örnefnalýsingu. Tungugerði ytra eða Ytrakot mun sami staður og hestaþingsstaðurinn Tungugerði sem um getur í Svarfdæla sögu. Á Ytrakoti stóð þinghús hreppsins allt fram undir aldamótin 1900. Þar er töluverður túnblettur og leifar sjást þar af vallargarði umhverfis. Þorsteinn Þorsteinsson ritar um 1865: "Fyrrum bær byggður í Tungunni eður Tungunum skammt fyrir utan Kaupstaðshvamm. Þessi jörð hefur verið í eyði mörg ár; enn sjást þó merki fyrir túnstæði og bæjartóftum, sem allar eru vallgrónar. Þessi jörð er í Tungufellslandi. Á Tungukoti eður þar nálægt hefur stundum sést málmlogi í myrkri og dimmviðrum frá bæjum sem næstir eru, en menn ekki getað glöggvað hvar helst það hefur verið svo grafið hafi orðið eftir því."

Tungukot ytra var þar sem þinghús Svarfdælinga stóð síðar. Skilti er norðan við þjóðveg sem bendir í átt að þinghússtæðinu en það er um 150 m norðan við þjóðveginn. Um 70 m suðvestan við staðinn er malarnáma. Svæðið þar sem býlið og síðar þinghúsið voru er mjög raskað og sjást litlar mannvistarleifar á þessum slóðum. Einu hugsanlegu leifar býlisins er það sem virðist vera um 15 m bútur af garði sem liggur í átt að Skíðadalsá.

Hættumat: hætta, vegna vegar

Heimildir: ÍF IX, 193; JÁM X, 75; SSE, 74; Ö-Svarf, 298; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 130

EY-149:013 *Kaupstaðshvammur* örnefni

65°52.190N 18°36.396V

Þorsteinn Þorsteinsson ritaði um örnefni í Svarfaðardal um 1865: "Enn sést móta fyrir réttinni austur við Skíðadalsá rétt á veginum fram í Skíðadal, í hvammi djúpum fram við Dælishóla og er hvammurinn kallaður Kaupstaðshvammur. ... Gömul munnmæli eru að Strandamenn og Dala hafi skipst þar á skreið og sauðfé á haustin við réttina, og er sú sögn líkleg, því nafnið bendir líka til þess." Tunguréttin er nú á Barði austan við þjóðveg en Kaupstaðarhvammur hefur bæði verið sagður norðan og sunnan þessa barðs en sitt hvorum megin við hann eru hvammar. Kristján Eldjárn segir í Greinagerð og athugasemdum um örnefnaskrá Þorsteins að hvammurinn sé sunnan við réttina sem nú er á barðinu og þar greindi hann leifar réttarinnar. Einu mannvistarleifar sem eru greinilegar í hvamminum sunnan steyptu réttarinnar eru alveg syðst í hvamminum. "Kaupskapshvammur heitir stór og skeifumyndaður grashvammur í Tungusporðinum við Skíðadalsá utar en Tunguréttin. Þar halda menn að hafi verið verzlunarstaður til forna, meðan Svarfaðardalsáin var fær hafskipum þangað inn eftir (?). Í Svarfdælu er talið að smíðað hafi verið skip í Tungunni ... Annars staðar í sögunni er að vísu sagt að skipið hafi verið flutt til sjávar á ísum. Glögg merki finnast þess, að sjór hafi gengið upp að Tungum, því að brimsorfið grjót og skeljar hafa fundizt þar í bökkunum." Kristján Eldjárn segir um þetta: "Þetta er ekki rétt staðsetning. Hvammurinn er rétt fyrir sunnan (ekki utan við) réttina."

Hvammurinn er grasi vaxinn langleiðina að ánni. Til suðurs þrengist hvammurinn mjög og fjarar út. Vestan við er grösug brekka en austan við áin. Engar minjar eru sjáanlegar um ver slun á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 298; Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Greinagerð og athugasemdir Árbók 1975, 118-19 nmgr. 24

EY-149:014 Tungukot syðra


býlistóftir

65°52.210N 18°36.709V

"Heimar á tungunni, fyrir utan þvergarð nokkurn, sem liggur þvert yfir tunguna millum árbakkanna, hafa í fyrndinni staðið tvö kot, sem hafa verið kölluð Krókar og Tungukot, löngu fyrir allra núlifandi manna minni eyðilögð og með öllu nú óbyggileg." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Krókar þessir munu sami staður og nú er nefndur Tungukot syðra. "Rétt fyrir ofan Kaupskapshvamm [013] eru vallgrónar tóftir og brot af túngarði á Syðra-Tungukoti (Syðrakoti)." segir í örnefnalýsingu. Um 150 m vestan við veg sem liggur inn í Skíðadal og um 200 m suðvestan við Tungurétt sem nú stendur stept eru leifar Syðra-Tungukots. Umhverfis kotið liggur sporöskjulaga túngarður sem umlykur 120 X 70 m svæði. Umhverfis er lyngivaxnir mór og þýflent. FRIÐLÝSTAR MINJAR. Bæjartóftin er sjálf um 7 X 9 m að stærð og er hún tvískipt. Op er á tóftinni til austurs og vesturs. Um 5 m norðan við tóftina en á sömu hæð er önnur tóft, minni (3,5 X 7 m). Í henni er garði eftir endilöngu og op er á henni til suðurs. Tóftirnar eru mest 0,6 m á hæð.


Hættumat: hætta, vegna vegar

Heimildir: SSE, 74; Ö-Svarf, 298



EY-149:015 tóft

65°51.840N 18°38.507V



Um 100 m suðsuðaustur af núverandi íbúðarhúsi í Tungufelli og um 5 m ofan við túngarð sem enn sést eru leifar af litilli tóft. Í þýfðum grasmóa beint ofan við túngarðinn. Tóftin liggur í hálfhring og er op á henni mót vestri. Hleðslur standa algrónar og er tóftin lægri syðst en hæst nyrst (þ.e. næst túngarði).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 298


EY-149:016 Kringla

býlistóftir

65°52.449N 18°37.630V



Kringla – horft til norðurs



"Fyrir sunnan þvergarð á tungunni að vestanverðu hafa og svo staðið önnur 2 kot, kölluð Kringla og Krákustaðir, sem eru sunnarlega á tungunni. Skammt þar fyrir utan stendur jörðin Tungufell ..." segir í sóknarlýsingu frá 1839. "Við Svarfaðardalsá er hólabyrping, sem nefnist Kringluhólar. Sunnanvert í þeim er eyðibýlið Kringlukot. Stóðu þar enn grjótveggir skömmu eftir síðustu aldamót. Umhverfis kotið er túnskiki með nálega jarðsokknum túngarði í kring." segir í örnefnalýsingu. Býlið hefur verið um 1,2 km utan við gamla bæinn (001). Rústir Kringlu eru friðaðar og óskemmdar þrátt fyrir að vegir liggja skammt norðan og vestan við bæinn. Tóftin og hringlaga garðlag í kring er um 20 m sunnan við veginn sem liggur fram í Skíðadal og um 10 m austan við vegarslóða sem liggur að Tungufelli og Melum. Tóftin er greinileg frá veginum og eru

tvö friðlýsingarskilti á henni, annars vegar í bæjartóft og hins vegar í garðlaginu umhverfis. Tóftin er í lyngivöxnum bala en skammt norðaustan við er melhóll. Til stendur að breyta vegarstæðinu á þessum slóðum og gæti það haft hættu í för með sér fyrir tóftina.

FRÍÐLÝSTAR MINJAR. Túngarðurinn umhverfis tóftina er um 35 m (norður-suður) og um 40 m (austur-vestur) að stærð. Tóftin er á hæð sem er um 10 X 15 m að stærð. Hún skiptist í 3 hólf og er lítil og gróin. Op virðist hafa verið á austurvegg. Garðurinn umhverfis er mismikið útflattur en er að jafnaði um 2-3 m á breidd en 0,3 m á hæð. Innan "túns" á þessum stað er mjög þýft.

Hættumat: hætta, vegna vegaframkvæmda

Heimildir: SSE, 74; Ó-Svarf, 298

EY-149:017 Stekkur stekkjartóft

65°52.150N 18°38.192V


"Austur frá [Brúarhólmum] miðjum er Stekkjarsund og við það lítill hóll, Stekkurinn, og annar stærri norðar, Stekkjarhóllinn ... Ofan við [Breiðasund og Miðsund] er Stekkjarhæð, skammt frá heimatúninu.

Þaðan sést vel til Stekkjarins." segir í örnefnalýsingu.

Stekkurinn er nærri því að vera 550 m utan og neðan við gamla bæinn (001). Hann sést um 100 m neðan við veginn að Tungufelli og Melum og hann er 150-200 m norðan við túngarðinn í Tungufelli. Tóftin er uppi á afgerandi hól og rétt norðan við eru tveir aðrir hólar sem eru þess legir að tóftir gætu hafa verið á þeim en þær eru nú ekki merkjanlegar enda hólarnir mjög þýfðir.

Stekkjartóftin er enn greinileg og sömuleiðis garðlag sunnan við tóftina, sem liggur skáhallt framhjá henni til norðausturs og endar um 10 m neðan við veg. Stekkjartóftin er greinileg frá veginum. Tóftin er á hæð sem er á kafi í grasi og öðrum gróðri. Neðar er deiglent en að veginum eru grasi- og lyngivaxnir móar.

Tóftin er á hæð en um 20 m norðar er annar, stærri hóll. Ekki eru greinanlegar tóftir á ytri hólnum en hann er á kafi í grasi. Tóftin er um 8 X 6 m og virðast hafa verið tvískipt. Ekki er greinanlegt op á henni. Garðlagið er hins vegar um 100 m að lengd en útflatt á köflum. Ekki er óhugsandi að býlið Krákustaðir 011 hafi verið á þessum stað.



Hættumat: engin hættu
Heimildir: Ö-Svarf, 299

EY-149:018 *Prettalaut* þjóðsaga 65°51.580N 18°38.070V
"Við fjallsræturnar er löng og djúp laut, með klettum á einum stað. Heitir hún Prettalaut (Prettalág). Austurendi hennar er mjór og kallast Lokugörn. Óljós munnmæli eru til um það, að þarna hafi verið barizt og margir fallið. Augljóst er, að laut þessi hefur hentað vel til fyrirsátar." segir í örnefnalýsinu. Prettalaut er ofarlega í hálsinum og er klettabelti ofan við lautina að sunnan, aðeins austar en fyrir lautinni miðri. Lautin hefur verið góð til að hyljast í því hvorki er sýnilegt ofan í hana frá Svarfaðardal né Skíðadal. Rafmagnslína liggur þvert yfir hálsinn skammt norðan við lautina. Efst í henni sjást greinilegar leifar af gömlu reiðagötunum sem lágu um hálsinn (sjá Koppagötur í landi Dælis). Lautin er vaxin lyngi og þýfð. Í henni eru lágar hæðir.

Hættumat: engin hættu
Heimildir: Ö-Svarf, 299

EY-149:019 *Þvergarður* garðlag 65°52.159N 18°36.723V



"Frá [Kaupsks]hvam minum [013] liggur forn og furðumikill garður upp að Bihúsvelli.

Þvergarður – horft til vesturs

Hann nefnist nú Hagagarður, en í fornu jarðaskiptabréfi kallast hann Þvergarður. Það var alvenja, svo langt, sem elztu menn mundu í byrjun þessarar aldar, að Tungufellsféð var rekið til beitara á vetrum eftir garði þessum og út í Tunguna, því að þar var kjarngott beitiland. Og ekki hefur það verið lakara í þann tíð, sem skógur var um allt þetta svæði, en um það vitna birkilurkar og gildar trjáætur, sem víða hafa fundizt um Tunguna." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Þvergarðurinn er mjög greinilegur og sést hann frá veginum inn Skíðadal á þeim stað þar sem réttin stendur nú. Garðurinn sést óljóst neðan við veginn inn Skíðadal en kemur í ljós skammt ofan (vestan) hans og er hann greinilegur þaðan yfir í Svarfaðardal. Hann liggur um 50 m sunnan við Syðra-Tungukot. Garðurinn liggur að mestu yfir lyngivaxinn hálsinn.

Garðsins er getið í jarðakaupabréfi frá 1409: "sagdi ion til þessara itaka at kirkian at wrdvm ætti attfedmings torfskurd í tvngvfellz iord firir utan þvergard." DI III, 722. Undanfarna áratugi hefur garðurinn verið notaðar sem göngu- og reiðgarður. Hann er um 2,5-4 m á breidd, um 0,8 m á hæð og 750-850 m á lengd. Nokkur nafnaruglingur virðist vera á garðlögnum í landi Tungufells og Dælis. Á þessu svæði eru 3 garðar. Garðurinn sem hér um ræðir virðist kallaður Þvergarður og stundum Hagagarður. Annar garður liggur meðfram hálsinum og er hann einnig nefndur Hagagarður en stundum Skessugarður. Gengur Þvergarðurinn þvert á þann garð. Þriðji garðurinn er á merkjum Tungufells og Dælis.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SSE, 74-75 sbr. KK III, 72 sem fer eftir þessari heimild; DI III, 722.

EY-149:020 heimild um kolagröf 65°52.158N 18°36.723V
Þorsteinn Þorsteinsson ritaði um örnefni í Svarfaðardal um 1865: "[í tungunni] hefur þá verið skógur, en er nú eyddur, en mikið hrís er þar enn. Fyrir nokkrum árum síðan fannst þar gömul kolagröf á holti eður á melbarði, sem blásið hefur jörð af, en týnst á fyrri tíð, og voru í henni skógviðarkol úr afar digrum lurkum, ólík því, sem fást nú nokkurs staðar í þessari sveit." Ekki er vitað hvar kolagröfin var nákvæmlega á tungunni en sjálfsagt hafa þær áður verið víða. Svæðið er nú lyngivaxið og hvergi sjást þar grafir.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók 1975, 112

EY-149:021 *Skessugarður* garðlag óþekkt 65°51.531N 18°37.829V

"Gamall, hlaðinn garður er eftir endilöngum Tungufellshálsi, þar sem hann er hæstur, og nefnist hann Skessugarður. Nær hann upp fyrir Prettalág og niður á mótis við yztu og efstu Dælishólana." segir í örnefnalýsingu. "Heimar á tungunni, fyrir utan þvergarð nokkurn, sem liggur þvert yfir tunguna millum árbakkanna, hafa í fyrndinni staðið tvö kot ... [Tungufelli er eignuð tungan] nema partkorn austanvert við garð þann, sem liggur frá fjallsöxl eftir miðjum hálsröðli [þ.e. Skessugarð] út í áðurnefndan þvergarð, hver partur er eignaður Dæli." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Myndarlegt garðlag er enn mjög greinilegt frá fjallsöxlinni og langleiðina niður að þjóðveginum sem liggur frá Svarfaðardal yfir í Skíðadal. Garðurinn virðist hafa verið nefndur Skessugarður og Hagagarður. Landamerkjagarður Dælis og Tungufells (150:023) gengur frá vegi og upp að þessum garði. Raflína sem er norðarlega í Prettalaut liggur yfir Hagagarð og Skessugarð nálægt merkjum og skemmir þá báða þar. Gamlar götur (Koppagötur, sjá Dæli) liggja í gegnum Skessugarðinn nálægt þar sem landamerkjagarðurinn kemur á hann.



Skessugarður – horft til suðurs

Garðurinn liggur niður lyngivaxinn ás. Hann er um 2-3 m á breidd og 0,8 m á hæð. Hann er um 2 km langur og nær efst úr hálsinum og niður að Þvergarði en er ekki greinanlegur neðan hans. Frá því þar sem garðlagið endar í Þvergarði og niður að þjóðvegi eru um 450-500 m.

Hættumat: hætta, vegna vegaförkvæmda

Heimildir: SSE, 74-75

EY-149:022 garðlag túngarður

65°51.598N 18°38.417V

Myndarlegur túngarður er enn umhverfis stóran hluta túns í Tungufelli. Túngarðurinn er vel greinanlegur og sést fyrir ofan tún og einnig er hluti af suður- og norðurhlíð garðsins greinileg. Hann hverfur rétt ofan við veginn sem liggur að Tungufelli og Melum. Garðurinn liggur í jaðri túns í Tungufelli en það er nú komið í órækt. Garðurinn er um 1,5 m á hæð og um 2 m á breidd. Hann er alveg gróinn og greinilegur á um 500 m kafla.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-149:023 gerði kálgarður

65°51.930N 18°38.486V

10-20 m innan (og aðeins neðar) en 008 eru óljósar leifar af kálgarði sem merktur er inn á túnakort frá Gerðið er í túni sem nú er komið í órækt. Það virðist vera um 10 X 15 m að stærð. Það er útflatt og ekki nema um 0,2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-149:024 náma mógrafir

65°52.005N 18°38.126V

Mógrafir eru m 20 m ofan við heimreiðina heim að Tungufelli og Melum, í suðaustur frá þeim stað þar sem áberandi lækjardrag er í fjallinu hinum megin í dalnum og tún þar fyrir neðan. Þýft og grasi gróid land um 250 m utan við núverandi íbúðarhús í Tungufelli. Kanturinn umhverfis grafirnar er þýfður. Mógröfin er að mestu uppþornuð og grasi vaxin að nýju.


Hættumat: engin hætta

EY-149:025 heimild um mógrafir

6.6.1409 seldi Jón Sigmundsson Höskuldi Runólfssyni Tungufell "sagði ion til þessara itaka at kirkian at wrdvm ætti attfedmings torfskurd i tvngvfellz iord firir utan þvergard." DI III, 722

Heimildir: DI III, 722

EY-150 Dæli



1839: "Út af [Stóls]öxl ... liggur löng tunga með lyng og fjalldrapavöxnum móum, á hverjum að er hagkvæmt beitland fyrir sauðfé." SSE, 74;

1917: 5.6 ha. 5/6 slétt. Garðar 920 m².

1990: "Túnið liggur norðantil uppi á hörðum og hólóttum bakkanum og nokkuð upp í hálsinn en lækkar svo þegar sunnar dregur og er þar á langri og mjórri ræmu milli fjallsins og Dæliseyranna." BE 1990, 202

EY-150:001 Dæli bæjarstæði bústaður

65°51.048N 18°56.685V

Öll ummerki um gamla bæinn hafa nú verið afmáð af yfirborði jarðar. Hann var á svipuðum stað og eldri bæjarhúsin í Dæli en í þeim er ekki búið lengur. Gamli bærin stóð þó að hluta vestan við eldra íbúðarhúsið sem nú er, þar sem lítið gróðurhús er. Ekki er greinanlegur bæjarhóll. Umhverfis bæjarstæðið er sléttuð tún.

"Engar minjar eru frá gamla torfbænum í Dæli. Flutt var úr honum fyrir síðustu aldamót 1898. Gamlar torfskemmur tvær, með timburþili að framan, stóðu lengi fram á 20. öld, notaðar til geymslu, en eru nú horfnar. Gamla timburhúsið, sem flutt var í 1898 stendur enn og er geymsla. Flutt var úr því í núverandi íbúðarhús, steinhús árið 1956." Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

40 hdr. 1712. Hólastólsjörð frá um 1500.

10.10.1505 ber Þorkell Magnússon vitni um að Steinn Snorrason hafi lukt Hólakirkju 40 merkur í Dæli fyrir sakarferli sín og að Stein látnum hafi Jón Snorrason erfingi hans lukt þessa sömu skuld í jörðina Dæli - DI VII, 800.

6.6.1520: "Dæli fimtíge .c. viij kugilldi. Landskylld. ijc. og gaf Steirn Snorrason. xc. Hólakyrkiu. enn. xlc. keyptt af Bornum Steijns er hann gaf þeim j Testament. og voru keyptt fyrir fulla peninga." Testamenti Gottskálks - DI VIII, 729.

1525 eru Dæli talið meðal Hólakirkjujarða - DI IX, 301.

25.12.1550 er Dæli 30 hdr. meðal Hólastólsjarða ".vj. kugillde. landskylld. ij. c." - DI XI, 868.

1569: "Dæli landsk. .ij. .c. með tiundum. kug. .vj." - DI XV, 227.

1570: "Med Dæli .vi. kug." - DI XV, 459.

1712: "Tólfseta torfskurð á jörðin [Márstaðir] í Dælis engi. Ekki hefur hann brúkast, so menn viti. Munnmæli eru, að Dæli eigi hjer í mót mánaðar selför á Márstaðadal, sem ekki hefur heldur brúkast." JÁM X, 77.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 og Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

EY-150:002 heimild um hesthús

65°51.014N 18°36.699V

Um 50 m beint suður (inn) af gamla bænum (001) var hesthús þar sem nú eru sléttuð tún. Tóftin var neðan við Neðri-Kvíhól þar sem nú er hæð. Hún var nærri suðurjaðri gamla túnsins. Þar sem tóftin var eru nú sléttuð hæð í túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-150:003 *Hólshús* heimild um útihús

65°51.029N 18°36.750V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 45 m suðvestan við gamla bæinn (001) en um 40 m norðvestan við 002. Það hét Hólshús og voru tóftarbrot greinileg þar til nýlega en þá var sléttað úr þeim. Þar sem húsin voru er nú sléttur malarflötur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-150:004 heimild um útihús

65°51.039N 18°36.760V

Um 20 m norðan við Hornhús (003) var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það hefur verið á svipuðum stað og útihús úr bárujárnri standa nú (eða réttara sagt hlaða sem er aftast í samstæðunni). Hússtæðið er undir suðurjaðri hlöðunnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-150:005 heimild um útihús

65°51.059N 18°38.756V

Um 20 m norðan við 004 og 40 m norðan við 003 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Það var um 60 m ofan við gamla bæinn (001). Þar eru nú útihús úr bárujárnri (eða réttara sagt hlaða sem er aftast í samstæðunni). Hússtæðið er undir norðurjaðri hlöðunnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-150:006 *Lambhús* heimild um fjárhús

65°51.038N 18°36.891V

30-35 m ofan við 004 og um 80 m ofan við gamla bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Á þessum stað voru fjárhús sem nefnd voru Lambhús. Þar sem húsin voru eru nú fjárhús úr bárujárnri og eru það efstu útihúsin á Dæli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-150:007 *Fjóshóll* mannabein/ fjós

65°51.076N 18°36.684V

"Tveir hólar eru norðan bæjar, Fjóshóllinn nær, en Langhóllinn fjær." segir í örnefnalýsingu. "30-40 m frá bænum/Greinilegar húsatóftir/Nokkrir metrar að ummáli/Syðst í Fjóshólnum norðan bæjarlækjar komu upp mannabein [sbr. 024]" segir í skýrslu um fornleifar á Dæli. Fjóshóllinn var beint fyrir framan (austan) þar sem nýrra íbúðarhúsið í Dæli stendur nú. Hóllinn var þar sem þjóðvegurinn liggur og örlítið fram af honum. Úr hólnum var rutt vegna vegagerðar en fram að því hafði fjóstóft verið á honum. Þegar rutt var úr hólnum komu mannabein í ljós. Kristján Eldjárn hallaðist helst að þeirri skýringu að bænhús hefði áður verið á bænum og mannabeinin væru leifar af litlum grafreit sem því hefði fylgt. Þar sem hóllinn var er nú þjóðvegur en neðan við hann eru tún með nokkrum hólum í.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ó-Svarf, 296; Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

EY-150:008 *Álfhóll* álagablettur

65°51.099N 18°36.589V

"Merkasti hóllinn [í túninu] er lengra út og niður á túni, það er Álfhóllinn, kringlulagaður og kúptur mjög. Sunnan í honum vottar fyrir garðstæði. Norðan við hóllinn er sléttur bali og í jaðri balans litill hóll. Þau álög fylgja Álfhóli, að ef kollur hans er sleginn, verður einn af nautgripum bóndans fyrir alvarlegum

sjúkdómi. Hefur þetta margsinnis framkomið og því fyrir löngu hætt að slá hólinn, sem er þess vegna loðinn mjög og lubbagegur ásýndum." segir í örnefnalýsingu. "Um 100 m NA frá bænum." segir í skýrslu um fornleifar á Dæli. Langhóll er beint neðan við þjóðveginn (og við þar sem áður var Fjóshól). Álfhóllinn um 10 m neðan við Langhól og um 50 m neðan við íbúðarhúsið í Dæli. Álfhóll er all-hár og kúlulaga hóll sem nú er í túni og er rennisléttur.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 296; Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

EY-150:009 gerði kálgarður 65°51.089N 18°36.596V

"Merkasti hóllinn [í túninu] er lengra út og niður á túni, það er Álfhóllinn, kringlulagaður og kúptur mjög. Sunnan í honum vottar fyrir garðstæði." segir í örnefnalýsingu. "Um 100 m NA frá bænum." segir í skýrslu um fornleifar á Dæli. Langhóll er beint neðan við þjóðveginn (og við þar sem áður var Fjóshól). Álfhóll um 10 m neðan við Langhól og um 50 m neðan við íbúðarhúsið í Dæli þar sem nú er Álfhóll er all-hár og kúlulaga hóll sem nú er í túni og er rennisléttur en engin merki um garð eru greinileg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 296

EY-150:010 Draugatóft fjárhústóft 65°51.136N 18°36.523V

"Við Skiðadalsá, norðaustan við hólinn, er barð eitt mikið. Var syðst á því tóftarbot, sem nú hefur verið jafnað við jörðu. Hét þarna Draugatóft. Í húskofa, sem þarna var, voru eitt sinn í manna minnum hafðar sauðkindur, en þær fundust fljótlega dauðar, flestar eða allar, og þótti slíkt ekki einleikið. Var af þessum sökum hætt að nota kofann og tóftin kennd við drauga." segir í örnefnalýsingu. "Um 180 m í NA frá bænum/ögreinilegar veggjahleðslur, orðið að túni/fjárhús/[notuð] nokkru fyrir síðustu aldamót." segir í skýrslu um fornleifar á Dæli. Draugatóft var 80 m norðaustur af Álfhól. Hún var í austurjaðri túns. Engin merki tóftarinnar sjást nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 296; Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

EY-150:011 garðlag túngarður 65°51.137N 18°36.524V

Merki túngarðs sjást á stuttum kafla austast í túni. Túngarðurinn er tæpa 200 m í NA frá bænum og 90 m norðaustur af Álfhól, rétt við þar sem Draugatóft 012 var. Garðurinn er rúmur metri á breidd og 0,8 m á hæð. Hann er mjög misgreinilegur en leifar hans má greina á um 300 m kafla.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

EY-150:012 Gerðisholt heimild um útihús 65°51.182N 18°36.965V

"Norðan túnsins er nafnlaust mýrarsund milli tveggja holta. Heitir það vestara Gerðisholt og er nyrst á því stór steinn." segir í örnefnalýsingu. "Norður frá bænum/Gerðishóll/Húsatóftir." segir í skýrslu um fornleifar á Dæli. Gerðishóll er 300-350 m norðvestan við gamla bæinn (001). Á hólnum eru 2-3 einmannaleg og hálfdaud furutré sem gera hólinn allsérstæðan. Engar húsatóftir eru á hólnum en garðlag virðist fylgja jaðri hólins að vestan. Vestan við hann er mýrasvæði en annars eru sléttuð tún í kring.

Garðlagið er mjög óljóst og gæti verið náttúrumyndun eða ruðningur. Það er 0,4 m að hæð en 1,5 m á breidd. Það fylgir hólnum á um 120 m svæði.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 296; Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

EY-150:013 Geldingatóftir heimild um bústað 65°51.291N 18°36.523V

"Geitagerde og Gielldinga tofter kallast tvennar litlar girðingar hjer í landinu með nokkrum tóftarústum. Fæstum þykir líklegt að þar hafi bygd ból verið, eru þar og engin munnmæli á. Ekki má hjer aftur byggja fyrir landþröng og heyskarparleysi." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Norðan túnsins er nafnlaust mýrarsund milli tveggja holta. Heitir það vestara Gerðisholt og er nyrst á því stór steinn. Á þriðja holtinu, sem er við norðurenda sundsins, eru húsbrotin Geldingatóftir." segir í örnefnalýsingu. Geldingatóftir voru á holti um 90 m austan eða norðaustan við Gerðishól. Tóftirnar voru um 450 m norðvestan við bæinn (001). Milli holtanna er nú tún en þriðja holtið er einnig á milli þeirra eða svotil beint neðan við Gerðishól. Þar sem tóftirnar voru eru nú sléttuð tún.

"Árið 1970 var Gunnar Rögnvaldsson, bóndi í Dæli ... að vinna við túnsléttun með jarðýtu, þar

sem heita Geldingatóftir í hólunum út og upp frá bænum, líklega um 200 m leið. Á þessum stað voru mörg tóftabrot [sbr. JÁM] Seinna hafa menn þó farið að gera því skó [að þar hafi verið búið] en þegar ýtt var við brotunum sáust þar ekki mannvistarmerki, svo sem aska og þess háttar. Er þá ef til vill líklegast að nafnið Geldingatóftir bendi til réttis eðlis tóftarbrotanna, að þar hafi sauðahús verið." [síðan fannst í sama hólí kuml - 024] KE: Fornmannskuml í Dæli í Skíðadal, Árbók 1978, 97

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: JÁM X, 75; Ö-Svarf, 296; Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

EY-150:014 *Geitagerði* heimild um bústað

"Geitagerde og Gielldinga tofter kallast tvennar litlar girðingar hjer í landinu með nokkrum tóftarústum. Fæstum þykir líklegt að þar hafi bygd ból verið, eru þar og engin munnmæli á. Ekki má hjer aftur byggja fyrir landþröng og heyskaparleysi." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Örnefni þetta mun nú týnt. Ekki er vitað hvar Geitagerði hefur verið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 75

EY-150:015 *Kvíhóll* örnefni kvíar

65°51.000N 18°36.838V

"Vestast í jaðri gamla túnsins eru tveir afar stórir hólar, sem heita Efri-Kvíhóll og Neðri-Kvíhóll. eru þeir mikil vörn bæjar- og peningshúsum fyrir snjóflóðum og grjótskriðum úr fjallinu." segir í örnefnalýsingu. Neðri-Kvíhóll er suðvestan við Dælisbæina. Hann er um 50 m sunnan við 006. Á hólum eru tveir rafmagnslínustaurar, sá ytri reyndar í norðurjaðri hólins. Á hólum liggur dráttavélaslóði til suðurs frá bænum. Neðan við hólinn hefur verið sléttað en ofan við hann er þýflendi. Engin merki um kvíar eru á hólum eða við hann en honum hefur að hluta verið raskað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 296

EY-150:016 *Efri-Kvíhóll* þjóðsaga legstaður

65°51.031N 18°36.942V

"Í syðri enda [Efri-Kvíhóls] er dálítil skál og við hana bundin eftirfarandi munnmælasaga: Í fyrndinni átti maður nokkur að hafa látið heygja sig í Efri-Kvíhóli, ásamt allmiklu af peningum. Bóndi sá, sem bjó eftir hann í Dæli, gerðist forvitinn um sannleiksgildi þessarar frásagnar og tók að grafa í hólinn. Nóttina eftir dreymir hann, að hólubúinn komi til sín og biðji sig að leggja niður þessa starfsemi við uppgröft úr hólum og lofa sér að njóta væðar. Bóndi, sem var hvorttveggja í senn, vantrúaður á gildi draumsins og fægjarn nokkuð, hélt verkinu áfram, eins og ekkert hefði í skorizt. Næstu nótt dreymir hann haugbúann aftur og hótar hann nú bónda skyndilegum dauða, ef dýpra verði grafið. Missti bóndinn þá kjarkinn og hætti greftinum, en mokaði ekki ofan í holuna aftur, og er því skál í hólinn." segir í örnefnalýsingu. Efri-Kvíhóll er norðvestan við þann neðri, sbr. 015. Hann er svipaður að stærð en er í raun tveir hólar samtengdir. Ofan á syðri hólakollinum er dæld. Efri-Kvíhóllinn er grasi gróinn. Dæld er í hólum sem er örugglega manngerð. Dældin er um 2 m á lengd en um metri á breidd. Hún er 0,8 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 296-97

EY-150:017 *Gamlistekkur* stekkjartóft


65°50.711N 18°36.945V

"Suður af Neðri-Kvíhóli er mishæðótt svæði, sem nefnist Gamlistekkur ..." segir í örnefnalýsingu. "Í grýttu graslendi um 1200 m SV af bænum/Stekkur/frá því fyrir síðustu aldamót, stendur enn." segir í skýrslu um fornleifar í Dæli. Gamlistekkur er 600-700 m innan við gamla bæinn (001) og um 150-200 m ofan við þjóðveg. Stekkurinn er nærri því að vera á mörkum móa og mýrar.

Stekkurinn er tvískiptur og skiptist í fjárrétt og lambahólf. Hann er 9 X 5 m að stærð og er op á austurhlið hans. Stekkurinn er 0,8 m á hæð og grjóthleðslur eru greinanlegar þó þær séu grónar og sumar hrundar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 297; Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985



EY-150:018 *Elínargerði* heimild um bústað 65°50.537N 18°36.766V
"Suður af Neðri-Kvíhóli er mishæðótt svæði, sem nefnist Gamlistekkur og norðarlega á honum er Elínargerði. Þar bjó eitt sinn einstæðingskona, Elín að nafni, og af því er nafnið dregið." segir í örnefnalýsingu. "Um 200 m SV frá bænum." segir í skýrslu um fornleifar í Dæli. Elínargerði var á hæð suðaustan við Neðri-Kvíhólinn og vegarslóða sem liggur í honum. Elínargerði er 150-160 m innan við gamla bæinn (001) og er í svipaðri hæð og Hornhúsið (003). Sléttað var yfir tóftina og garðlagið umhverfis hana. Á þessum stað er nú grasi gróin hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 297; Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

EY-150:019 *Stekkjarkjartóft* 65°50.905N 18°36.704V
"Suðaustur frá Elínargerði [018] er Stekkjarkjartóftin." segir í örnefnalýsingu. "Um 250 m S frá bænum." segir í skýrslu um fornleifar í Dæli. Elínargerði var á hæð suðaustan við Neðri-Kvíhólinn og vegarslóða sem liggur í honum. Elínargerði er 150-160 m innan við gamla bæinn og er í svipaðri hæð og Hornhúsið (003). Stekkjarkjartóftin er um 40 m suðaustan við Elínargerði. Stekkjarkjartóftin er grasi gróin, kúlumyndaður höll í túni.

Á þessum hól var fjárrétt og hugsanlegt að þar hafi verið stekkur áður eða fjárréttin hafi upphaflega verið stekkur. Ekki virðist höllin nógu mikill um sig til að þar væri hægt að koma stórrí fjárrétt þó ekki sé hægt að fullyrða um það. Ekki er þó ólíklegt að 019 og 020 sé sami minjastaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 297; Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

EY-150:020 heimild um rétt 65°50.910N 18°36.705V
"Suðaustur frá Elínargerði [018] er Stekkjarkjartóftin. Þar var um skeið fjárrétt, sem aðalleg var notuð í vorsmölun." segir í örnefnalýsingu. "Um 250 m S frá bænum." segir í skýrslu um fornleifar í Dæli. Elínargerði var á hæð suðaustan við Neðri-Kvíhólinn og vegarslóða sem liggur í honum. Elínargerði er 150-160 m innan við gamla bæinn (001) og er í svipaðri hæð og Hornhúsið (003). Stekkjarkjartóftin er um 40 m suðaustan við Elínargerði. Stekkjarkjartóftin er grasi gróin, kúlumyndaður höll í túni.

Á þessum hól var fjárrétt og hugsanlegt að þar hafi verið stekkur áður eða fjárréttin hafi upphaflega verið stekkur. Ekki virðist höllin nógu mikill um sig til að þar væri hægt að koma stórrí fjárrétt þó ekki sé hægt að fullyrða um það. Ekki er þó ólíklegt að 019 og 020 sé sama fornleifin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 297; Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

EY-150:021 *Klukkusteinn* heimild um huldufólksbústað 65°50.922N 18°57.019V
"Á Neðstahjalla er Klukkusteinn og sunnan við hann Klukkusteinslækur. Heyrðist einhverju sinni klukknaðringingur í steininum. Trúði fólk því fyrrum, að þarna væri kirkja huldufólksins." segir í örnefnalýsingu. "Um 500 m SV frá bænum/Flatarmál 8-9 m², hæð um 2 m." segir í skýrslu um fornleifar í Dæli. Klukkusteinn er áberandi steinn í fjallshlíðinni og er hann um 200 m suðvestan við Efri-Kvíhól (016) og um 20 m norðan við Klukkusteinslæk. Steinninn er í grasi grónum haga. Hann er um 2,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 297; Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

EY-150:022 *Koppagötur* gata leið 65°51.470N 18°37.756V
"Utan og neðan við norðurenda Ljósahjalla liggja út af gamla hreppaveginum troðningar þeir, sem kallast Koppagötur, og ná suður á móts við Dælisbæ, en hverfa svo þar. Ekki eru kunnar neinar sagnir um þetta örnefni ..." segir í örnefnalýsingu. Koppagötur sjást greinilega. Götuslóði er greinilegur um hálsinn og fer hann í gegnum Þvergarðinn (149:019) á merkjum. Slóðinn eða slóðarnir liggja svo áfram í hlíðinni og eru greinanlegir langleiðina suður að Dæli en hverfa þá í hlíðina. Liggur yfir móa. Gatan er skorningur í móana og eru syðst nokkrir slóðar en sameinast norðar í einn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 297

EY-150:023 garðlag landamerki 65°51.555 18°37.716V
Garðlag er á merkjum og er það allt mjög greinilegt og fornlegt. Hann sést neðan frá ánni, fyrir ofan

Þjóðveg og yfir Dælshóla. Fast sunnan við hann hafa verið gerð tún á parti en garðurinn var ekki skemmdur að ráði við það. Hann liggur upp með túnunum og síðan alla leið í Skessugarð (EY-149:021). Garðurinn liggur yfir móasvæði og reyndar einnig í túnjaðri á stuttum kafla.

Garðurinn er um 1 km á lengd. Hann er 2-3 m á breidd og 0,8 m hár. Hann er merkjanlegur frá Hagagarðinum sem liggur þvert niður hálsinn (EY-149:021) og liggur meðfram nyrstu túnunum á Dæli. Hann hverfur um 250-300 m ofan við þjóðveg inn Skíðadalinn. Garðurinn er alveg gróinn og þakinn lyngi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Svarf, 297



Landamerkjagarður – horft til austurs

EY-150:024 kuml legstaður

65°51.290N 18°36.923V

"Árið 1970 var Gunnar Rögnvaldsson, bóndi í Dæli ... að vinna við túnslettun með jarðýtu, þar sem heita Geldingatóftir í hólunum út og upp frá bænum, líklega um 200 m leið. ... annað merkilegt kom í ljós þegar farið var að jafna úr ýturóðningnum, þótt ekki væri eftir því tekið meðan ýtt var. Það voru hrossstennur nokkrar og fleiri hrossbein, sem komið höfðu úr ýtufari, og þegar að var gáð og eftir leitað fundust þarna nokkrar mannstennur, enn fremur heill þrjónn úr hvalbeini og brot úr einum eða jafnvel tveimur öðrum samskonar. Heila þrjóninum var haldið til haga og er hann nú í Þjóðminjasafni, skráður þar 31.10.1977. / Ekki reyndist unnt að ákveða nánar hvar kumlið hefur verið, en einhvers staðar á sama hól og Geldingatóftirnar hefur maður verið heygður í heiðnum sið ... þarna hefur að vanda verið heygður hestur með manningnum ... / Þrjóninn er 9.5 cm að lengd, gerður úr hvalbeini (eða rostungstönn?) sívalur og vel fægður, óskemmdur með öllu. Efst á honum er gegnskorinn haus, þannig að leggurinn sveigir út til annarrar hliðar eins og á göngustaf eða bagli með krók og verður þar kringt (plastískt) dýrshöfuð fremst, með eyrum, augum og hrukkum framan á eins og þegar dýr fitjar upp á trýnið. Mest líkist þetta hrosshaus, en er þó trúlega aðeins "dýr". Líklega á svo að skilja, að dýrið sé með gapandi gini og gangi neðri kjálkinn þvert yfir á þrjóninn sjálfan, en milli kjálka aftur annaðhvort tungan ellegar einhvers konar gómssparri. Allt er þetta mjög stílfært, en ber greinilegan svip víkingaaldar."

Um 50 m austan eða norðaustan við Gerðishól er geysilangt melholt en á milli hæðanna eru nú sléttuð tún. Um 20 m norðan við nyrðri enda holtsins og um 100 m norðan við Gerðisholt eru Geldingatóftamelur. Sléttuð tún eru nú á hólum. Gott útsýni er af hólunum yfir allan fremri hluta Svarfaðardals, Dalvík og úthaf. Staðurinn er í um 400-500 m frá bæ. Þar sem kumlið fannst eru nú sléttuð tún.

Hættumat: hættu, vegna túnræktar

Heimildir: KE: Fornmannskuml í Dæli í Skíðadal, Árbók 1978, 97

EY-150:025 *Sundpollur* heimild um sundlaug

65°51.000N 18°36.685V

"Í jaðri túnsins stutt frá bænum [er] Sundpollur eða Pollur [og er aldur hans] Óviss, mjög gamall. [Hann er] Sporöskjulaga 8-15 metrar (fullur). Skálarmynduð grasi gróin laut með leirbotni, meira en mannhæðar djúp, sunnan við stóran hól, sem sennilega hefur verið uppgröftur úr lautinni. Vatni veitt úr læk eftir gröfnum farvegi um 300-400 m leið. Pollurinn var oft notaður af heimafólki til sundæfinga í mínu ungdæmi og hólbrekkan til sólbáða. Nú orðið að túni. Engar frásagnir til um þennan stað." segir í skýrslu um

fornleifar í Dæli. Pollurinn var sunnan eða suðaustan við hesthúsin (002) en ofan við þar sem pollurinn var eru nú deiglend tún. Tóftum hesthússins (002) var rutt út í Sundpollinn en merki hans eru enn greinileg þar sem túnið er rakt á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985


EY-150:026 heimild um kolagröf

65°51.023N 18°36.777V

"Kolagrafir/Í suðvestur jaðri túnsins/Nokkrir metrar [í þvermál]/Í slakka undir Neðri-Kvíhól." segir í skýrslu um fornleifar í Dæli. Kolagrafirnar voru sunnan og neðan við efstu fjárhúsin sem standa í landi Dælis. Engin merki eru nú um þær. Þar sem grafirnar voru er nú tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985




EY-150:027 gerði kálgarður 65°50.985N 18°36.749V


Gerði er framan (austan) í Neðri-Kvíhól, um 30 m suðvestan við 002. Það virðist vera af kartöflugarði og er um 3 m neðan við vegarslóða sem liggur um Neðri-Kvíhól. Gerðið er utan í grasi grónum hól. Það er 13 X 15 m að stærð og 0,8 m að hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Kort 6 Fornleifakort - Ytri-Másstaðir, Syðri-Másstaðir og Þverá



EY-151 Ytri-Mástaðir



60 her. 1712 öll jörðin, en þá hafði henni nýlega verið skipt í Ytri- og Syðri-Mástaði. Ytri-Mástaðir munu hafa verið landmeiri og búbetri jörð og heyrir undir hana Þverárdalur allur. Ytri bærinn var talinn 20 hdr. jörð af hreppstjóra **1847** en sá syðri aðeins 15 hdr. Kirkja var á Mástöðum fram á 18. öld. Skíðastaðir voru eyðibýli 1712. Í Svarfæla sögu er getið um Möðruvelli í Skíðadal og hefur þess verið getið til að það sé sami staður og Skíðastaðir: "... Gaf Ljótólfr Skíða dal til forræðis, er síðan er kallað Skíðadalr. Mörk var svá þykk upp frá Tungunni, at aldri var rjóðr í. Skíði hefir reistan bæ sinn, þar sem síðan heitir á Möðruvolum." ÍF IX, 187, sbr. 197. Hálfkirkja var á Mástöðum, getið **1454** og lögð af með konungsbréfi 1787.

2.6.8.1454 skipar Gottskálf

biskup að ljóstollar bónda og húsfreyju á Mástöðum og þeirra er þau halda á sinn kost skuli leggjast til Þorlákskirkju á Mástöðum í Urðakirkjusókn en "þeir menn sem þar eru Bwfastar oc hafa þo ecki af jordunne nie svara neinum logskilum firir hana ... leggist þeirra liostollur til socknar kirkiunnar." DI V, 124-25.

[1526] eru "Mástader lxc." taldir í arfi Finns Þorvaldssonar - DI IX, 343. 30.4.1533 fær Ögmundur Pálsson Skálholtsbiskup Jóni Arasyni Hólabiskupi m.a. Mástaði í jarðaskiptum - DI IX, 663.

1.7.1563 fjallar dómur um kæru Magnúsar Þórðarsonar um að Arngrímur Jónsson héldi jörðina ólöglega en Magnús sýndi bréf um að sr. Þorgils heitinn Guðmundsson hefði erft jörðina eftir Finn heitinn Þorvaldsson en Arngrímur svaraði að hann hefði keypt jörðina og setið hana í 30 ár. Málinu var vísað heim í hérað - DI XIV, 112-13.

3.5.1565 afhenti Arngrímur Jónsson Magnúsi Björnssyni Mástaði og lýsti því að hann hefði selt honum jörðina áður, fyrir sama andvirði og faðir Arngríms keypti hana. Á sama stað lofaði Magnús Þórðarson að hann skyldi aldrei setjast á Mástaði og að hann skyldi flytja sig og sitt fólk burt í næstu fardögum, en ef lögmaður úrskurðaði jörðina erfingjum Þorgils heitins Guðmundssonar þá skyldi Magnús Björnsson strax eignast jörðina, því Magnús Þórðarson fékk nafna sínum Björnssyni ákall það sem Þorsteinn Þorgilsson hafði fengið honum eftir föður sinn. Ef öðruvísi færi skyldi Magnús Björnsson greiða Magnúsi Þórðarsyni 60 hdr fyrir jörðina - DI XIV, 369-70.

2.8.1566 kvittar Arngrímur Jónsson fyrir greiðslu 60 hdr frá Magnúsi Björnssyni fyrir Mástaði - DI XIV, 513-14.

1.7.1567 afsalar Þorsteinn Þorgilsson tilkalli til Mástaða - DI XIV, 637-38.

14.7.1672 selja Þórður Erlendsson og Ingibjörg Eiríksdóttir Ísleifi syni sínum til kaups og konumundar m.a. 10 í Mástöðum - Jarðabréf, 3.

1712: "Tólfmeta torfskurð á jörðin í Dælis engi. Ekki hefur hann brúkast, so menn viti. Munnmæli eru, að Dæli eigi hjer í mót mánaðar selför á Mástaðadal, sem ekki hefur heldur brúkast. Geldfjár og lamba upprekstur í Stafnstungur, það er afjettarland Vallnakirkju og liggur fremst í Skíðadal." JÁM X, 77. Fór í

eyði 1983 en er enn nytjuð (frá Dæli og Hóli fram).

1839: "Á [Þverárdal] er lítið undirlendi, af náttúru grösugt, votlent en mjög fordjarfað af skriðuföllum að ofan og snjóflóðum á vetrum. Hefir fyrri verið á honum kvistland, en nú mjög til þurrðar gengið, en þó er enn nú rétt góð hagabeit á honum fyrir skepnur á sumardag. Dalurinn er brattur og giljóttur, úr hverjum hlaupa á vetrum feikileg snjóflóð, sem fargað hafa skepnur manna, þegar þær hafa um það leyti á dalnum verið, sem helzt hafa verið hross. ... Á nefndum dal er tíningur af fjallagrösum, og líka hefur þar fundizt staupsandur. ... Liggur klettaband ... allt út á öxl. Ofan á því er dálítill flati með nokkru beitalandi fyrir skepnur eður sauðfé á sumardag ... niður við ána, sem rennur eftir dalnum fyrir neðan bæi, eru einungis smágeirar, sem ekki hefur á fallið. Á þessu plássi liggur engi bændanna og upp undir giljabotna ... alla stórgripi verður að hafa á [Þverár]dalnum á sumrum. ... 1811 féllu svo miklar fjallsskriður á áðurnefndar jarðir, að fyrir þeim tapaðist , á Ytri-Mástöðum eitt fjárhús, mölvaði inn fjósið ..., en af túni tapaðist [1/3 partur]. Hafa bændur lagt mikla stund á að betra þetta og er því til mikillar lagfæringar komið." SSE, 73-74. "Það mun eigi sízt haf freistað margra til að búa á Ytri-Mástöðum, að þar er mjög kjarngott land og úrvalsgóðar engjar, véltækar og grasgefnar." Ö-Svarf, 294.

1917: 3.4 ha. 3/4 slétt. Garðar 660 m².

1990: "Mástaðatúnið liggur marflatt og langt á undirlendisræmu milli fjallsins og árinna. ... Túnið hefur spillt af skriðum." BE 1990, 248

EY-151:001 *Mástaðir ytri* bæjarhóll bústaður
Eftir skriðuföll um 1650 var bærinn fluttur frá upphaflegu bæjarstæði (006) og virðist síðan hafa staðið á sama stað til 1929 að hann var fluttur niður á eyrarnar. "Suður með brekkunni, þar sem bærinn stóð á seinni árum (hann stendur nú niðri á árbakka) heitir Dagsláttá." segir í örnefnalýsingu. "Síðsumars 1929 urðu talsverð skriðuföll í Skíðadal og var þá bærinn á Ytri-Mástöðum hætt kominn eins og oft áður. Varð það til þess að gamla bæjarstæðið uppi undir brekkurótunum var yfirgefið fyrir fullt og allt og íbúðarhús byggt niður á flatlendinu (Mástaðamóum) fyrir neðan tún þar sem bærinn hefur verið síðan." Tóftir Ytri-Mástaða eru 150-200 m vestan við þjóðveg og næstum beint vestan við íbúðarhúsin sem nú standa á Ytri-Mástöðum.

Ofan við bæjartóftina eru brattar en grasi grónar brekkur. Niður þessar brekkur renna nokkrir lækir, þ.á.m. bæjarlækurinn. Neðan tóftarinnar eru grasivaxnar sléttur. Bærinn stendur á hæð sem greinileg er frá þjóðveginum þó meira áberandi séu þeir miklu kálgarðar sem eru ofan og sunnan við bæinn. 1712: "[Mástaðabæirnir] standa báðir á sama túninu annar fyrir utan þá skriðu, sem gamla bæinn tók, en hinn fyrir framan, og er skift túni og engjum leiguliðaskiftum á milli þeirra, en öðru landsnytjum óskift." JÁM X, 76. Tóftir bæjarins eru grónar og misskýrar. Upp við bæinn á suður- og vesturhlíð eru myndarlegir kálgarðar. Bæjartóftin er um 20 m á breidd en 17 m á lengd. Greinileg eru fjögur hólf en allur suðvesturhluti hennar er ógreinilegur og hlaupinn í þúfur. Á einstaka stað má greina grjóthleðslur en tóftin er á köflum alveg hrunin, gróin og ógreinileg. Hæð hennar er mest um 0,7 m.


Hættumat: hættu, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917; JÁM X, 76; Ö-Svarf, 294; Árbók 1980, 103

EY-151:002 heimild um kirkju

"Hálfkirkja hefur hjer verið inn til næstu 60 ára og embættað þriðja hvörn helgan dag, en snjóflóð tók bæinn um þann tíma eður litlu áður en embættisgjörðin fjell niður, en þó sakaði kirkjuna ekki." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Suður og upp frá [Hlöðuhústóft - 003] mótur fyrir tóftum, sem líklega er

65°49.674N 18°36.567V



65°49.635N 18°36.662V

kirkjustaðurinn, því að munnmælin telja, að þar hafi staðið bænhús." segir í örnefnalýsingu. Hlöðutóft er annað nafn á Leitishúsi (003) og er það sunnarlega í tóni eða 40-50 m innan við gamla bæinn (001) en ekki hefur verið tóft suður og upp af henni í manna minnum og eru engin merki um hana greinileg á yfirborði jarðar. Algengt er á þessum slóðum að minni skriður skriði fram og gæti tóftin hafa horfið í einni þeirra. Þar sem kirkjan var er skriðusvæði sem að hluta til er algróð.


26.8.1454: Gottskálk bp skipar að á Mästodum j skjidadal að sancti Thorlakz kirkiu er liggir j Vrda kirkiu sokn. skulu heima tacast liostollar Bonda. oc hwzfreyu arliga. oc so allra þeirra manna er þaug hallda a sinn kost. Enn þeir menn sem þar eru Bwfaster oc hafa þo ecki af jordunne nie svara neinum logskilum firir hana. adrer enn fyrr seigir. leggist þeirra liostollar til socknar kirkiunnar. eff þeir eiga so micla peninga. ad þeir eigi liostoll ad giallda; DI V, 124-125. 17.11.1787 og 9.2.1813: Mástaðakirkja lögð niður; (PP, 269) [konungsbréf]. 1839: "Á nefndum Mastöðum hafði áður staðið kirkja Skíðdælinga, og er mælt hún muni hafa staðið til þess seint á 17du öld, þó veit ég ekki gjörla, hvenær

Hættumat: hættu, vegna skriðufalla

Heimildir: JÁM X, 76; Ö-Svarf, 294; SSE, 74

EY-151:003 Leitishús útihústóft

65°49.635N 18°36.662V



"Heitir þar Rönd sunnan [Leitislækjar] að Merkjagarði. Efst á Röndinni eru rústir, sem kallast Myllukofi [009], en sunnar Hlöðuhús." segir í örnefnalýsingu. 50-60 m sunnan og ofan við bæjartóftina 001 eru leifar Hlöðuhúss eða Leitishúss eins og það var stundum kallað. Leitishús eru 15-20 m norðan við Leitislæk, rétt norðan við skriðujaðarinn.

Tóftin er einföld og er um 11 m á lengd og 5 m á breidd. Op er norðarlega á austuregg tóftarinnar.

Tóftin er 0,4 m á hæð en veggir hennar eru 1-1,5 m á breidd. Tóftin er þýfð og útflött og er vesturhluti suðurveggjarins alveg útflattur. Inni í tóftinni er rakt svæði.

Hættumat: hættu, vegna skriðufalla

Heimildir: Túnakort 1917


EY-151:004 þúst útihús

65°49.584N 18°36.581V

Rúma 80 m innan og neðan við 003 og fast upp við merki við Syðri-Mástaði er þúst þar sem útihús er merkt inn á túnakort frá 1917. Útihússtæðið er um 140 m sunnan við gamla bæinn (001). Ekki eru merki útihússins greinileg en þar sem það hefur verið er þúst á grasigrönu svæðinu við merki. Þústin virðist fremur rúnuð og einföld en ekki eru greinilegir veggir.

Hættumat: hættu, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917



EY-151:005 hesthústóft 65°49.700N 18°36.514V
40-50 m norðaustan við bæjartóftina (001) eru tóftir hesthúss sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Hesthústóftin er um 20 m norðaustan við lambhúsið (012). Tóftin er á grasi gróinni sléttu ofan við rennislétt tún en neðan við brekkurnar. Tóftin er um 14 m á lengd en um 13 m á breidd. Hún er þrískipt og um metri á hæð. Hún er á áberandi hæð í tóninu og er greinileg frá veginum.

Hættumat: hættu, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-151:006 Mástaðir bæjarhóll bústaður

65°49.589N 18°36.681V

"Á millibæjarmerkjunum er Leiti, en þar stóð bærin upphaflega ..." segir í örnefnalýsingu. Engin merki um gamla bæinn sem var á Leitinu sjást nú. Á þessu svæði hafa margar

skriður fallið og eru þær misjafnlega grónar. 1712: "... snjóflóð tók bæinn um [1650] eða litlu áður ... Síðan var jörðin sundur byggð í tvo bæi. Þeir standa báðir á sama túninu, annar fyrir utan þá skriðu, sem gamla bæinn tók, en hinn fyrir framan ..." JÁM X, 76

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 294

EY-151:007 *Skíðastaðir* heimild um býli 65°50.369N 18°36.748V

"Skíðastader, fornt eyðiból hjer í landinu, sem yfirfallið er af skriðum og verður því aldrei aftur bygt." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Út við ytri landamerki [Mástaða] er sagt hafi staðið hinir fornu Skíðastaðir, sem Skíði, af hverjum dalurinn tekur nafn, byggði, einhvern tíma síðan á fyrri öldum af fjallskriðum eyðilagðir." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Sögnum um staðsetningu Skíðastaða ber ekki saman. Elstu heimildir segja býlið við ytri landamerki jarðarinnar sem hlýtur að þýða landamerki Ytri-Mástaða og Dælis, en aðrir hafa viljað meina að bærinn hefði verið á Leiti þar sem merki milli Syðri- og Ytri-Mástaða eru. Þar var gamli Mástaðabærinn 006 áður og verður því að teljast líklegra að býlið hafi verið við Dælismarkin.

Nokkrar skriður hafa fallið nálægt merkjum en þær eru alveg grónar nú. Engin merki um byggingar eru greinanleg á þessum slóðum. "Bæði 1712 og 1802 er getið eyðibýlisins Skíðastaða, sem eru í seinna skiptið taldir til ytri jarðarinnar. Munnmæli segja, að Skíði, sá sem dalurinn er heitinn eftir, hafi búið fyrrum á Skíðastöðum þessum. Yngra nafn á Skíðastöðum er Möðruvellir." segir í örnefnalýsingu. "Ekki virðist nú vitað hvar Skíðastaðir hafi verið en stungið upp á bæjarstæði á Leiti." segir þar enn fremur. Það mun þó frekar hafa verið bæjarstæðið sem af tók í skriðu um miðja 17. öld sbr 006. Kristian Kaalund taldi að Skíðastaðir væru sama býlið og Möðruvellir sem getið er í Svarfdæla sögu - KK III, 75 (sbr. ÍF IX, 187, 197) en virðist ekki sjálfur hafa komið á staðinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM X, 77; SSE, 74; Ö-Svarf, 294

EY-151:008 *Merkjagarður* garðlag landamerki 65°49.573N 18°36.699V

"Á Leitinu er Merkjagarður og Leitislækur rennur þar fram norðanvert." segir í örnefnalýsingu. Merkin milli Ytri- og Syðri-Mástaða eru fremur sunnarlega á Leitinu. Virgirding er nú á merkjum ofan við þjóðveg. Engin ummerki um landamerkjagarð eru nú sjáanleg á þessum slóðum. Landamerkin liggja m.a. Um sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 294

EY-151:009 *Myllukofi* myllutóft 65°49.585N 18°36.703V

"Heitir þar Rönd sunnan [Leitislækjar] að Merkjagarði. Efst á Röndinni eru rústir, sem kallast Myllukofi ..." segir í örnefnalýsingu. Leitislækur rennur í nokkrum kvíslum niður Leitið en allt umhverfis eru skriður, misjafnlega grónar þó. Einu mannvistarleifarnar sem greinilegar eru við lækinn er einföld hleðsla sem fremur líkist garðlagi en mylluleifum. Grýtt svæði þar sem miklar skriður hafa runnið niður. Hleðslan er einföld úr grjóti og er gróin. Hún gæti allt eins verið gamall undirstöðugarður undir girðingu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 294


EY-151:010 heystæðistöft 65°50.309N 18°36.541V

Um 100 m sunnan við merki við Dæli og um 20 m ofan við girðingu sem girðir af efstu tún er einföld Tóftin er á grösugu svæði en umhverfis er töluvert af skriðum sem fallið hafa úr fjallshlíðinni en eru nú alveg grónar.

Tóftin er 4 X 7 m að stærð en ekki er greinanlegt op á henni. Tóftin er sigin og veggir hennar eru ekki breiðir heldur einungis um 0,8 m á breidd en 0,2 m á hæð. Sennilegt er að tóftin sé heystæði. Engar steinhleðslur eru greinanlegar en tóftin er algróin mosa. Svo virðist þó sem tóftin hafi upprunalega verið hlaðin úr grjóti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 294




EY-151:011 *Fjósatunga* örnefni fjós

65°49.685N 18°36.512V

"Niður frá gamla bænum heitir Fjósatunga ..." segir í örnefnalýsingu. Ekki eru tóftir greinanlegar beint neðan við gamla bæinn (001). Þar er grasi gróið svæði en 10-15 m neðan við bæinn er grjót á víð og dreif og getur verið að þar séu síðustu leifar útihúsbýggingar. Aðrar leifar eru ekki greinanlegar á þessu svæði. Grasi gróin slétta.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 294



EY-151:012 *Lambhús* lambhústóft

65°49.685N 18°36.543V

"Niður frá gamla bænum heitir Fjósatunga, en norðaustur frá bæjarrústunum [þ.e. 001], utan Bæjarlækjar, heitir Lambhúsvöllur." segir í örnefnalýsingu. Um 15 m norðaustan við gamla bæinn (001) eru enn leifar af lambhúsi. Tóftin er um 20 m suðvestan við 005. Hún er á grösugri sléttu milli sléttaðra túna og brekkunnar ofan við. Tóftin virðist hafa verið tvískipt en hún er þó frekar ógreinileg. Hún er 12 X 7 m að stærð og op eru á austurvegg hennar. Breidd veggjanna er um metri en hæð um 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Svarf, 294

EY-151:013 *Uslarétt*

65°49.749N 18°36.254V

"Utan og neðan við tún eru mörg tóftabrot, er heita einu nafni Akurgirðingar, friðlýst svæði. Ætla menn, að þar hafi fyrrum sáðland verið." segir í örnefnalýsingu. Nokkru utar en íbúðarhúsið sem nú stendur á Ytri-Mástöðum er uppgert fjárhús fast norðar við Þjóðveginn. Fjárhús þetta er nú íbúðarhæft og stundum nefnt Möðruvellir. Uslaréttin var þar sem húsið er en náði mun lengra til vesturs. Uslaréttin hefur verið tæpa 50 m ofan við Þjóðveg. Þar sem Uslaréttin var er steypt bygging og sléttuð grasflöt við hana.

FRIÐLÝSTAR MINJAR. Friðlýsingin byggir á Kaalund (II, 98 nm) en hann hafði misskilið fornleifaskýrslu séra Stefáns Þorsteinssonar á Völlum frá 1818 þar sem hann ræðir um garðlög sunnan undir Hvarfinu og taldi að þau hefðu verið notuð við akuryrkju til forna. Sbr. KE í Árbók 1980, 102-103. Árið 1887 hafði hinsvegar Þorsteinn Þorsteinsson á Upsum látið Arngrím málara teikna upp þessa garða og kallar hann þá í bréfi til Sigurðar Vigfússonar, Uslaréttir. Teikningin var send Þjóðminjasafni. Uslaréttirnar eru nú horfnar, líklegast að það hafi gerst á árunum í kringum seinna stríð og ekki vitað nákvæmlega hvar þær voru. "Helst virðist [KE] hafa komið í ljós við fyrirspurnir að þær hafi verið nokkurn veginn þar sem nú eru mundarleg fjárhús vestan vegar, en nákvæmlega er ekki unnt að finna þeim stað." Steindór Steindórssón skoðaði Uslaréttirnar á fjórða áratugnum: "Þær voru greinilegar, veggir talsvert háir, þyrping af smáum hölfum og minnti þetta á rétt, en þó ekki venjulega dráttarrétt vegna þess hve stærðarmunur hólfa var lítill." "Þorsteinn [Þorsteinsson] segir [í bréfi til SV] að Uslaréttir séu austur frá bænum, en Margeir segir í örnefnalýsingu að þær séu utan og neðan túnsins. Þetta tvenns konar orðalag getur prýðisvel átt við það sama. Uppdrátturinn sýnir að réttirnar hafa legið upp að túngarðinum. Öreglulega ferköntuð girðing hefur verið hlaðin út frá garðinum þannig að hann myndar suðurhliðina, sem er 75 m löng. Norðurhliðin er 70 m, vestrhlið 50 m og austurhlið lengst eða um 85 m. Mun þetta vera nokkuð á aðra dagsláttu að flatarmáli. Arngrímur hefur teiknað "vatnsrennustokk" eftir gerði þessu frá vestri til austurs, hvað sem hann á við með því orði, líklega aðeins lækjarfarveg. Syðst á norðurvegg teiknar hann "dyr" og við þær að innan örlitla kró, ekki meira en 2 x 3 m að innanmáli. Athyglisvert er að hann teiknar kampa fram af dyrunum. Merkilegast er þó að í suðausturhorni girðingarinnar er klasi af smáréttum eða dilkum eða króm, 12 alls og mjög mismunandi stórum, og annar slíkur klasi mjög áþekkur, með alls 13 hölfum, gengur norður úr girðingunni áfastur henni. Eftir uppmælingu Arngríms virðist stærsta hölfíð eða króin vera allt að 10 x 20 m, en flestar eru þær miklu minni og sumar mjög smáar. Hvergi sýnir Argrímur dyr á þessum réttum nema þeirri stærstu, sem snýr enda að túngarðinum; á henni eru dyr í einu horni. Þorsteini Þorsteinssyni varð starsýnt á að gólfíð í þessum réttum var hærra en landið umhverfis, þær voru upphækkaðar, og taldi hann að það kynni að vera til marks um að þær hefðu verið hlaðnar upp oftar en einu sinni. Ekki er frá skýrt úr hverju veggir voru hlaðnir, en yfirgnæfandi líkur eru til að þær hafi verið úr torfhnausum, sem stungnir hafa verið í mounum umhverfis." KE: Uslaréttir, Árbók 1980, 101-106

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 294


EY-151:014 *Stekkjarpurtur* stekkjartóft

65°49.854N 18°36.501V

"Norðan [Kringlumels] er Stekkjargil, niður frá því tóftarbrot (stekkurinn) og engjaspilda umhverfis það, Stekkjarpurturinn." segir í örnefnalýsingu. Um 130 m vestan við stekkin er gil í fjallinu og skriður neðst í því en grjót er einnig á við og dreif fast að stekkinum. Stekkurinn er um 250 m vestan við þjóðveginn. Akurgerði 013 er um 250 m í suðaustur en bæjarhóllinn (001) er um 200 m sunnan við.

Stekkurinn er nær hringlaga, hleðsluhæðin er nú um 0,5 m og veggjaþykkt um 1 m. Sennilega hefur fallið úr hleðslunum inn í stekkin svo hann virðist nú smár. Í norðvestur enda hans er allstórt bjarg, sennilega náttúrulegt og hefur stekkurinn síðan verið hlaðinn umhverfis það. Hleðslur eru grónar snöggu grasi en þó greinilegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Svarf, 295



EY-151:015 heimild um fjárhús

65°49.590N 18°36.680V

"1811 féllu svo miklar fjallsskriður á áðurnefndar jarðir, að fyrir þeim tapaðist 1/3 partur túns, á Ytri-Mástöðum eitt fjárhús, mólvaði inn fjósið og hlóð svo miklu skriðuhlaupi fyrir dyrnar, að ekki varð inn komizt, og var því að grafa gegnum vegginn til að ná kúnum, sem náðust lifandi, en af túni tapaðist viðlíka og á hinum bænum. Hafa bændur lagt mikla stund á að betra þetta og er því til mikillar lagfæringar komið." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Miklar skriður hafa fallið á svæðið í rétt sunnan við bæinn og eru nú engar tóftir greinanlegar. Misgróið skriðusvæði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSE, 74

EY-151:016 heimild um fjós

65°49.587N 18°36.681V

"1811 féllu svo miklar fjallsskriður á áðurnefndar jarðir, að fyrir þeim tapaðist 1/3 partur túns, á Ytri-Mástöðum eitt fjárhús, mólvaði inn fjósið og hlóð svo miklu skriðuhlaupi fyrir dyrnar, að ekki varð inn komizt, og var því að grafa gegnum vegginn til að ná kúnum, sem náðust lifandi, en af túni tapaðist viðlíka og á hinum bænum. Hafa bændur lagt mikla stund á að betra þetta og er því til mikillar lagfæringar komið." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Miklar skriður hafa fallið á svæðið í rétt sunnan við bæinn og eru nú engar tóftir greinanlegar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSE, 74

EY-151:017 *Móhús* frásögn um mógrafir

65°49.663N 18°36.245V

Mógrafir voru í grennd við núverandi íbúðarhús á Ytri-Mástöðum. Þar sem íbúðarhúsið stendur austan þjóðvegarins var torfhús sem kallað var Móhús og var við mógrafir sem voru þar hjá. Á svæðinu er nú íbúðarhús og slétt grasflöt umhverfis og engin merki kofans eru merkjanleg.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-151:018 gerði kálgarður

65°49.662N 18°36.626V

Kálgarðar eru vestan og sunnan við bæjartóftina 001 sem er 150-200 m vestan við þjóðveg. Garðarnir eru mjög greinilegir, allt frá veginum. Gerðin eru umhverfis bæjartóftina og hafa kálgarðar þessir verið mjög myndarlegir. Þeir eru á aflíðandi grasfleti.

Gerðin eru eiginlega tvö.



Annað er ofan við bæinn og er það 30 X 12 m að stærð og virðist skipt í tvö hólf. Hinn kálgarðurinn er sunnan við bæinn og er hann 35 X 7 m að stærð. Í báðum gerðunum eru grjóthleðslur greinilegar og eru þær mest um 0,5 m á hæð en 0,9 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar


EY-151:019 hleðsla sundlaug

65°49.696N 18°36.569V

10-15 m norðvestan (ofan og utan) við 012 og um 20 m suðvestan við 005 eru greinilegar mannvistarleifar sem líkjast helst sundpolli. Hleðslurnar eru á aflíðandi grassvæði. Umhverfis þær eru sóleyjar og grasgróður en ofan í pollinum vex lófótur.

Sundpollurinn er um 8 X 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslurnar eru greinilegastar í vesturhliðinni og þar er pollurinn einnig dýpstur eða um 1,7 m þó vatnið sé eingöngu 20-30 sm djúpt. Austast er pollurinn hins vegar mjög grunnur. Vatni er veitt í pollinn í litilli lækjarsprænu.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar



EY-151:020 útihústóft

65°49.692N 18°36.603V

Útihústóft er um 60 m beint vestur af bæjarhólnum (001), á móts við uppgert fjós nokkru austur. Í rótum fjallsins þar sem að ofan eru þýfðar brekkur en neðan grasi gróinn, mjög aflíðandi halli og lítið þýfður. Stór (7 X 8 m) þúfnabingur tóftarlegur en hleðslur útflattar og algróið yfir. Á þessum stað hafa þó að öllum líkindum staðið útihús enda hraukurinn ólíkur landinu umhverfis.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-152 *Syðri Mástaðir*


Mástaðir voru ein jörð fram um 1650 en eftir það var henni skipt í tvennt, Ytri- og Syðri-Mástaði og stóðu bæirnir í sama túninu. Syðri-Mástaðir töldust 30 hdr 1847 eða helmingur matsverðs jarðarinnar allrar 1712.

Hreppstjóri taldi hana hinsvegar aðeins 15 hdr enda mun syðri bærinn hafa verið minni jörð. Syðri-Mástaðir fóru í eyði 1930 og hefur jörðin síðan verið sameinuð Þverá.

1839: "1811 féllu svo miklar fjallsskriður á áðurnefndar jarðir, að fyrir þeim tapaðist á Syðri-Mástöðum ... fullur 1/3 partur túns ... Hafa bændur lagt mikla stund á að betra þetta og er því til mikillar lagfæringar komið." SSE, 74.

1917: 3.5 ha. 5/6 slétt. Garðar 200 m².

1990: "... oft öllu skriður úr fjallinu tjóni á túni og byggingum." BE 1990, 249



EY-152:001 Mástaðir syðri bæjarhóll bústaður

65°49.937N 18°36.653V

"Bærinn stóð upp undir fjallsrótum suður og upp frá Mástaðabænum sem nú stendur og sjást tóftirnar enn frá veginum." segir í Byggðum Eyjaíjarðar. "Yst í túninu [á Þverá] eru tóftir gamla bæjarins að Syðri-Mástöðum ..." segir þar enn fremur. "Syðri-Mástaðabærinn mun hafa verið byggður skammt frá gamla bæjarstæðinu (pre 1650)" segir í örnefnalýsingu og er átt við EY-151:006. Bæjartóftirnar á Syðri-Mástöðum er merktar með skilti frá þjóðveginum. Þar er sagt að tóftirnar séu um 200 m vestan við þjóðveginn en í raun eru ekki nema um 150 m að þeim. Bæjarstæðið er í jaðri sléttads túns, fast við brekku





Bærinn að Syðri-Mástöðum, horft til austurs

Þar sem þýfðir hagar taka við. Rétt norðan við bæinn rennur all-straumharður lækur niður Bæjarstæðið er í jaðri túns og þýfðrar hliðar.

Bæjarrústin er enn all-stæðileg. Veggir eru mest um 1,5 m. Tóftin er um 15 m á breidd en 13 á lengd. Hún hefur skipst í a.m.k. 4 hólf. Nokkuð er hrunið úr veggjum en þó má enn greina grjóthleðslur á einstaka stað. Tvö op virðast hafa verið á framhlið (austurhlið) og óljós er hvort eitt op hefur verið að baka til.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917; BE 1990, 204, 249; Ö-Svarf, 294



EY-152:002

fjárhústóft

65°49.445N 18°36.660V

Um 20 m sunnan við bæjartóftina (001) eru tóftir af fjárhúsum, sem merkt eru inn á túnakort frá 1917. Tóftin er í túni. Rétt ofan við tekur við lyngivaxin brekka. Tóftin er gróin grasi og sóleyjum. Tóftin er þrískipt. Tvö hólf snúa fram (austur) og er garði í því innra. Að baki liggur hólf (sem virðist dýpra) þvert á hin og hefur að líkindum verið hlaða. Tóftin er 10 X 10 m að utanmáli. Hún er mest um 0,8 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-152:003 útihústóft

65°34.468N 18°36.567V

Um 50 m neðan við nyrsta hluta bæjartóftarinnar (001) má enn greina hvar útihús, sem merkt er inn á túnakort frá 1917, var. Þar sem útihúsið var eru nú tún. Tóftinni hefur að hluta verið rutt út en einnig getur verið að grjóti úr túninu hafi verið rutt niður í tóftina. Merki hússins eru nú nær horfin. Enn má þó merkja að það hefur verið um 4-5 X 6-7 m að stærð og hefur sjálfsgagt verið einfalt að gerð.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1917




EY-152:004 fjárhústóft 65°49.566N 18°36.573V

Um 180 m norðan við bæjartóftina (001) sjást leifar af útihúsi sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Tóftin er um 10 m sunnan við girðingu sem er á merkjum við Ytri-Mástaði. Sléttuð tún eru alveg upp að tóftinni en ofan við hana eru grónir og þýfðir hagar. Tóftin er tvískipt og virðist hafa verið fjárhús því eftir endilöngu ytra hólfinu er garði. Svo virðist sem þil hafi verið á framhlið tóftarinnar (nema að austurveggurinn hafi verið sléttaður). Tóftin er 10 X 9 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar
Heimildir: Túnakort 1917

EY-152:005 Stekkjarhóll stekkjartóft

65°49.326N 18°37.102V



"Uppi á svokallaðri Brekkuröð er Stekkjarhóllinn, en langt er síðan þar var stekkur." segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar á Brekkuröðinni eru tvær og eru þær báðar útlattar og fornlegar. Þær eru um 50 m ofan við fjallgirðingu og í svipaðri fjarlægð frá merkjagirðingu Þverár. Ofan fjallgirðingar er Brekkuröð en ofan hennar tekur við aflíðandi engjasvæði. Tóftirnar eru svipaðar útlits og mjög signar. Þær virðast báðar hafa snúið norður-suður og hafa op á suðurvegg. Efri tóftin (a) er 12 X 6 m að stærð og virðist þrískipt. 30-40 m neðan við hana er önnur tóft (b) sem er 10 X 6 m að stærð. Hún er tvískipt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 294

EY-152:006 heimild um fjós

65°46.471N 18°36.676V

"1811 féllu svo miklar fjallsskriður á áðurnefndar jarðir, að fyrir þeim tapaðist á Syðri-Mástöðum fjós með 4 kúm og öllu heyinu," segir í sóknarlýsingu frá 1839. Miklar skriður hafa fallið á Syðri-Mástaði, beggja vegna bæjarhúsanna. Mjög greinilegar eru t.d. skriður sem fallið hafa skammt norðan við bæinn. Ekki er nákvæmlega vitað hvar húsin sem fórust 1811 voru.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSE, 74

EY-152:007 heimild um skemmu

65°46.471N 18°36.671V

"1811 féllu svo miklar fjallsskriður á áðurnefndar jarðir, að fyrir þeim tapaðist á Syðri-Mástöðum fjós með 4 kúm og öllu heyinu, skemma, ..." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Miklar skriður hafa fallið á Syðri-Mástaði, beggja vegna bæjarhúsanna. Mjög greinilegar eru t.d. skriður sem fallið hafa skammt norðan við bæinn. Ekki er nákvæmlega vitað hvar húsin sem fórust 1811 voru. Í gróinni skriðu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSE, 74

EY-152:008 heimild um smiðju

65°46.471N 18°36.676V

"1811 féllu svo miklar fjallsskriður á áðurnefndar jarðir, að fyrir þeim tapaðist á Syðri-Mástöðum fjós með 4 kúm og öllu heyinu, skemma, smiðja, ..." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Miklar skriður hafa fallið á Syðri-Mástaði, beggja vegna bæjarhúsanna. Mjög greinilegar eru t.d. skriður sem fallið hafa skammt norðan við bæinn. Ekki er nákvæmlega vitað hvar húsin sem fórust 1811 voru.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: SSE, 74

EY-152:009 heimild um fjárhús

65°46.471N 18°36.676V

"1811 féllu svo miklar fjallsskriður á áðurnefndar jarðir, að fyrir þeim tapaðist á Syðri-Mástöðum fjós með 4 kúm og öllu heyinu, skemma, smiðja og fjárhús og fullur 1/3 partur túns." segir í sóknarlýsingu frá 1839. Miklar skriður hafa fallið á Syðri-Mástaði, beggja vegna bæjarhúsanna. Mjög greinilegar eru t.d. skriður sem fallið hafa skammt norðan við bæinn. Ekki er nákvæmlega vitað hvar húsin sem fórust voru. **Hættumat:** engin hætta

Heimildir: SSE, 74



EY-152:010 útihústöft

65°49.522N 18°36.632V


Um 80 m sunnan við 004 og tæpa 100 m norðan við bæjartóftina (001) er töft af útihúsi sem var efst í Tóftin er á valllendi utan túns, ofar eru þýfðir hagar. Fyrir ofan tóftina og í austurjaðri hennar eru grónar skriður sem virðast neðan frá vera túngarður en landið fyrir ofan er jafnhátt.

Tóftin er einföld og er 7 m að lengd en 4 m á breidd. Op er á norðurvegg tóftarinnar. Tóftin er 0,7 m á hæð og hægt er að greina grjóthleðslur að innan á stöku stað.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

EY-152:011 útihústöft

65°49.447N 18°36.675V



Tæplega 1 m suðvestan við suðvesturhorn bæjartóftarinnar (001) er ferhyrnd, einföld töft. Tóftin er á grasigrónu svæði í jaðri túns og þýfðra móa. Sjálf töftin er gróin grasi, sóleyjum og vallelftingu. Tóftin er ferhyrnd, um 7 m á hvorn kantinn. Grjóthleðslur eru greinanlegar í henni og hún er 1,1 m á hæð. Svo virðist sem op hafi verið austast á suðurvegg hennar.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

EY-152:012 gerði kálgarður

65°49.455N 18°36.644V

Um 5 m beint neðan við bæjartóftina (001) eru leifar kálgarðs sem merktur er inn á túnakort frá 1917. Fast neðan við kálgarðinn eru tóftir útihúss (013). Garðurinn er í túni. Hann er gróinn grasi, fíflum, sóleyjum og túnsúrum. Garðurinn er 10 X 12 m að stærð.


Hættumat: hætta, vegna túnræktar

**EY-152:013** útihústöft

65°49.454N 18°36.627V

Fast neðan við kálgarðinn (012) og tæpa 20 m austan (neðan) við bæjartóftina (001) er töft af útihúsi sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Útihústöftin er í túni. Hún er gróin grasi, sóleyjum og vallelftingu. Tóftin er 8 X 8 m að stærð. Hún skiptist í eitt hólfi og inngang. Sunnan við tóftina er dæld sem gæti hafa verið heystæði. Tóftin er mest 1,3 m á hæð og grjóthleðslur eru greinilegar inni í henni.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

**EY-152:014** þúst útihús

65°49.461N 18°36.647V

Um 5 m norðan við bæjartóftina 001 er þúst í túni sem virðist vera alveg fallnar leifar af byggingu. Tóftin er á mörkum túns og þýfðra móa. Sjálf töftin er gróin sóleyjum. Tóftin hefur verið einföld. Hún virðist hafa verið 6 X 5 m að stærð og op hennar er á austurvegg.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

EY-152:015 náma mógrafir

65°49.208N 18°36.548V

Mógrafir eru á merkjum Syðri-Mástaða og Þverár fast neðan við þjóðveg. Grafirnar eru í landareignum beggja jarða. Þær eru í túni og alveg grónar grasi.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

EY-152:016 Gerði örnefni útihús

65°49.436N 18°36.608V

Gerði er nafn á túnparti neðan við bæjarhólinn sunnarlega. Þar eru nú sléttuð tún og engar leifar útihúsa sjást. Hugsanlegt er að fjárhúsin (002) sem eru efst í túni, sunnan við bæjartóftina hafi verið nefnd Gerði og túnskikinn neðan við eftir henni. Inn á túnakort frá 1917 er merktur túnskiki umhverfis þessi fjárhús og nokkuð til austurs. Þar eru nú sléttuð tún.

Hættumat: engin hætta

EY-152:017 frásögn um túngarð

65°49.445N 18°36.431V

Vallargarður lá niður tún á Syðri-Másstöðum þar sem nú eru einungis sléttuð tún neðan við bæinn (001) og að þjóðvegi. Engin merki vallargarðsins eru nú merkjanleg í sléttuðu túninu.

Hættumat: engin hætta

EY-152:018 *Kvíhóll* örnefni kvíar

65°49.480N 18°36.703V

Kvíhóll er fast norðan við bæjarlækinn sem rennur norðan bæjarins. Neðsti hluti hólsins er rétt ofan við bæjarhólinn 001, liggur hann austur-vestur og nær alla leið að fjallgirðingu. Kvíhóllinn er svolítið grýttur en gróinn hóll upp af bæjarlæknum. Engin merki kvía eru nú greinileg á eða við hólinn. Hugsanlegt er að kvíamar hafi áður verið fyrir neðan hóllinn og séu þá komnar í tún.

Hættumat: engin hætta

EY-153 Þverá

20 hdr. 1712.


Möðruvallaklaustursjörð. Í viðbót við máldaga Vallakirkju frá 1318 segir: "ij. kugilldi gafust fra þvera. með Elldjarne oc halldoru. vax oc reykelsi. allt samt. xv. merckur oc hundradz sæng." DI II, 456. **1447** er Þverá meðal Möðruvallaklaustursjörða ".v. kogylde bykt jc j landskyld." DI IV, 710.

1525 er Þverá meðal Möðruvallaklaustursjörða - DI IX, 319.

1569 eru 4 kúgildi á Þverá - DI XV, 364, líka **1570** en þá var ein kýr gömul þar í - DI XV, 366. Bænhús var á Þverá á miðöldum (niðri 1486 - DI V, 356) og var jörðin þá í Vallasókn.

1917: 2.7 ha. 2/3 slétt. Garðar 225 m².

1990: "Þverártúnið liggur meðfram fjallinu út frá bænum langleiðina út í Márstaði en neðan þess, handan vegarins, þekja áreyrar dalbotninn." BE 1990, 204



EY-153:001 *Þverá* bæjarstæði bústaður 65°48.812N 18°36.637V

Gamli bærinn, sem merktur er inn á túnakort frá 1917, var á sama stað og steinsteypt íbúðarhús á Þverá stendur nú. Yngri mannabústaður stendur á þessum stað nú, heimreiðin að bænum og umhverfis hann er á svipuðum stað. Aftan við íbúðarhúsið stendur nú aflangt hús sem var áður samkomuhús Skíðdælinga. Engin ummerki gamla bæjarins sjást nú enda steinhús byggt á þessum sama stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-153:002 heimild um bænhús 65°48.909N 18°36.769V

1487 var fallið bænhús á Þverá. Um 180 m norðvestan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Þverá er talið að bærinn hafi staðið áður. Staðsetning bænhússins er ekki þekkt en líklegast verður að telja að það hafi verið í námunda við eldra bæjarstæðið. Neðst í þýfðri og grösugri en jafnframt stórgrýttri brekku. Hesthúshóll (006) er um 40 m norðar er Hesthúshóll en til austurs eru tún sem nú eru að fara í órækt vegna þess að ekki er lengur búið á Þverá. Ekkert sést til fornleifa. Svæðið hefur verið sléttað og nytjað sem tún sem nú er í órækt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: DI V, 356

EY-153:003 heimild um útihús 65°48.794N 18°36.678V

50 m suðvestan við núverandi íbúðarhús (sbr. 001) var útihús sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Efst í lágum hól, prýddum sóleyjum. Hóllinn liggur fast upp að fremur nýlegu fjósi og hlöðu. Efst í hólnum er sléttlendi þar sem telja má að útihúsið hafi staðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-153:004 *Gerði* heimild um útihús 65°48.912N 18°36.771V

180 m norðvestur af núverandi íbúðarhúsi á Þverá voru útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Beint austan við er malareyri í Skíðadalsá sem skiptir ári í tvennt en syðst á þessari eyri, um 50 m sunnan Gerðis, fellur lækur úr fjallinu í ána.

Neðst í þýfðri og grösugri en jafnframt stórgrýttri brekku. Um 40 m norðvestar er kálgarður (008). Til austurs eru tún í órækt að þjóðveginum. Grasi gróin og sóleyjum vaxið landsvæði, en ofar rís moldarbarð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-153:005 heimild um útihús 65°48.920N 18°36.799V

Um 20 m norðvestur af Gerði (004) voru önnur útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Húsin voru um 200 m norðvestan við 001. Beint vestur af þeim stað þar sem Skíðadalsá byrjar að renna í einum farvegi. Neðst í þýfðri en stórgrýttri brekku. Um 25 m norðar er kálgarður en moldarflag er um 20 m til austurs. Tún er þaðan og til austurs, út að malarveginum. Á þessum stað eru þúfnabingar en neðar sléttara graslendi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-153:006 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°48.961N 18°36.770V

Um 260 m frá 001 og um 350 m vestan við Skíðadalsá, þar sem hún sveigir til norðvesturs, norðan Þveráreyra er ógreinileg tóft hesthúss. Lágur hóll, gróinn elftingu. Hann er sunnan við neðsta hluta Lambhúsgils. Um 200 m suðvestar er kálgarður (008). Á þessum stað er gróið og þýft. Stórt bjarg er sunnan hólsins. Mjög ógreinileg, sigin og algróin tóft ofarlega í hólnum. Veggjabykkt er 0,5-1 m. Norðan til í hólnum eru þúfnabingar en óvíst er hvort það séu mannvistarleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-153:007 heimild um útihús 65°48.812N 18°36.625V

5 m norðan við núverandi íbúðarhús var útihús samkvæmt túnakorti frá 1917. Yfir hússtæðið liggur nú heimreið upp að norðurhlið íbúðarhússins að Þverá og sveigir þaðan til vesturs. Beint vestan við þar sem útihúsið stóð er aflangt hús sem um miðja 20. öld var samkomuhús Skíðdælinga en stóð þá austar. Ekkert sést til fornleifa en þar sem húsið hefur staðið er nú malarborin aðkeyrsla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

EY-153:008 garðlag kálgarður

Torfhlaðnir kálgarðar eru um 350 m norðaustan við núverandi íbúðarhús. Til vesturs er Lambhúsgil (009) en þýfður grasbakki er til suðurs og er hann með einstaka stórgjóti á víð og dreif. Lengra til suðurs eru tré sem eru 3-4 m á hæð og austan þeirra er íbúðarhúsið. Garðurinn er sérstaklega greinilegur og virðist sem stungið hafi verið upp úr honum nýlega, tyrft yfir og trjám plantað í jaðrana. Þau eru nú um 30 sm há, e.t.v. aspir. Garðurinn er nú tvískiptur, opin til suðurs með lítið op á vesturhlið norðurhlutans. Nyrðra hólfíð er stærra, auk þess sem það hækkar upp í brekkuna. Vandasamt er að tala um sýnlegar fornleifar nema ef væri kanturinn umhverfis. Hann kann að vera gamall.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


EY-153:009 Lambhúsgil örnefni lambhús

65°48.973N 18°37.177V

"Rétt norðan við túnið er Lambhúsgil." segir í örnefnalýsingu. Um 350 m suðaustur af Torfhóli 010, er Lambhúsgil. Það er um 600 m suðaustan við íbúðarhúsið á Þverá. Norðan megin lækjarins sem fellur um gilið er grösug og bungótt brekka en sunnan megin er grýttur malarkambur. Ofarlega suðaustast í brekkunni eru hamrar. Engin merki sjást um fornleifar á þessum stað og hafa ekki sést í manna minnum. Fallegt gil með litlum læk í miðju sem fellur á mýrarrauðu grjóti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 293



EY-153:010 Torfhóll heimild um ristur

65°49.082N 18°37.339V

"Lambhúsgil nær upp í gegnum Brekkur og er Langaholt utan við gilið uppi á þeim, en ofar er Torfhóll. Þangað var flutt torf til þerris, því að torfrista var góð víða á Brekkum." segir í örnefnalýsingu. Torfhóll er um 800 m frá Fosshóli (013) og um 1 km norðvestan við íbúðarhúsið á Þverá. Í vestur og norður frá Torfhóli er túngarður (019). Sé horft upp í fjallið til vesturs er fyrst grasi vaxinn hliðarslakki en hamrar efst. Þar ofar eru tindar fjallsins. Til austurs lækkar landið og eru þúfnabingar, mýrarflákar og skriður. Ristan er um 1 m djúp, þurr og sést í moldina en þó er byrjað að gróa yfir. Á þessum stað vex fifa og gras. Ristan er 15 X 8 m að stærð og er sporöskjulaga. Hún opnast frá hólnum til vesturs. Hóllinn rís hæst upp af ristunni til norðurs.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Svarf, 293

EY-153:011 Þverársel seltóftir

65°48.586N 18°38.072V

"[Á Þverárdal] er Háihryggur og framan við hann Sellækur. Þar fyrir framan er Þverársel - rústir greinilegar." segir í örnefnalýsingu. Þverársel er um 150 m vestnorðvestan við Þverá og um 20 m norðan við lækjardrag í fjallshlíðinni. Líklega um 1 km frá bæ. Í norðaustur sést Þverárgil eftir að það breytir um stefnu frá norðurs til austurs. Á grasi vöxnum hliðarslakka. Í suðvestur blasir við þúfnabarð í um 30 m frá syðri tóftinni. Hlíðin er skorin af lækjardrögum til suðurs og þar eru stórir steinar á víð og dreif. Tvær tóftir




og er önnur heillegri. Hún er um 10 m ofar og sunnar í hliðinni. Hún er einföld, opin til norðvesturs, veggjaþykkt er 0,3 m og sést í grjóthleðslur. Hin er sigin, ógreinilegri og nokkru stærri (4 X 4 og 8 X 5 m).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Svarf, 293

EY-153:012 stekkjartóftir

65°48.814N 18°37.305V



"Girðing er lítil í kringum stekk heimajarðarinnar og ætla þó flestir þar hafi ekki bygð verið. Má og ei byggja fyrir heyskarleysi." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. Engin girðing sést nú í kringum stekkin. Hann er austan við mýrar sem eru undir fjallshryggnum en 150 m ofan/vestan við brekkurnar. Nokkur hundruð metrum ofan við bæ. Fylgja má malartroðningi frá skógrækt upp að þessum mýrum og beygja 50 m til norðurs þegar að þeim er komið. Um 60 m norðar er Kaffiholt (017). Í hólóttu landi ofan brekkna. Til norðurs er sléttara land milli stekkjarsins og Kaffiholts (017). Til vesturs

í átt að fjallinu eru mýrar en til suðvesturs klýfur Þverárgil landið og fjallhryggina tvo. Þýfð og algróin tóft, óljós hleðslugerð. Veggjaþykkt er 1-1,5 m. Verður óljósari til norðurs svo óskýrt er hvar tóftin endar og þúfur taka við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 78

EY-153:013 gryfja mógrafir

65°48.657N 18°37.892V



Um 40 m norðvestan við foss í Þverá, beint upp af Fosshólsgili eru mógrafir. Til suðurs er skurður og handan hans er heystæði (016). Til austurs neðan grafanna eru mýrar en malarkambur er ofan Fosshólsgils austan Þverár. Austan grafanna er garður og í

Mógrafir – horft til austurs

austurenda þeirra heldur hann áfram til norðurs meðfram mýrunum en í suðurhluta þeirra liggur hann austur

fast niður að Þverá. Grafirnar eru nú nær algrónar. Í þeim eru rauð mýrarstrá, fifa og sóleyjar. Skurður klífur gröfina í tvennt og er girðing norðan hans þvert yfir norðurhluta grafanna.

EY-153:014 *Kvíhóll* örnefni kvíar 65°48.820N 18°36.848V

Mitt á milli núverandi íbúðarhúss og stórrar hlöðu sunnan við það er Kvíhóll nokkru ofar í hliðinni. Kvíhóllinn er stór og gróinn. 20-30 m norðan við hólinn rennur Bæjarlækurinn. Hóllinn er gróinn mosa og grasi og yfir hann liggja útflattar túngarðsleifar. Neðan við hólinn er talsverður trjágróður og ofan er skipulögð barrtrjáarækt. Engin merki sjást um fornleifar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-153:015 hleðsla sundlaug 65°48.844N 18°36.846V

Sundpollur er fast norðan við bæjarlækinn og um 150 m ofan við núverandi íbúðarhús á Þverá. Pollurinn er fast sunnan í Sundpollshóll. Pollurinn er í hól. Í kring eru grasi grónir móar. Pollurinn er að utanmáli 10 m á breidd en 20 m á lengd. Vatni hefur verið hleypt í pollinn úr bæjarlæknum en nú er pollurinn einungis rakur í botninn. Hann er grjóthlaðinn en hleðslurnar eru alveg grónar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-153:016 hleðsla heystæði 65°48.643N 18°37.917V

Á um 60 m svæði beint vestnorðvestan við stóran foss í Þverá eru heystæðin. Vestur af suðurenda Fosshólsgils. Þaðan liggur skurður upp að efstu heystæðunum. Til suðvesturs er grasi gróin aflíðandi slakki niður að malakambi á Þverárbökkum. Til norðausturs eru svarðargrafir og mýrarflesjur þar lengra. Þrjú heystæði eru greinileg. Tóftirnar eru mjög signar og grónar og líkjast helst grónum þúfnahraukum. Frá þeirri austustu, næst ánni og til hinna tveggja ofar í hliðinni eru um 30 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-153:017 *Kaffiholt* heimild um áfangastað 65°48.857N 18°37.325V


Um 600 m vestan við núverandi bæjarstæði, á fremur sléttu landi er Kaffiholt. Þar hitaði og drakk sláttufólk kaffi þegar það heyjaði. Holtið er sunnan við mýrarfláka undir hryggjum fjallsins. Gengið er með malartroðningi framhá skógrækt og upp brekkurnar þar til komið er á mýrarnar (200 m ofar). Þaðan er gengið um 100 m til norðurs eða þar til komið er að stórum steini með skorpuðum mosatætingi og umhverfis eru minni steinar. Holtið rís 3-5 m upp úr sléttu landi ofan brekkna. Til norðurs er dæld milli hóla en um 100 m norður í lækjardrag. Engin greinileg merki mannvistaleifa. Í holtinu er hins vegar stórgrýti á við og dreif og þýfðara er í því en umhverfis.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-153:018 tóft
65°48.923N 18°36.884V

Tóft er um 40 m suðsuðvestan við Hesthúshól (006) og um 300 m norðvestur af núverandi íbúðarhúsi á Þverá. Hún er um 40 norður af Lambhúsgili. Í þýfðri brekku þar sem skýtur upp einstaka stórgrýti. Einföld, sign og algróin tóft. Hún er 4 X 5 m en þúfnasvæði er norðan hennar sem gæti verið mannvirkjaleifar. Veggjaþykkt er um 1 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



EY-153:019 garðlag túngarður 65°49.097N 18°37.414V

Greinilegur gróinn garður nær allt frá syðri hluta Fosshólsgils (013) í Þverá og um 200 m norður fyrir Torfhól (010) og beygir til austurs. Austan garðsins, syðst eru mýrarflákar en vestan hans eru tún sem eru að leggjast í órækt þar sem Þverá er komin í eyði. Um 1 m hár, þýfður og grasi gróinn túngarður sem er a.m.k. 1 km langur. Nú liggur girðing ofan á honum öllum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-153:020 tóft 65°48.999N 18°36.887V

Tóftasvæði er um 40 m norður af lækjarfarvegi í drögum Lambhúsgils og um 400 m í norðvestur af núverandi íbúðarhúsi á Þverá. Á mjög þýfðu leiti með grösugum hliðarslakka í vesturs í átt til fjallsins.

Tóftirnar eru mjög ógreinilegar, signar og algrónar. Stórgrýti er víða innan um og er ekki ótvírætt að um mannvirki sé að ræða. Ef mannvirki eru á þessum stað þá eru tóftirnar sennilega fleiri en ein, sú nyrsta og austasta er um 60 m norðvestur af Hesthúsgerði 006, næsta þaðan 5 m í norðvestur og hin þriðja 20 m í sömu stefnu. Hugsanlega eru þetta lambhúsið sem Lambhúsgil er kennt við.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

EY-153:021 Gerði örnefni útihús


65°48.912N 18°36.771V

Um 180 m norðvestan við núverandi á Þverá var áður útihús í túni sem nefnt er Gerði. Beint austan við er malareyri í Skíðadalsá sem skiptir henni. Syðst á þessari eyri, um 50 m sunnan Gerðis, fellur lækur úr fjallinu í ána. Nedst í þýfðri og grösugri en jafnframt stórgrýttri brekku. Um 40 m norðvestar er kálgarður (008). Til austurs eru tún í órækt út að malarveginum. Grasi- og sóleyjum vaxið landsvæði ofan moldarbarðs.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

EY-153:022 gerði kálgarður

65°48.757N 18°36.546V



Kálgarður er um 70 m vestsuðvestur frá þeim stað sem Þverá fellur í Skíðadalsá og um 95 m austsuðaustur frá íbúðarhúsinu sem nú stendur á Þverá. 5 m vestur af reitnum er grjóttbarinn troðningur um 10 m austan við malarveginn sem liggur í gegnum dalinn. Austan reitsins er grýtt og mosavaxið land en austar fellur Þverá í Skíðadalsá. Sáðreitirinn er fremur stór (16 X 12 m). Hleðslur standa að mestu leyti en eru þó útlattar á kafla norðanmegin í vesturvegnum. Suðurveggurinn er einnig að mestu fallinn saman við grasþýfuna sunnan reitsins.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

4. Fornleifar og byggð í héraði

Sumarið 2000 var haldið áfram skráningu þar sem frá var horfið 1999. Svæðið sem skráð var náði frá Göngustaðakoti, inn vestanverðan Svarfaðardal að dalsbotni, út með Svarfaðardal austan megin við Stólinn og inn í Skíðadal vestanmegin, að Þverá.

Eftir Svarfaðardal og Skíðadal falla samnefndar ár. Í báðar árnar renna ótal minni ár úr þverdölum sem skera há fjöllin allt umhverfis dalina. Dalsárnar tvær sameinast svo undan Stólum, neðst við Tungusporðið.

Á því svæði sem skráð var sumarið 2000 er Svarfaðardalur nokkuð þröngur og undirlendi lítið. Við dalbotn Svarfaðardals greinist dalurinn enn í tvennt við Skjöld, sem er hæsta fjall sveitarinnar. Upp úr botnum þessara dalverpa eru Unadalsjökull og Deildartungujökull.

Ysti hluti Skíðadals var nokkuð víðari en Svarfaðardalur en undirlendi á skráningarsvæðinu var þó mest við tungusporð Stólsins.

Bæjarröðin í dölunum tveimur er einföld og eiga flestar jarðirnar landræmu frá á og upp á fjallsbrúnir. Hæð bæja yfir sjávarmáli hækkar eftir því sem lengra dregur inn í dalina. Í mestri hæð eru innstu bæirnir í Svarfaðardal (Þorsteinsstaðir, Atlastaðir og Kot) sem standa í 200-220 m.y.s. Lægst standa ystu bæirnir (Melar, Tungufell og Dæli) í 70-90 m.y.s.

Sumarið 2000 voru skráðir 325 minjastaðir á 15 jörðum. Byggð á skráningarsvæðinu var fremur þétt, með tæplega 22 minjastaði að meðaltali í jörð. Landrými var því ekki mikið og dreifing minjastaðanna laut sömu meginreglu og annars staðar í Eyjafirði: langflestir voru skamman spöl frá bæ og hafa orðið eyðileggingu að bráð.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólfögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld.

Alls voru skráðir 11 bæjarhólar og 7 bæjarstæði sumarið 2000. Ástand bæjarhólanna var mjög misjafnt, en flestir hafa þó eitthvað verið skemmdir. Engar leifar bæjarhóls er að finna á Þorsteinsstöðum, Sandá, Atlastöðum, Melum, Dæli og Þverá. Orsökina er án undantekninga rask vegna bygginga nýrri húsa. Sagnir eru uppi um staðsetningu eldri bæjarstæða á Sandá og Mástöðum en engin ummerki finnast heldur um þau.

Í mörgum tilfellum hafa framkvæmdir ekki eyðilagt bæjarhóla algjörlega og enn má sjá greinilega bæjarhóla í landi Göngustaða, Göngustaðakots, Kots og Tungufells, jafnvel þótt að steinsteypt íbúðarhús hafi síðar verið byggð á hólunum. Þar sem þessi íbúðarhús eru ekki með kjallara eru góðar líkur á að einhverjar mannvistarleifar reynist enn óhreyfðar undir yfirborði jarðar. Eldra bæjarstæði Atlastaða og Þorsteinsstaða, svo og bæjarstæði Skeiðs og Hæringsstaða eru öll að mestu leyti óhreyfð þó að leifar þeirra bæja sem þar stóðu séu horfnar. Best varðveitu bæjarhólarnir á skráningarsvæðinu eru á Búrfelli og á Ytri- og Syðri-Mástöðum en á öllum þessum stöðunum sést greinileg hólmyndun auk bæjartófta.

Auk þeirra bæjarstæða sem áður eru nefnd, var á skráningarsvæðinu fyrsta bæjarstæði Klaufaness sem nú er í landi Göngustaðakots. Þar gróf Kristján Eldjárn upp skála á 5. áratug 20. aldar. Skáli þessi er augljóslega dæmi um frumbýli sem ekki var notað meira en í nokkur ár, og hefur sú byggð vísast verið færð þangað sem Klaufabrekkur er nú en nesið tilheyrði jörðinni áður. Eftir uppgröftinn var svæðið hins vegar sléttað svo að engin merki sjást um skálann nú.

Á skráningarsvæðinu voru skráð 11 býli og hjáleigur. Engar leifar sjást nú um 6 þessara býla (Litlakot í landi Kots, Krákustaði og Tungukot Ytra í landi Tungufells og Geldingatóftir, Geitagerði og Elínargerði í landi Dælis). Leifar Litlabæjar í landi

Atlastaða sjást hins vegar enn. Sömu sögu er að segja um myndarlegar tóftir Kringlu og Syðra-Tungukots í landi Tungufells en báðir staðirnir eru friðlýstir. Tóftir Vífilsstaða í landi Kots eru einnig umfangsmiklar en þar gefur að líta á bæjartóft, nokkur útihús og túngarð.

Útihús og túngarðar

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Flest voru fjárhús, en hesthús voru á hverjum bæ og stóðu þau oftast nærri túngarði. Fjós voru gjarnan inni í bæ eða fast við hann og hlöður áfastar eða í námunda við húsinn.

Útihús eru stærsti minjaflokkurinn en þau eru sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest útihúsanna á skráningarsvæðinu eru nú horfin. Að þessu sinni voru skráð 120 útihús en einungis var hægt að greina leifar 40 þeirra. Ekki er vitað um nákvæmt hlutverk 61 húsanna en af þeim sjást leifar á um 19 stöðum. Annars voru flest húsanna fjárhús (eða 25) og sjást leifar 9 þeirra, þ.á.m. eru tvö hús sem standa enn undir þaki. Önnur hús voru horfin, annað hvort undir nýrri byggingar eða vegna sléttunar. Á svæðinu voru skráð 10 fjós en einungis mátti greina leifar eins þeirra. 13 hesthús voru skráð og sáust leifar um 8 þeirra enn á yfirborði jarðar. Eitt hesthúsanna stóð undir þaki. 5 lambhús voru skráð og voru greinilegar tóftir af 2 þeirra en annars voru útihúsin sem hér segir: 4 smiðjur, 2 geitakofar (annar greinilegur), 1 skemma og 1 mylla. Heimildir voru fyrir flestum útihúsum á Atlastöðum (13), Þorsteinsstöðum (12), Syðri-Mástöðum (12), Melum og Skeiði (10 hvort).

Túngarðshleðsla var mikilvægur hluti af túnabótum á 19. öld og hafa nokkrir túngarðar (alls 8) verið hlaðnir á skráningarsvæðinu. Ennþá sjást leifar myndarlegra túngarða á mislöngu svæði í landi Atlastaða, Skeiðs, Hæringsstaða, Mela, Tungufells, Dælis og Þverár en leifar túngarðs á Syðri-Mástöðum eru alveg horfnar. Einnig má sjá leifar túngarða í kringum nokkur býli s.s. Kringlu, Syðra-Tungukot og Vífilsstaði.

Tún og garðar

Ef einhverjum ástæðum hófst túnasléttun seinna í Svarfaðardal en víða annarsstaðar. Túngarðahleðsla og túnasléttun hefjast fyrir alvöru árið 1869 en fóru þó

hægt af stað fram undir 1880-90. Eftir það kom mikill kippur í sléttunarmál og voru á næstu árum sléttað mikið í dalnum (SD I, 23-33).

Engin gömul tún eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu nema ef vera skyldi túnin í kringum Vífilsstaði, Kringlu og Syðra-Tungukot. Kál- og kartöflurækt hefur hins vegar verið nokkuð blómleg á svæðinu. Nokkrar sveiflur virðast alla tíð hafa verið í kálrækt Svarfdælinga. Heimildir greina að seint á 18. öld hafi verið 35 matjurtagarðar í Svarfaðardal en um aldamótin 1800 virðist aðeins 1 garður enn í notkun. Litlar heimildir eru um kálrækt fram til 1850 en frá þeim tíma má sjá að kálrækt hefur aftur verið orðin blómleg á svæðinu. (SD III, 11-23). Nokkur merki þessarar kálræktar eru enn greinileg. Á svæðinu voru skráðir 15 kálgarðar og eru merki þeirra, með einni undantekningu greinileg. Garðarnir dreifast nokkuð jafnt yfir svæðið, eru á flestum bæjum en aldrei fleiri en 2 á hverjum bæ.

Merki Sveitalangs sáust áfram á köflum innst í Svarfaðardal vestanverðum. Er talið að garðurinn hafi legið framan úr Svarfaðardalsbotni og eftir endilöngum dalnum, a.m.k. að Holtsá og e.t.v. lengra til norðurs.

Samtals voru skráðir 5 landamerkjagarðar. Merkjagarðar milli Þorsteinsstaða og Sandár, Þorsteinsstaða og Atlastaða, Litlakots og Vífilsstaða (í landi Kots), og Dælis og Tungufells sjást enn greinilega og er sá síðastnefndi þeirra lang-umfangsmestur. Landamerkjagarður milli Ytri- og Syðri Mástaða er hins vegar horfinn af yfirborði jarðar.

Auk ofangreindra garða er leifar tveggja mikilla garða að finna í landi Tungufells. Annar þeirra (Þvergarður) liggur þvert yfir tunguna og er greinilegur á um 800 m parti. Hann er fornlegur mjög og 4 m á breidd. Garðsins er getið í jarðkaupabréfi frá 1409. Hinn garðurinn (Skessugarður) er enn lengri eða um 2 km á lengd og liggur eftir tungunni endilangri. Elstu rituðu heimildir um þennan garð er að finna í Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar frá 1839 en líkur eru á að garðurinn sé þó töluvert eldri enda nú um 3 m á breidd.

Minni garðleifar fundust í landi Kots og Skeiðs.

Engjar og áveitur

Á skráningarsvæðinu 2000 var helstu minjar um engjaheyskap að finna á litlum engjasvæðum ofan við bæina. Leifar 2 heystæða sáust en heimildir voru fyrir 3 öðrum heystæðum sem ekki fundust merki um.

Engar minjar um áveitur fundust á skráningarsvæðinu þó ólíklegt sé annað en að þær hafi verið víða.

Vatnsból

Hvergi var örðugt um vatnsból á skráningarsvæðinu enda virðast bæjarstæði oft hafa verið valin með nálægð við gott vatnsból í huga. Bæirnir standa því flestir nálægt ám eða smálækjum. Aðeins var skráðir einn brunnur, í landi Hæringsstaða.

Svarðargrafir

Mótak var á mörgum bæjum á skráningarsvæðinu en þó ekki öllum, og munu þeir sem ekki höfðu mótak hafa elt taði. Vitað er um 4 mógrafir í landi Atlastaða (3 greinilegar), í landi Þorsteinsstaða eru tvær (aðrar enn merkjanlegar) og eru sömuleiðis 2 mógrafir í landi Tungufells en þær eru báðar greinanlegar. Einar mógrafir eru svo í landi Göngustaðakots (horfnar), Sandár (greinilegar), Skeiðs (sjást ekki), Hæringsstaða (sjást ekki), Búrfells (sjást ekki), Mela (sjást ekki), Ytri-Mástaða (sjást ekki), Syðri-Mástaða (sjást) og Þverá (sjást).

Heimildir fyrir torfristu voru á 5 stöðum á skráningarsvæðinu (Göngustöðum, Koti, Melum, Hæringsstöðum og Þverá).

Kvíar, réttir og stekkir

Sumarið 2000 voru skráðar 11 kvíar í misjöfnu ástandi. Flestar kvíanna voru horfnar af yfirborði jarðar (í landi Göngustaða, Skeiðs, Mela, Dælis, Syðri-Mástaða og Þverár og 2 kvíar í landi Þorsteinsstaða). Merki kvía eru hins vegar greinileg í námunda við túnjaðar í landi Kots, Hæringsstaða og Búrfells.

Sex réttir voru skráðar. Flestar réttanna eru í raun minni háttar og líkjast helst kvíum að umfangi. Undantekning frá þessu er réttin í landi Skeiðs en hún er um 30 X 25 m að stærð og skiptist í 7 dilka. Af minni réttunum er ein alveg horfin af yfirborði jarðar (í Dælislandi), 2 að mestu horfnar (á Atlastöðum og í Tungufelli) en á Hæringsstöðum og Melum sjást enn greinilegar leifar réttanna.

Að auki voru á skráningarsvæðinu skráðar 3 Uslaréttir. Þær voru í landi Hæringsstaða, Mela og Ytri-Mástaða en nú eru næstum allar leifar réttanna horfnar. Enn má þó sjá hluta Uslaréttar í landi Mela. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar réttir hafa

gegnt en helst hallast menn að þeirri skýringu að þær hafi verið notaðar sem e.k. náttugar, til að koma í veg fyrir að féð ylli “usla” í túnnum um nætur (sjá t.d. Kristján Eldjárn. 1980, 106-110).

Stekkir voru við langflesta bæina og samtals voru 23 slíkir skráðir. Ástand stekkjia var yfirleitt nokkuð gott og sáust greinilegar leifar 19 þeirra. Stekkirnir eru gjarnan í um 300-600 m fjarlægð frá bænum og oftast eru fremur umfangslitlar tóftir. Þeir eru oft tvískiptir og gjarnan gengur stutt garðlag út frá þeim. Á fjórum bæjum fundust leifar tveggja stekkjartófta (í landi Skeið, Hæringsstaða, Mela og Syðri-Mástaða) en mestu stekkjjarleifarnar er að finna í landi Atlastaða (Ey-143:021), Skeiðs (Ey-145:009) og Tungufells (Ey-149:017).

Beitarhús og sel

Aðeins var skráð eitt beitarhús skráð sumarið 2000 (í landi Kots) og engar leifar sjást um húsið nú. Ekki er ólíklegt að beitarhúsin hafi í raun verið fleiri því algengt var að beitarhús væru á seljum.

Á skráningarsvæðinu eru 12 sel. Selin voru yfirleitt í afdölum eða hátt upp í hlíðinni fyrir ofan bæina eins og venja er. Leifar seljanna samanstóðu af nokkrum tóftum eða einni stórrí tóft.

Mestu seltóftirnar eru í landi Atlastaða (Ey-143:037) og Skeiðs en myndarlegar tóftir er einnig að finna á tveimur öðrum stöðum í landi Atlastaða (Ey-143:026 og Ey-143:027) og í Koti.

Gerði

Gerðis-örnefni er algengt að finna í túnnum við bæi. Oftast eru það aðskildir túnskæklar eða túnjaðrar sem bera slík nöfn og undantekningarlítið hafa staðið á þeim fjárhús á seinni öldum. Af þessari tegund voru skráðar 24 fornleifar sem hafa stofninn – gerði í nafni sínu en ekki er alltaf skýr vitneskja um hvaða mannvistarleifar hafa verið þar. Lang-ofast hafi það þó verið fjárhús eða hesthús. Nær allar þessara leifa hafa verið máðar af yfirborði jarðar (nema í landi Atlastaða, Hæringsstaða, Búrfells og Dælis).

Ólíkt sumrinu á undan voru skráð fá býli með –gerðis endingu (Einarsgerði (Kotslandi), Geitagerði (Dæli) og Elínargerði (Dæli). Slíkir bæir virðast oftast hafa

byggst á 16. öld eða síðar, en þar virðist alltaf um að ræða gömul fjárhússtæði með túni í kring sem breytt var í sjálfstæð býli.

Kuml og Kirkjugarðar

Á skráningarsvæðinu var skráð eitt kuml, einn beinafundur og ein sögn um legstað. Allir þessir staðir eru í landi Dælis. Munnmæli segja að í fyrndinni hafi maður nokkur látið heygja sig í hóli í Dælislandi ásamt allmiklu af peningum. Bóndi sá, sem bjó eftir hann í Dæli, á svo að hafa grafið í hólinn þrátt fyrir viðvaranir þar til honum var í draumi hótað skyndilegum dauða, ef dýpra yrði grafið. Missti bóndinn þá kjarkinn.

Ápreifanlegri leifar fundust um hina legstaðina tvo í landi Dælis. Annars vegar fundust mannabein við vegagerð nálægt bæjarhúsunum og hafa þau helst verið tengd mögulegu bænhúsi í Dæli. Ekki eru ritaðar heimildir fyrir bænhúsi á jörðinni en staðsetning beinanna þykir gefa vísbendingu um það.

Leifar kumls fundust nokkuð lengra frá bæjarhúsunum á Dæli. Kumlsins varð fyrst vart þegar búið var að ýta út úr gröfnni en í ruðningnum fundust bein manns og hests, auk leifa af beinprjónum. Um nákvæma legskipan varð lítið sagt.

Utan við vísbendingu um bænhús á Dæli voru heimildir fyrir þremur bænhúsum á skráningarsvæðinu, á Skeiði, í Tungufelli og á Þverá. Nákvæm staðsetning þessara bænhúsa er óþekkt og engar leifar sjást um þau nú. Sömu sögur er einnig að segja um einu kirkjuna sem heimildir greina frá á skráningarsvæðinu. Öll ummerki um hana eru nú afmáð af yfirborði jarðar enda stóð hún í landi Mástaða þar sem miklar skriður féllu áður en jörðinni var skipt upp í Ytri- og Syðri-Mástaði. Ekki hafa komið upp bein á kirkjustöðunum svo vitað sé.

Leiðir

Nokkrar leiðir voru skráðar sumarið 1999. Sumar eru minni slóðar milli staða innan landareignar eða milli bæja og nágannajarða, en einnig voru skráðar lengri leiðir. Merki um óljósa slóða sem lágu um sveitina má greina í landi Göngustaðakots og Sandár og sömuleiðis sjást merki um Koppagötur sem var hreppavegur, ofan við Dæli.

Auk þessa vilja margir meina að aðalhlutverk Sveitarlangs, sem enn sést víða um sveit, hafi verið samgöngumannvirki.

Nokkrar leiðir, milli Svarfaðardals og nágrennasveita, voru skráðar. Þær lágu úr botni Svarfaðaradals, Sandárdals og Skallárdals, um sýslumörk og yfir í Skagafjörð. Litlar leifar sjást nú um þessar leiðir þó slóða megi enn greina á stöku stað. Mestu leifarnar er að finna um leiðina upp úr Svarfaðardalsbotni, yfir s.k. Heljardalsheiði. Þar er nú nýlegur vegslóði en leiðin er að hluta vörðuð og nokkuð heillegt sæluhús er einnig á heiðinni. Ber þetta vitni um umferð fyrri tíma.

5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Eins og annars staðar í Eyjafjarðarsveit hafa flestar fornminjar á því svæði sem skráð var árið 2000 horfið undir tún og byggingar. Það eru því þær minjar sem eru í mestri fjarlægð frá bæ, eins og stekkir og sel sem helst eru eftir. Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa. Besta leiðin til að varðveita minjastaði er að kynna þá og gera aðgengilega almenningi.

Á skráningarsvæðinu árið 2000 voru fjórar friðlýstar fornleifar. Þetta eru víkingaaldarmenjar í landi Göngustaðakots, tvennar býlistóftir í landi Tungufells og akurgirðingar í landi Mástaða. Helmingur þessara friðlýstu fornleifa er nú horfinn. Kristján Eldjárn gróf upp víkingaaldarskála í landi Göngustaðakots á 5. áratug aldarinnar en eftir að uppgreftri lauk var sléttað yfir allt svæðið. Einnig hefur verið sléttað yfir öll ummerki um akurgirðingarnar í landi Mástaða. Leifar býlistófta Kringlu og Syðri-Tungukots í landi Tungufells eru hins vegar óraskaðar. Þessar leifar voru friðaðar á 8. áratugnum og á báðum stöðum eru friðlýsingarmerki. Báðar þessara tófta hafa verndunar- kynningar-, og rannsóknargildi.

Aðrar fornleifar á skráningarsvæðinu sem hafa verndunar-, rannsóknar og eða kynningargildi eru:

1. **Meintar bæjarleifar í landi Þorsteinsstaða.** Í hlíðinni ofan við íbúðarhúsið á Þorsteinsstöðum gefur að líta forvitnilega tóft. Engar heimildir eru um hana en heimamenn vilja meina að þetta sé eldra bæjarstaði Þorsteinsstaða. Á þessum stað gætu leynst íveruhús frá fyrri öldum. Kristján Eldjárn skoðaði tóftina lítilliga en aldrei hefur neitt

birist á prenti um staðinn. Hann hefur rannsóknar- og varðveislugildi.

2. **Stekkjjarleifar í landi Atlastaða.** Stekkir voru mikilvægur hluti búskaparháttanna fyrri tíma. Á skráningarsvæðinu eru fjöldamargar myndarlegar stekkjjarleifar og er full ástæða til að huga sérsaklega að einhverjum þeirra með kynningu í huga. Stekkjarleifar í landi Atlastaða (Ey-143:021 eða 143:022) gætu hentað ágætlega til kynningar vegna ástands, stærðar og staðsetningar.
3. **Urðasel í landi Atlastaða (Ey-143:026)** er fornlegt og skemmtilega staðsett. Það hefur rannsóknar- og kynningargildi.
4. **Sel í landi Atlastaða (Ey-143:037).** Miklar leifar um seljabúskap eru að finna á Skallárdal, nokkuð fyrir innan Atlastaði. Leifarnar hafa rannsóknar- og varðveislugildi.
5. **Sæluhús á Heljardalsheiði (Ey-143:040)** fannst fyrir nokkrum árum. Húsið er nálægt hreppamörkum og hefur verið notað af ferðalöngum á fyrri tímum til skjóls og áningar. Húsið er enn nokkuð stæðilegt og hefur varðveislugildi og kynningargildi.
6. **Vífilsstaðir (Ey-144:007)** í landi Kots hafa verið í eyði síðan á fyrri hluta 19. aldar. Þar gefur að líta heilstæðar bæjartóftir, útihús, túngarð og gerði. Svæðið í heild hefur varðveislugildi og kynningargildi.
7. **Skeiðsrétt (Ey-145:010)** er ein fáum uppistandandi grjótréttum í Svarfaðardal. Flestar stærri réttanna hafa í síðari tíð verið jafnaðar við jörðu og því hefur Skeiðsrétt nokkuð varðveislugildi.
8. **Sel (145:017) og smalakofi (145:018) í landi Skeiðs.** Bíslóði liggur inn á Vatnsdal að selinu sem er skemmtilega staðsett. Nokkrar minjar sjást um selið en einnig gefur að líta á nýlegar leifar frá því kvikmyndin Land og synir var tekin upp á þessum slóðum. Ef gengið er stuttan spöl inn dalinn er komið að smalakofanum sem er haglega hlaðinn á hól við vatnið. Um stutta og skemmtilega gönguleið er að ræða og því hafa staðirnir nokkuð kynningargildi.
9. **Bæjar- og fjóstóft (Ey-147:001 og :019)** standa enn uppi í landi Búrfells þar sem bæjarstaðið var síðar fært innar. Tóftirnar hafa

varðveislugildi enda fjóstóftin t.d. eina staka fjóstóftin sem enn stendur á skráningarsvæðinu.

- 10. Garðar á Tungufellshálsi (149:019, 149:021 og 150:023)** eru mikil mannvirki og forn. Litlar rannsóknir hafa verið gerðar á gördum sem þessum en greinilegar og áberandi leifar garðanna sjást enn. Þeir hafa varðveislu-, rannsóknar og kynningargildi.
- 11. Bæjar- og túnstæði á Mástöðum.** Upphaflega var bærinn þar sem nú eru merki milli Ytri- og Syðri-Mástaða en skriður grönduðu bænum. Á þessum stað var auk bæjarins kirkja og útihús. Eftir skriðuföllin var bænum skipt upp í Ytri- og Syðri-Mástaði og sjást bæjarstæði beggja bæja, ásamt kálgörðum, útihúsum og sundpolli á þessum slóðum. Mjög fá bæjarstæði hafa varðveist á skráningarsvæðinu og tvímælaust er ástæða til að vernda minjaheildina á Mástöðum þar sem hún hefur kynningargildi.

Heimildaskrá

Heimildamenn:

Göngustaðakot - Sigríður Sóley Sigtryggsdóttir 1.10.1950. Foreldrar hennar Sigtryggur Jóhannesson og Anna Rósa Björnsdóttir sem fæddist í Göngustaðakoti 1914 voru einnig heimildamenn.

Sandá - Sigtryggur Jóhannesson 25.10.1909

Þorsteinsstaðir - Gunnlaugur Tryggvason 19.3.1926

Atlastaðir - Lena Gunnlaugsdóttir 22.11.1935

Kot - Magnús Þorsteinn Jónasson 26.6.1951

Skeið - Þuríður Kristín Sigurvinsdóttir 21.10.1945

Hæringsstaðir – Gunnar Jónsson 26.10.1924

Búrfell – Sveinfríður Jónasdóttir 9.5.1936

Melar – Svana Friðbjörg Halldórsdóttir 13.12.1948

Dæli, Ytri-og Syðri-Mástaðir – Gunnar Rögnvaldsson 16.9.1915

Þverá – Vignir Sveinsson 1.10.1950

Ritaðar heimildir:

AÍ: *Alþingisbækur Íslendinga I-XVII*, Reykjavík 1912-1990.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, fyrri bindi, Akureyri. 1993.

Bruun, Daniel (1928): *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*, [2 udg.], Kbh.

Brynjúlfur Jónsson 1901: “Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1900”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1901*, 19.

Bsk: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi I-II*, Kaupmannahöfn 1858-1878.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík 1983.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, Ágúst Ó. Georgsson tók saman, Reykjavík 1990.

ÍF: *Íslensk fornrit I-*, Reykjavík 1933-.

Jarðabréf: Gunnar F. Guðmundsson: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir*, Reykjavík. 1993.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X. Eyjafjarðarsýsla, Kaupmannahöfn 1943.

KE: Kristján Eldjárn 1943: “Skálarústin í Klaufanesi og nokkrar aðrar svarfdælskar fornleifar.” *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1941-2*, 17-33.

KE: Kristján Eldjárn 1978: “Fornmannskuml í Dæli í Skíðadal”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags, 1978*, 97.

KE: Kristján Eldjárn 1980: “Uslaréttir”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1980*, 101-110.

LE I: Steindór Steindórsson: *Lýsing Eyjafjarðar*. Fyrri hluti, (Eyfirðingarit I), Akureyri 1949.

SD: *Saga Dalvíkur I-IV*. Kristmundur Bjarnason. 1978. Akureyri.

SSE: *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854*, (Eyfirzk fræði II), Akureyri 1972.

Sturl: *Sturlungasaga I-II*, Reykjavík 1946.

Þorsteinn Þorsteinsson. 1975. “Skýringar um örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal – Greinagerð og athugasemdir eftir Kristján Eldjárn”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1975*, 107-138.

Óprentaðar heimildir:

Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu

Örnefnaskrá Svarfaðardals, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman.

Forneifaskrá Þórarins Valdimarssonar 7.6. 1985 nr. 1

Örnefni í Göngustaðakotslandi í Svarfaðardal, skrifað 1944 eftir fyrirögn Björns Björnssonar

Ódagsettar leiðréttingar við örnefnalýsingu Skeiðs frá Sigurjóni Sigtryggssyni

Sérstök örnefnaskrá Hæringsstaða eftir Sigurjón Sigtryggsson, ódagsett

Ódagsettar viðbætur Sigurjóns Sigtryggssonar við örnefnalýsingu Hæringsstaða

Fornleifaskrá Árna M. Rögnvaldssonar á Akureyri, 17.5.1985

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af tünnum 1917. Svarfaðardalur. Þjóðskjalasafn Íslands.